**THEÓDÓRA KOLBRÚN JÓNSDÓTTIR**

*Hjólar, syndir, borðar hollt og sefur vel*

• heilsa • sumar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






**LH HESTAR**

*Landsmót hestamanna fjölmennast til þessa*

Sérblað frá Landssambandi hestamannafélaga

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






**BRAGI VALDIMAR SKÚLASON**

*Vesturheimsk draumaferð Baggalúts*

Heimsækja Íslendingabyggðir í Gimli

FÓLK 30





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. júlí 2008 — 198. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Þróun tónlistar

Anna Hildur Hildibrandsdóttir skipuleggur ráðstefnu þar sem þróun tónlistarheimsins verður rædd.

FÓLK 24

### Hafskip var ævintýri

Höfundar Hafskipsævintýrsins koma sárir frá því en uppréttir og með fullri reisn," segir Jónína Michaelsdóttir.

UMRÆÐAN 16

### Stolt móðir



Dragkóngurinn og Idolsöngkonan Ylfa Lind Gylfadóttir eignaðist son á dögunum.

FÓLK 30



### Tvíburarnir taka við ÍA

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir stýra liði ÍA út tímabilið eftir að Guðjón Þórðarson var rekinn í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**STYTTIR UPP** Í dag verða vestlægar áttir, 5-10 m/s. Léttskýjað suðaustan og austan til eftir hádegi annars skúrir en styttir víðast upp eftir hádegi. Hiti 10-22 stig, hlýjast á austanverðu landinu.

VEÐUR 4

# Segir Suðurland ganga fyrir

**Iðnaðarráðherra segir Landsvirkjun nota vinnubrögð ráðuneytisins sem skálkaskjól til að afsaka eigin seinagang. Hann segir enn fremur ástæðu fyrir Húsvíkinga að óttast þar sem Landsvirkjun láti meiri hagsmuni þeirra víkja fyrir minni hagsmunum þéttbýlisins. Forstjóri Landsvirkjunar segir það af og frá.**

**STÓRIÐJA** „Það er meiri háttar óskammfeilni af hálfu Landsvirkjunar að ætla að nota þetta álit iðnaðarráðuneytisins um umhverfismat á Gjástykki sem skálkaskjól til að afsaka eigin seinagang til þess að afla orku fyrir stóriðju á Bakka," segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði í Fréttablaðinu á laugardag að seinagangur hins opinbera við að afgreiða erindi fyrirtækisins þess efnis hvort borun á rannsóknarholum í Gjástykki yrði að fara í umhverfismat hefði aukið á áhættu verkefnisins. Erindið var sent í apríl en iðnaðarráðuneytið veitti Skipulagsstofnun umsögn sína 8. þessa mánaðar og í síðustu viku upplýsti stofnunin að borunin væri umhverfismatsskyld.

„Landsvirkjun hefur sjálf sagt að aðeins 30 megavött af þeim 400 sem þarf til álversins á Bakka eigi að koma frá Gjástykki. Og sveitarfélögin sem málið varðar hafa þá skýru stefnu að Gjástykki eigi að vera aftast í röðinni og að það eigi ekki að virkja þar ef næg orka fæst annars staðar. Svo að spurningin um það hvort borað verði í Gjástykki á þessu ári eða því næsta skiptir ekki nokkru máli þegar á heildina er litið.

Staðreyndin er hins vegar sú að það er Landsvirkjun til vansa að hún hefur látið Húsvíkinga sitja á hakanum meðan hún hefur verið upptekin af því að afla orku til miklu umdeildari stóriðju sunnanlands. Og það er mín skoðun að þar hafi minni hagsmunir þéttbýlisins verið teknir fram fyrir meiri hagsmuni Húsvíkinga. Fyrir hönd Húsvíkinga þá hefði ég áhyggjur af því hvernig þeir ætla að finna nægilega orku fyrir álverið á Bakka meðan áherslurnar eru svona."

Friðrik Sophusson segir það af og frá að Landsvirkjun sinni verkefnunum sunnanlands frekar en þeim fyrir norðan. „Það sést best á því að við höfum eytt tæpum fjórum milljörðum til undirbúnings jarðhitavirkjana á Norðurlandi en rúmlega tveimur milljörðum vegna undirbúnings nýrra virkjana í Þjórsá."

Össur játar að vissulega hafi afgreiðsla erindis Landsvirkjunar tekið langan tíma. „En málið var flókið og upplýsingar sem ég og ráðuneytið þurftum til að komast að málefnalegri niðurstöðu var ekki að finna í tilkynningu Landsvirkjunar." - jse



**MINJAGRIPIR UM MIKIÐ AFREK** Starfsfólk á Ylströndinni færir Benedikt Hjartarsyni sundkappa ljósmyndir sem teknar voru í vetur þegar hann æfði sjósund á köldum degi. Hitastig sjávar mældist -1,9 stig daginn þann. Afhending myndanna fór fram síðdegis í gær þegar blásið var til veislu í tilefni af því að Benedikt synti nýverið fyrstur Íslendinga yfir Ermarsund. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Móttaka í Nauthólsvík:

## Benedikt sundhetju fagnað

**FÓLK** Benedikt Hjartarson sundgarpur var heiðraður í Nauthólsvík síðdegis í gær að viðstöddu fjölmenni. Starfsfólk Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur á Ylströndinni í Nauthólsvík og Siglingaklúbburinn Siglunes stóð fyrir hátíðarhöldunum. Boðið var upp á kaffi og með því.

Benedikt vann það einstæða afrek að synda fyrstur Íslendinga yfir Ermarsund í síðustu viku. Vegalengdin sem Benedikt synti var 61 kílómetri og tók sundið alls sextán klukkustundir. Sundið tók mjög á enda straumar svo miklir að Benedikt bar af leið á tímabili. Ástæðan var sú að Benedikt missti af höfðanum þar sem sundfólk kemur yfirleitt í land. Þurfti hann því að synda tveggja kílómetra leið áður en hann náði landi í lítilli vík skammt frá.

Starfsfólkið í Nauthólsvík hefur fylgst með stífum æfingum Benedikts en hann æfði síðusta árið allt að sex daga í viku og stundum þrisvar sinnum á dag. - hþj






Búist er við tilkynningu frá Morten Lund, aðaleiganda Nyhedsavisen í dag:

# Nýir fjárfestar að Nyhedsavisen

**FJÖLMIÐLAR** Tilkynnt verður um aðkomu nýrra fjárfesta að Nyhedsavisen í dag, samkvæmt heimildum Markaðarins. Morten Lund, aðaleigandi blaðsins, hefur undanfarið leitað leiða til að fá nýtt fjármagn inn í reksturinn. Meðal þeirra fjárfesta sem nefndir hafa verið eru Lars Seier Christiansen, einn af stjórnendum Saxo Bank og fjárfestingarsjóðirnir 3i og General Atlantic.




**NYHEDSAVISEN** Fjárfesting Stoða Invest í Nyhedsavisen nemur um 450 milljónum danskra króna. FRÉTTBLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS

Mikið var fjallað um Nyhedsavisen í dönskum fjölmiðlum í gær og staða blaðsins máluð svörtum litum. Nú virðist lausn hins vegar í sjónmáli. Lars Lindstrøm, fjármálastjóri Nyhedsavisen, sagði í dönskum fjölmiðlum í gær að samkomulag hefði náðst milli eigenda blaðsins og því muni útgáfa þess halda áfram eftir sumarfrí.

Í samtali við Markaðinn vildi Morten Lund ekki tjá sig um málið en sagði þó að yfirlýsing frá honum væri væntanleg. Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Stoða Invest, hafði heldur ekkert um málið að segja þegar haft var samband við hana.

Danskar eftirlitsstofnanir höfðu hótað að leysa útgáfuna upp ef Nyhedsavisen skilaði ekki ársreikningi fyrir miðnætti í gær. Að því er fram kemur í Børsen ætla fjórir stjórnarmenn að segja af sér ef ársreikningi verði ekki skilað á tilsettum tíma. - ghh




**SPURNING DAGSINS**



*Arnar, er gott vaxtastig í þessu hjá Lárusi?*

Við leitum hæstu vaxtanna, enda eru þeir langbestir í ræktinni.

Arnar Grant líkamsræktarfrömuður er vinsæll einkaþjálfari og einn þeirra sem púla hjá honum er Lárus Welding, forstjóri Glitnis.

Stjórn og stjórnarandstaða í Simbabve hefja viðræður um myndun þjóðstjórnar:

# Ræða myndun þjóðstjórnar

**SIMBABVE, AP** Robert Mugabe Simbabveforseti og Morgan Tsvangiraí, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Simbabve, skrifuðu í gær undir viljayfirlýsingu um myndun þjóðstjórnar í Simbabve.

Viðræður eiga að hefjast á fimmtudag í Pretoriu, höfuðborg Suður-Afríku, og stefnt er á niðurstöðu innan tveggja vikna.

Yfirlýsingin kveður á um endalok pólitísks ofbeldis, nýja stjórnarskrá og endurreisn efnahags Simbabve.

Hún markar tímamót eftir mikil átök stjórnar og stjórnarandstöðu í tengslum við nýlegar forsetakosningar. Tsvangiraí dró sig úr baráttunni um forsetaembættið, að sögn vegna ofbeldis stjórnarliða gegn stjórnarandstöðunni.

Ekki er þó fjallað um skiptingu valds innan nýrrar þjóðstjórnar í yfirlýsingunni. Stjórnarandstæðingar viðurkenna ekki réttmæti Mugabes sem forseta.

Efnahagur Simbabve er í molum eftir mikla óstjórn stjórnar Mugabes. Seðlabanki ríkisins gaf í gær út nýjan hundrað milljarða Simbabvedollara seðil, en verðbólga í landinu er 2,2 milljón prósent samkvæmt opinberum tölum.

- gh



**ROBERT MUGABE OG MORGAN TSVANGIRAÍ** Stjórnmálamennirnir hittust í fyrsta sinn í tíu ár í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Hlaut opið beinbrot á fæti:

# Fimm ára piltur varð fyrir bíl

**AKUREYRI** Fimm ára drengur hlaut opið beinbrot á fæti þegar hann varð fyrir jeppa á Akureyri um miðjan dag í gær. Hann gekkst undir aðgerð og er á batavegi.

Drengurinn varð fyrir jeppanum þegar hann hljóp í aksturslínu á bílastæði Bónuss við Langholt. Hann var fluttur með opið beinbrot á fæti, auk skráma um allan líkamann á Sjúkrahúsið á Akureyri. Þar gekkst hann sem fyrr segir undir aðgerð og síðdegis í gær, og mun hún hafa tekist vel. Að sögn læknis stóð til að drengurinn yrði á gjörgæsludeild í nótt, og yrði fluttur á barnadeild í dag.

- kg

Heimsmarkaðsverð á smjöri:

# Nærri tvöfalt hærra en 2006

**LANDBÚNAÐUR Heimsmarkaðsverð á smjöri er tæpar 310 krónur á kílóið en til samanburðar þá var verðið fyrir tveimur árum 129,4 krónur á kílóið. Þetta kemur fram á vefnum naut.is.**

**Kílóverð á undanrennudufti er nú 278,4 krónur en fyrir tveimur árum kostaði það 156,8 krónur. Hins vegar náði verðið hámarki í fyrrasumar en þá var kílóið á 399,9 krónur.**

**Langmest af þeirri mjólk sem framleidd er umfram innanlandsþarfir er flutt út sem smjör og undanrennuduft. Skyr er vaxandi í útflutningi en nú fæst mun betra verð fyrir það en undanrennuduftið.**

- hþj

Obama heimsækir Írak:

# Ræddu um afturköllun herliðs

**BAGDAD** Barack Obama, forsetaframbjóðandi demókrata og Nuri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, ræddu tímasetningu á afturköllun herliðs Bandaríkjamanna frá Írak á fundi í Bagdad í gær.



**BARACK OBAMA**

Barack Obama hefur heitið því að afturkalla herlið frá Írak innan sextán mánaða frá því hann verður svarinn í embætti Bandaríkjaforseta, ef svo verður. Íraski forsætisráðherrann sagði eftir fundinn í gær að viðræður hefðu verið þarfar og uppbyggilegar, en ekkert hefði verið ákveðið um tímasetningar.

- kg

# Læknar frá A-Evrópu með síðri menntun

**Læknar utan EES þurfa að standast próf hjá HÍ til þess að fá íslenskt lækningaleyfi. Skólar frá Austur-Evrópu hafa ekki reynst sérlega góðir og það fólk hefur ekki sömu þekkingu og íslenskir læknar, segir prófessor í læknisfræði.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ef læknir kemur frá svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins, EES, til að stunda lækningar á Íslandi þarf hann að gangast undir próf hjá læknadeild Háskóla Íslands til að fá íslenskt lækningaleyfi. Prófið er á íslensku en leyfilegt er að svara á ensku.

Í Fréttablaðinu á dögunum var sagt frá því að læknir, með próf frá háskóla í Austur-Evrópu fékk ekki íslenskt lækningaleyfi og hefði þurft að hefja læknanám sitt upp á nýtt ef til þess hefði komið. Í staðinn hóf hann nám í sjúkraliðun hjá Háskóla Íslands.



**REYNIR TÓMAS GEIRSSON**

„Vandinn er að þetta fólk hefur ekki sambærilega þekkingu við íslenska lækna, því margir læknaskólar í Austur-Evrópu hafa ekki reynst sérlega góðir. Margir hafa fallið í læknaprófunum okkar sem koma þaðan,“ segir Reynir Tómas Geirsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands. Hann var deildarforseti læknadeildarinnar þegar reglurnar voru settar og var einn þeirra sem mótaði reglurnar sem gilda í dag.

Að sögn Reynis fá erlendir læknar að starfa á heilbrigðisstofnunum á ábyrgð yfirmanna í allt að eitt ár áður en þeir taka prófið til þess að geta undirbúið sig. „Það er meira en gert er í nágrannalöndunum, því þar fá erlendir læknar engan sérstakan undirbúning,“ segir Reynir og segir Ísland tiltölulega frjálslynt í þessum efnum, miðað við nágrannalöndin.

Prófað er í helstu sérgreinum læknisfræðinnar. Margir falla og einkum þeir sem koma frá læknaskólum sem veita ekki nógu góða menntun segir Reynir en að hans sögn eru þeir læknar mikið til frá Austur-Evrópu.

„Þetta eru mjög sanngjörn próf sem við leggjum fyrir og þau prófa viðlíka þekkingu og þarf að hafa til þess að útskrifast úr læknadeild Háskóla Íslands,“ segir Reynir.

Ekki er sjálfgefið að erlendir læknar fái vinnu þó að þeir hafi tilskilin leyfi að sögn Reynis því þeir þurfa að fara í gegnum ráðningarferli eins og aðrir. Íslenskir læknar sem læra utan Evrópska efnahagssvæðisins þurfa einnig að taka þetta tiltekna próf til þess að fá íslenskt lækningaleyfi. Erlendir læknar sem fá menntun innan EES þurfa ekki að taka prófið.

vidirp@frettabladid.is



**LANDSPÍTALINN** Læknar sem fá menntun sína utan EES þurfa að taka próf hjá læknadeild HÍ til þess að geta fengið íslenskt lækningaleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SORG** Ungmenni syrgja átján ára vin sem myrtur var með hnífi. NORDICPHOTOS/AFP

Æ fleiri ungmenni bera hnífa:

# Áhyggjur af hnífamorðum

**BRETLAND, AP Tólf manns voru myrt með hnífum á Bretlandi í síðustu viku, þar af sex unglingar. Bretar hafa miklar áhyggjur af vaxandi tíðni hnífaglæpa. Í fyrra voru 26 unglingar myrtir með hnífum í London, samanborið við færri en tuttugu árið áður. Nítján hafa þegar verið myrtir í ár.**

**Hnífar eru notaðir til að fremja tvo þriðju hluta manndrápa í Bretlandi. Byssueign er fátíð.**

**Svo virðist sem æ fleiri unglingar beri hnífa sér til verndar og fyrirtæki sem framleiða hnífheld vesti kveðast aldrei hafa selt meira en um þessar mundir.**

- gh

Golfvöllurinn á Strönd:

# Unglingar játa skemmdarverk

**LÖGREGLUMÁL** Fimm drengir á aldrinum fjórtán til sautján ára hafa játað á sig mikil skemmdarverk á golfvellinum á Strönd, mitt á milli Hellu og Hvolsvallar, í síðustu viku.

Drengirnir tóku golfbíla ófrjálsri hendi, spóluðu á grasinu og óku á ljósastaura og klúbbhúsið. Rannsókn málsins er ekki lokið af hálfu lögreglu.

- kg




Áhöfn Árbaks RE 205 þurfti að leggja skipi og gaf Samhjálp matvöru skipsins:

# Sjómenn styðja við Samhjálp

**FÓLK** Áhöfn veiðiskipsins Árbaks RE 205 gaf kaffistofu Samhjálpar matvöru skipsins eftir að leggja þurfti því í höfn.

„Þetta eru mjög góðir menn hérna á áhöfninni á RE. Við ákváðum í sameiningu [að gefa Samhjálp matvöruna]. Við ætluðum að skipta þessu á milli manna en ákváðum að gefa þetta þeim sem meira þurfa en við,“ segir Aron Víðisson, netamaður á Árbaki.

Aron segir um að ræða alls kyns matvöru: lambahrygg, kjúkling og dósamat.

Leggja þurfti Árbaki í höfn vegna hækkandi olíuverðs og aflasamdráttar og er óljóst um framtíð skipsins. Aron segir að áhöfnin verði ráðin á önnur skip.

Vilhjálmur Svan, forstöðumaður kaffihúss Samhjálpar, segist þakklátur áhöfn Árbaks. Á kaffistofunni geta þeir sem lítið hafa á milli handanna fengið að borða.

Vilhjálmur segir nokkuð um að sjómenn styðji við starfsemi kaffihússins með matargjöfum.

- gh



**ARON VÍÐISSON OG KARL HILMAR** Aron afhendir Karli matvæli fyrir kaffistofu Samhjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

www.ellingsen.is

17.júlí–1.ágúst

# SUMAR-MARKAÐUR

## Sprengfull búð af frábærum tilboðum!



**DAXARA 107**
Sturtubúnaður
Innanmál 106x85x32 cm
Burðargeta 295 kg

**39.900 kr.**
Léttgreiðslur 3.325 kr. í 12 mán.



**DAXARA 127**
Sturtubúnaður
Innanmál 120x92x35 cm
Burðargeta 335 kg

**49.900 kr.**
Léttgreiðslur 4.158 kr. í 12 mán.



**DAXARA 147**
Sturtubúnaður
Innanmál 145x100x35 cm
Burðargeta 505 kg

**74.900 kr.**
Léttgreiðslur 6.242 kr. í 12 mán.



**DAXARA 158**
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 145x100x40 cm
Burðargeta 540 kg

**84.900 kr.**
Léttgreiðslur 7.075 kr. í 12 mán.



**DAXARA 198**
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 184x114x40 cm
Burðargeta 590 kg

**129.900 kr.**
Léttgreiðslur 10.825 kr. í 12 mán.



**DAXARA 218**
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 204x129x40 cm
Burðargeta 560 kg

**149.900 kr.**
Léttgreiðslur 12.492 kr. í 12 mán.



**DAXARA 238**
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 231x135x45 cm
Burðargeta 750 kg

**174.900 kr.**
Léttgreiðslur 14.575 kr. í 12 mán.



**MÓTORHJÓLA-KERRA 751**
13" dekk
Burðargeta 625 kg

**84.900 kr.**
Léttgreiðslur 7.075 kr. í 12 mán.

Reykjavík • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • Opið mánudag–föstudag 10–18 • Laugardag 10–17 • Sunnudag 13–17
Akureyri • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • Opið mánudag–föstudag 8–18 • Laugardag 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

TBWA\REYKJAVÍK • SÍA

## GENGIÐ 21.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 78,19 | 78,57 |
| Sterlingspund | 156,06 | 156,82 |
| Evra | 123,95 | 124,65 |
| Dönsk króna | 16,613 | 16,711 |
| Norsk króna | 15,413 | 15,503 |
| Sænsk króna | 13,126 | 13,202 |
| Japanskt jen | 0,7323 | 0,7365 |
| SDR | 127,76 | 128,52 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

158,8205

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómsmálaráðherra segir álit margra þurfa til þegar nýtt veitingahús er opnað:

# Lögreglustjóri afli umsagna

**VIÐSKIPTI** „Þeir sem sækja um veitingaleyfi geta falið lögreglustjóra að afla umsagnaraðilum eins og heilbrigðiseftirlitinu og byggingafulltrúa," segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

Framkvæmdastjóra Kaffitárs tók nýlega yfir hundrað vinnustundir að afla leyfa fyrir nýjasta kaffihús fyrirtækisins. Forstjóri fyrirtækisins segir að ný lög sem tóku gildi síðasta sumar hafi ekki náð tilgangi sínum um að einfalda ferlið sem veitingamenn ganga í gegnum þegar nýtt útibú frá starfandi fyrirtæki er opnað.

„Alþingi hefur nýlega samþykkt lög til einföldunar og miða að því



**DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Björn Bjarnason segir augljóst að fleiri en lögregla þurfi að koma að málum þegar nýtt veitingahús er opnað.

að útgáfa leyfa sé á einni hendi kjósi umsækjendur það," segir Björn. „Nú þarf einungis að fara til lögreglustjóra og unnt er að óska þess, að embætti hans sjái til þess að safna þeim umsögnum, sem þarf til útgáfu leyfis."

Björn segir augljóst að fleiri en lögregla þurfi að koma að málum þegar nýtt veitingahús er opnað.

„Lögregla gefur ekki út heilbrigðisvottorð, slökkvilið verður að skoða eldvarnir og byggingafulltrúi húsnæði, svo ekki sé minnst á hlut sveitarfélaganna sjálfra sem ákveða skipulag og þar með aðsetur veitingastaða."

Aðspurður segist Björn ekki telja að nýju lögin verði endurskoðuð í bráð. „Þessi lög hafa nýlega verið sett og ég þekki ekki hvernig ástandið var áður." - ht

Meðlimir í Saving Iceland:

## Mótmæltu á Grundartanga

**LÖGREGLUMÁL** Um tuttugu félagar í samtökunum Saving Iceland mótmæltu við álverið og járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga um miðjan dag í gær.

Mótmælendurnir stöðvuðu umferð að Grundartanga með því að hlekkja sig saman og mynda vegatálma. Með mótmælunum vildu samtökin meðal annars mótmæla fyrirhuguðu álveri og súrálsverksmiðju fyrirtækisins Century í Vestur-Kongó, og afleiðingum námugraftar og súrálsframleiðslu á Jamaíka. Century rekur álverið á Grundartanga. - þeb



**ÞÝSKU FJALLGÖNGUMENNIRNIR** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, þakkaði tyrkneskum yfirvöldum fyrir þeirra þátt í lausn gíslanna. NORDICPHOTOS/AFP

Kúrdískir uppreisnarmenn:

## Þrír Þjóðverjar látnir lausir

**TYRKLAND, AP** **Þrír þýskir fjallgöngumenn sem kúrdískir uppreisnarmenn í PKK-samtökunum rændu 8. júlí í austurhluta Tyrklands voru látnir lausir í gær.**

**Með ráninu hugðust uppreisnarmennirnir þvinga Þjóðverja til að láta af aðgerðum gegn PKK. Ekki er ljóst hvort PKK-menn létu gíslana sjálfviljugir af hendi.**

**PKK hefur barist fyrir sjálfstjórn Kúrda í Suðaustur-Tyrklandi síðan 1984. Tugir þúsunda hafa látist í baráttu þeirra. Tyrkland, Evrópusambandið og Bandaríkinn skilgreina PKK sem hryðjuverkasamtök.** - gh

# Borgarstjóri á móti einkavæðingu Strætós

**Allir í stjórn Strætós vilja auka akstur einkaaðila. Aðeins fulltrúi Álftaness gerir kröfu um að hið opinbera haldi eftir hluta. Borgarstjóri vill ekki bjóða allt út.**

**SAMGÖNGUR** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri tekur ekki undir sjónarmið Gísla Marteins Baldurssonar, fulltrúa Reykjavíkur í stjórn Strætós, um að bjóða eigi allan akstur Strætós út. Hann minnir á að frá því að fyrirtækið var stofnað, í tíð R-listans, hafi einkaaðilar séð um hluta akstursins.

„Ég hef lengi barist fyrir eflingu almenningssamgangna og mér finnst að sveitarfélögin eigi að eiga aðkomu að þessum vistvæna ferðamáta. Ég man eftir því þegar vilji var til að einkavæða Strætó fyrir árið 1994. Borgarbúar vildu það ekki þá og þeir vilja það ekki nú og ég ekki heldur," segir Ólafur.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætós, lýsti því yfir við Fréttablaðið á sunnudag að skynsamlegast væri að bjóða allan akstur Strætós út. Gísli Marteinn Baldursson, fulltrúi Reykjavíkur í stjórninni, tók undir orð hans og sagðist vildu stefna að því í framtíðinni að það yrði gert. Báðir ítrekuðu þó að það væri ekki tímabært nú.

Af öðrum fulltrúum í stjórn Strætó er Kristján Sveinbjörnsson, fulltrúi Álftaness, sá eini sem leggur áherslu á að hið opinbera haldi einhverjum hluta eftir í akstri. Hann segist vilja láta fyrirhugað útboð ráða ferðinni. Gangi það vel megi auka hlut einkaaðila, þó ekki nema í 70 til 80 prósent.



**STRÆTÓ** Ekki er sátt innan meirihlutans í Reykjavík um að stefna eigi að því að bjóða allan akstur hans út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigrún Edda Jónsdóttir, fulltrúi Seltjarnarness, segir ekkert því til fyrirstöðu að bjóða allan aksturinn út og þróunin eigi að vera í þá átt. Sveitarfélögin muni samt koma að rekstrinum.

Erling Ásgeirsson í Garðabæ segir það endanlegt markmið í rekstri Strætó að bjóða allan reksturinn út. „Ég vil sjá allan reksturinn í höndum verktaka. Það er þegjandi samkomulag um það í stjórninni að þetta sé ekki tímabært nú, fyrst þurfi að ná tökum á öðrum hlutum," segir Erling.

Hafsteinn Pálsson, fulltrúi Mosfellsbæjar. segir frekari útboð ekki fýsilegt á þessum tímapunkti. „Það væri hins vegar virkilega spennandi kostur að geta komið akstrinum í hendur einkaaðila. En það er ekki komið að því nú," segir Hafsteinn.

Hafnfirðingurinn Guðmundur Rúnar Árnason segir að skoða eigi þann möguleika að bjóða allan aksturinn út. „Ég hef enga trúarafstöðu, hvorki með né á móti þessu. Við eigum að taka afstöðu á hverjum tímapunkti fyrir sig, en ekki í eitt skipti fyrir öll, og velja hagkvæmasta kostinn," segir Guðmundur.

kolbeinn@frettabladid.is

Talsvert um innbrot í gær:

## Grunaðir um þrjú innbrot

**LÖGREGLUMÁL** **Brotist var inn í tvö hús í Garðabæ og eitt hús í Hafnarfirði milli klukkan eitt og fimm í gærdag. Var talsverðu magni af heimilistækjum og persónulegum munum stolið úr öllum þremur húsunum. Lögregla handtók fjóra síðdegis. Eru þeir grunaðir um aðild að öllum þremur innbrotunum. Þeir bíða nú yfirheyrslu hjá lögreglu.**

**Þá fékk lögregla tilkynningu um að verið væri að brjótast inn í hús við Hraunbæ í Árbæ upp úr klukkan tvö í gærdag. Lögreglubíll kom á staðinn og handtók aðilann. Hann var yfirheyrður í gær og honum hefur verið sleppt.** - kg

Lissabon-sáttmálinn ræddur:

## Sarkozy talar fyrir framtíð sáttmálans

**ÍRLAND, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti ræddi í gær við írska stjórnmálamenn um framtíð Lissabon-sáttmálans.



**NICOLAS SARKOZY**

Lissabon-sáttmálanum var ætlað að auka skilvirkni í stjórnsýslu ESB og auka lýðræðislegt umboð sambandsins. Írar felldu sáttmálann í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrr í sumar.

Sarkozy hefur hvatt ríki til að fullgilda sáttmálann, þrátt fyrir höfnun Íra. Hann sagðist hins vegar vera á Írlandi til að hlusta á Íra, ekki til að þvinga þá til neinnar niðurstöðu. - gh

## STJÓRNARRÁÐIÐ

### Forsætisráðherra í frí

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra mun gegna starfi forsætisráðherra meðan Geir H. Haarde verður erlendis í sumarleyfi frá 21. júlí til 31. júlí.

## LEIÐRÉTTING

### Leiðrétting

Í frétt um aflraunakeppni í Þórshöfn var talað um Íslenska kraftlyftingasambandið í stað Íslenska kraftlyftingafélagsins Metal.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veður-fræðingur

**MIKIL HLÝINDI EYSTRA**

Í dag á ég von á að hitinn á Austurlandi og Austfjörðum nái allt að 22 gráðum og framundan eru mildir dagar Norðanlands og Austan. Á landinu sunnan- og vestan-verðu verður nokkuð svalara en þó tveggja stafa hitatölur víðast hvar.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Billund | 21° |
| Ósló | 24° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 23° |
| Helsinki | 17° |
| Eindhoven | 21° |
| Amsterdam | 20° |
| London | 24° |
| Berlín | 19° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 16° |
| París | 24° |
| Basel | 19° |
| Barcelona | 27° |
| Alicante | 29° |
| Algarve | 31° |
| Tenerife | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

*Opið í dag frá kl. 9 til 18*

Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl

**Smelltu á www.notadir.brimborg.is og veldu þann nýja.**
***100% fjármögnun.***







***Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan***

*100% fjármögnun á betri bíl frá Brimborg*

# Breyttu druslunni í djásn í dag

Við kaupum hvaða druslu sem er á **heilar 200.000** krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldruslunni í verð.

**Druslan öðlast nýtt líf í dag**

**Nú áttu útborgun upp í betri bíl**

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. **100% fjármögnun.**
Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

- Komdu druslunni í verð í dag
- Kaupum hvaða druslu sem er
- 200.000 krónur fyrir drusluna

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

## KJÖRKASSINN



*Er rétt hjá forsætisráðherra að ráða sér ráðgjafa í efnahagsmálum?*

| | |
|---|---|
| Já | 80% |
| Nei | 20% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að endurreisa eigi Þjóðhagsstofnun?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vinstri græn vilja kalla Alþingi saman og láta nefndir funda um efnahagsmálin:

# Formennirnir til í fundarhöld

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstri grænna samþykkti í gær ályktun þar sem skorað er á forsætisráðherra og forseta Alþingis að kalla Alþingi aftur saman strax eftir verslunarmannahelgi. Ástæða fundarins væri til að fjalla um stöðu efnahagsmála í landinu. Til undirbúnings umfjöllunar Alþingis óska Vinstri græn eftir því að efnahags- og skattanefnd haldi sameiginlegan fund með fjárlaganefnd ásamt helstu sérfræðiaðilum á sviði ríkisfjármála og efnahagsmála, aðilum vinnumarkaðarins og helstu hagsmunasamtökum.

„Það er mitt mottó að ef menn vilja funda þá er sjálfsagt að verða við því,“ segir Gunnar Svavarsson formaður fjárlaganefndar. Hann segir að undirbúa þurfi fundinn vel vegna áskorunar um að fá sérfræðiaðila á fundinn. Einnig þurfi að sjá hvar nefndarmenn séu staddir í heiminum áður en til fundarins er boðað.



GUNNAR SVAVARSSON



PÉTUR BLÖNDAL

Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar, segist alveg vera til í að halda fund í nefndinni. Hins vegar er hann að kanna hvort nefndarmenn sem og þeir sérfræðingar sem kalla þarf til séu staddir í sumarleyfum. „Fyrir mína parta er ég til í að halda fund um leið og nægilega margir geta mætt,“ segir Pétur. **- vsp**

Breytti íbúðarhúsi í kirkju:

# Deilt um séra George Michael

**BANDARÍKIN** Fasteignasalinn George Michael frá Chicago hefur vakið upp miklar deilur í heimabæ sínum fyrir að breyta húsinu sínu í kirkju. Með þessu kænskubragði sparar hann sér andvirði rúmlega þriggja milljóna íslenskra króna í skattgreiðslur.

George Michael náði sér í preststigin á trúarlegri netsíðu, og stofnaði sinn eigin söfnuð fyrir ári síðan. Meðlimir safnaðarins einskorðast við nánustu vini og vandamenn George Michael. Hann negldi svo kross á hliðina á húsi sínu og lét skrá það sem kirkju. Skattayfirvöld í Chicago rannsaka nú mál George Michael. **- kg**

Eftirlýstur í áratug:

# Karadzic handsamaður í gær

**SERBÍA Radovan Karadzic, einn eftirlýstasti maður heims, var handsamaður í Serbíu í gær. Hann hefur verið í felum í rúmlega áratug.**



RADOVAN KARADZIC

**Karadzic er fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba. Stríðsglæpadómstóllinn í Haag hefur leitað hans frá árinu 1996. Karadzic er sakaður um stríðsglæpi og þjóðarmorð á um átta þúsund múslimum í borginni Srebrenica árið 1995.**

**Farið var með Karadzic fyrir stríðsglæpadómstól í Belgrad í gærkvöld.** **- kg**

## MENNTAMÁL

### Menntun í bráðaþjónustu

Samið var um framhaldsmenntun í bráðahjúkrun og slysa- og bráðalækningum. Samningurinn rammar inn framhaldsmenntun í bæði hjúkrun og lækningum.

## SAMGÖNGUR

### Álfheimar lokaðir

Álfheimar verða lokaðir á morgun vegna tengingar hjáveitu frá 8 til 16. Hjáleið verður í gegnum Goðheima og Sólheima.

## DANMÖRK

### Fimm létust í umferðinni

Fimm manns létust í umferðarslysum í Danmörku í gær. Þrír létust í óhappi við Slagelse. Þá létust mæðgin eftir slys nærri Randers. Tvennt er í lífshættu eftir slysið.

# Skiptar skoðanir um Þjóðhagsstofnun

**Frumvarp um endurreisn Þjóðhagsstofnunar hefur nokkrum sinnum verið lagt fram af VG. Stjórnarliðar lýstu í gær yfir stuðningi við endurreisn. Þingmaður vill að Alþingi geri samstarfssamning við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.**

**STJÓRNMÁL** Vinstri græn hafa nokkrum sinnum lagt fram frumvarp um að endurreisa Þjóðhagsstofnun og nú síðast á síðastliðnu þingi en það hefur aldrei fengið afgreiðslu. „Við höfum lagt þetta til frá því að stofnunin var slegin af,“ segir Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri grænna.

Í frumvarpinu er lagt til að Þjóðhagsstofnun starfi í skjóli Alþingis og verði þá í óháðri stöðu líkt og umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun. „Það myndi styrkja Alþingi í fjárlagavinnu og efnahagsumfjöllun,“ segir Steingrímur.

Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er annarrar skoðunar. Hann telur að leitað yrði langt yfir skammt ef sett væri á stofn ný stofnun. „Í staðinn gæti Alþingi gert samstarfssamning við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og þaðan væri hægt að fá þjóðhagsspár og ýmiss konar sérfræðileg álit,“ segir Illugi.

> Ný Þjóðhagsstofnun fengi fljótlega á sig gagnrýni aftur fyrir að vera ekki óháð …“
>
> **PÉTUR H. BLÖNDAL**
> FORMAÐUR EFNAHAGS- OG SKATTANEFNDAR

Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar, segir ankannalegt að vilja stofna Þjóðhagsstofnun á ný því á sínum tíma hafi hún verið gagnrýnd fyrir að vera of hliðholl ríkisstjórninni. „Ný Þjóðhagsstofnun fengi fljótlega á sig gagnrýni aftur fyrir að vera ekki óháð enda væri hún háð ríkisvaldinu varðandi fjárveitingar og tilvist,“ segir Pétur.

Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, segir málið ekki hafa verið rætt innan flokksins en rétt væri að taka málið til athugunar. „Ég var ekki talsmaður þess að leggja Þjóðhagsstofnun niður á sínum tíma en það er önnur saga hvort endurvekja eigi stofnunina núna,“ segir Kristinn.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segir öllum vera heimilt að vera vitrari í dag en í gær, en hann var í ríkisstjórn þegar stofnunin var lögð niður. „Ef menn endurskapa Þjóðhagsstofnun, sem ég skal styðja, þá verður það að vera hlutlaus stofnun sem verður að heyra undir Alþingi.“

Varaformaður Framsóknarflokksins, varaformaður Samfylkingarinnar og þingflokksformaður Samfylkingarinnar eru öll fylgjandi endurreisn Þjóðhagsstofnunar samkvæmt Fréttablaðinu í gær. Þjóðhagsstofnun var lögð niður árið 2002 og verkefni hennar færð yfir til fjármálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands.

Hvorki náðist í fjármála- né viðskiptaráðherra vegna málsins. **vidirp@frettabladid.is**



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Seðlabankinn leggur fram sitt mat á þjóðhagsspám en sumum þingmönnum þykir það ekki nóg. Þjóðhagsstofnun var áður til húsa hjá Seðlabankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## ÚR GÖMLUM BLAÐAGREINUM

**12. apríl 2002 –** Pétur H. Blöndal gagnrýnir það að Þjóðhagsstofnun kosti meira eftir að hún var lögð niður en þegar hún var starfandi.

**11. nóvember 2002 –** Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2002-2003 fóru 144 milljónir króna í að sinna þeim verkefnum sem Þjóðhagsstofnun sinnti áður. Í fjárlögum árið áður kostaði stofnunin 132 milljónir. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði í þeirri grein að ekki hefði verið gert ráð fyrir því að þetta myndi spara peninga.

Sumartónleikar ársins í boði Iceland Express

Buena vista social club



Vodafonehöllinni 24. júlí

Miðasala á midi.is

hr★örlygur

Iceland Express með ánægju

Flug með Eyjaflugi hækkar um verslunarmannahelgina:

# Dýrara þegar meira er að gera

Öldu Alfreðsdóttur, sem er brottfluttur en fæddur og uppalinn Eyjamaður, gjörsamlega ofbauð og skrifaði: *„Þetta varðar fargjöld með Flugfélagi Vestmannaeyja á milli Eyja og Bakka í Landeyjum. Verð á þessu sex mínútna flugi er 3.000 kr, eða 6.000 kr. fram og til baka. Látum það nú vera, en reyndar er örstutt síðan verðið var 2.500 kr. hvora leið. En að þetta félag geti hækkað sömu ferð upp í 9.900 kr. fram og til baka um Þjóðhátíðina finnst mér ekki ná nokkurri átt! Ef þú kaupir aðra leiðina hjá þeim á þeim tíma þá kostar það 5.900 kr., og ef þú ferð bara með þeim á mánudeginum 4. ágúst kostar það 6.900 kr. aðra leiðina, eða 900 krónum meira en venjulegt verð báðar leiðir!“*

„Við hækkum alltaf verðið frá miðvikudegi til miðvikudags um þessa helgi og höfum gert árum saman,“ segir Valgeir Arnórsson, forstjóri Flugfélags Vestmannaeyja, og hefur margar skýringar á takteinum: „Við erum að flytja miklu fleiri farþega en vanalega og þurfum því að margfalda mannahald hjá okkur með tilheyrandi kostnaði. Þá er nýtingin á vélunum ekki nema 40 prósent um þessa helgi en er um 70 prósent dags daglega.

Við fljúgum tómum vélum til baka frá Eyjum fyrir Þjóðhátíð og tómum frá Bakka eftir Þjóðhátíð. Einnig eru krakkarnir með svo mikinn farangur að við seljum bara í fjögur eða átta sæti í fimm og níu sæta vélar. Ég get líka nefnt að við hljótum enga ríkisstyrki eins og bæði Herjólfur og Flugleiðir gera og þurfum því að velta öllum kostnaðarhækkunum, á eldsneyti og öðru, beint út í verðlagið. Þessi hækkun hefur engin áhrif á aðsóknina enda er löngu orðið uppselt í allar ferðir út í Eyjar á föstudaginn og til baka á mánudaginn.“



DR. GUNNI

neytendur@frettabladid.is



**FLUGELDAR Í EYJUM FÓLK STREYMIR TIL EYJA UM VERSLUNARMANNAHELGINA** og setur ekki fargjaldahækkun hjá Eyjaflugi fyrir sig.

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA

-2 kr.




Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

Fiskisaga

GALLERÝ KJÖT

...TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ KÆTA BRAGÐLAUKANA




RADAR

**Á HÖFUÐB.SVÆÐINU:** GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

**Á AKRANESI:** ÆGISBRAUT 29

**Í REYKJANESBÆ:** VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM

Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar sem hér segir:
**Virka daga** 10:00 – 18:30 **(á Dalvegi frá 11:30 – 18:30)**
**Laugardaga** 11:00 – 17:00 í Búðakór, Dalvegi, Grensásvegi, Höfðabakka, Tjarnarvöllum, Sundlaugarvegi og Fitjum.
**(á Dalvegi laugardögum frá 12:00 – 17:00)**

(Gildir í dag Þriðjudag og miðvikudag.)

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver er einkaþjálfari Lárusar Welding, forstjóra Glitnis?

2 Hvaða fornfrægu stofnun vilja þingmenn Samfylkingarinnar endurreisa?

3 Hvernig fór leikur Skagamanna og Blika í knattspyrnu karla um helgina?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Fulltrúi Vinstri grænna í borgarstjórn segir umferðarstokk gerðan fyrir Portus:

# Mýrargata og Geirsgata í stokk

**SKIPULAGSMÁL** Mýrargata og Geirsgata verða lagðar í samfelldan lokaðan stokk frá Ánanaustum að Sæbraut til móts við Faxagötu ef farið verður að tillögum umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar.

Í bókun ráðsins frá 15. júlí er þetta lagt til. Að auki verði gert ráð fyrir almenningssamgöngum fyrir strætó, léttlestakerfi og hjólareinum á yfirborði stokkanna.

Þörf er sögð á fjórum akreinum í stokknum svo hann anni vel umferð og er vísað í umferðarspá sem byggist á áætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu því til stuðnings.

Fulltrúi Vinstri grænna í nefndinni var einn um að greiða atkvæði gegn bókuninni. „Við teljum komið að því að hætta að greiða svona mikið fyrir bílaumferð í miðborginni,“ segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna. „Við viljum hugsa hlutina upp á nýtt í stað þess að miða við áframhaldandi einkabílisma í anda amerískrar bílaborgar.“

Vegna áætlaðrar byggðar í Örfirisey telur Þorleifur einfaldara að gera göng en stokka. „Þær áætlanir eru jafnvel fjórum milljörðum ódýrari en þann kost þarf að rannsaka frekar.“ Hann segir að vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss geti menn hins vegar ekki beðið eftir niðurstöðum rannsókna. „Það er raunverulega verið að gera þennan stokk fyrir Portus, eigendur tónlistar- og ráðstefnuhússins.“ - ovd



**UMFERÐARSTOKKUR Á MÝRARGÖTU** Gert er ráð fyrir að árið 2017 fari 31 þúsund bílar um Geirsgötu við Tollhúsið á hverjum sólarhring.

Eftirlaunafrumvarpið:

# Fundarboð hefur ekki borist

**STJÓRNMÁL** Áður en þingfrestun var í vor sagðist Geir H. Haarde forsætisráðherra ætla að halda fund í sumar með formönnum stjórnarandstöðuflokkanna til að ræða eftirlaunafrumvarpið.

„Það hefur ekki verið boðað til þessa fundar enn og ég hef engar upplýsingar um hvenær hann verður boðaður,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segist hafa hitt Geir H. Haarde á förnum vegi um daginn og hann sagt að fundur yrði haldinn í ágúst. - vsp

# Evrópusambandið vill lækka tolla um sextíu af hundraði

## ESB bauðst í gær til að lækka tolla á innfluttum landbúnaðarafurðum um sextíu prósent. Vonast sambandið til að tilboðið hleypi lífi í viðskiptaviðræður sem staðið hafa í sjö ár á vegum WTO án niðurstöðu.

**SVISS, AP** Evrópusambandið (ESB) bauðst í gær til að skera niður tolla á innfluttum landbúnaðarafurðum um sextíu prósent á Doha-ráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

WTO er alþjóðastofnun sem ætlað er að greiða fyrir alþjóðlegum viðskiptum. Flest ríki heims eiga aðild að stofnuninni, þar á meðal ríki Evrópusambandsins, Bandaríkin, Kína, Indland og Brasilía.

Doha-ráðstefnan hefur staðið í sjö ár án niðurstöðu. Tilgangur hennar var að komast að samkomulagi um lækkun tolla og alþjóðlegt viðskiptaumhverfi sem efldi hag fátækari ríkja.

Í gær hófst maraþonvika í Doha-ráðstefnunni og er líklegt að diplómatar muni sitja fundi daga og nætur næstu sólarhringa. Stjórnmálaskýrendur segja að ef niðurstaða náist ekki í vikunni sé líklega úti um samkomulag.

Samkomulag hefur hingað til einkum strandað á deilu þróunarlanda og ríkari landa Evrópu og Norður-Ameríku. Þróunarlönd vilja að ríku löndin lækki landbúnaðartolla og dragi úr niðurgreiðslum í landbúnaði. Ríku löndin vilja að þróunarlöndin dragi úr höftum á innflutningi iðnaðarvarnings og þjónustu, einkum bankastarfsemi.

ESB vonast til þess að nýjasta útspilið, besta tilboð sambandsins hingað til, muni auðvelda samkomulag. Líklega eykur það þrýsting á Bandaríkin um svipaðar tilslakanir.

Óvíst er hins vegar að þróunarríki verði fús til að koma til móts við kröfur ríkari landanna. Stór hluti tekna fátækari landa kemur frá innflutningstollum og þau telja þá mikilvæga til að vernda nýsköpun í iðnaði og þjónustu. Nýleg rannsókn Alþjóðabankans benti til þess að fátæk ríki myndu lítið hagnast á samningnum sem ríku löndin hafa boðið.

Náist ekki samkomulag á Doha-ráðstefnunni er líklegt að athygli ríkja beinist frá alþjóðlegum viðskiptum og að svæðisbundnum viðskiptablokkum á borð við Evrópusambandið og Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku. Slíkt fyrirkomulag kæmi helst niður á veikari ríkjum með slaka samningsstöðu.

gunnlaugurh@frettabladid.is



**FRANSKIR BÆNDUR** Franskir og írskir bændur eru andvígir lækkun landbúnaðartolla í ESB. NORDICPHOTOS/AFP

### ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNIN

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) er alþjóðleg stofnun 153 ríkja sem ætlað er að stuðla að verslunarfrelsi í heiminum og skera úr ágreiningsmálum ríkja um viðskipti. Ákvarðanir stofnunarinnar eru bindandi og hún getur heimilað viðskiptaþvinganir gegn aðildarríkjum sem brjóta reglur stofnunarinnar.

Stofnunin, sem á aðsetur í Genf í Sviss, varð til 1995. Hún tók við af GATT, viðskiptasáttmála sem 23 ríki samþykktu 1948.

Æðsta vald WTO er ráðherraráðið. Ráðið hittist á tveggja ára fresti og kýs meðal annars framkvæmdastjóra stofnunarinnar.



**PASCAL LAMY** Núverandi framkvæmdastjóri WTO. NORDICPHOTOS7AFP



**BANDARÍSKIR HERMENN** FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískir hermenn:

# Drápu son héraðsstjóra í Írak

**ÍRAK Bandarískir hermenn drápu frænda og sautján ára son héraðsstjóra í Salaheddin-héraði í Norður-Írak á sunnudag, að því er vefmiðill al-Jazeera greinir frá.**

**Segir að hermennirnir hafi ráðist inn í hús sem fjölskyldan átti. Þeir hafi komið að drengjunum með byssur í höndunum, talið þá hættulega og skotið þá. Bandaríkjaher segist hafa handtekið liðsmann Al-Kaída í árásinni.**

**Fjölskylda drengjanna hefur fordæmt atvikið og krafist rannsóknar.** - gh

Þyrla Landhelgisgæslunnar:

# Sótti sjómann að Fljótavík

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti sjómann sem fallið hafði niður stiga um borð í íslenskum togara norður af Horni síðdegis í gær.

Stefndi togarinn í átt að Ísafirði og var kominn að Fljótavík þegar þyrlan kom á staðinn.

Slasaði sjómaðurinn var hífður upp í þyrluna sem lenti við Landspítala í Fossvogi á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Hann kvartaði um eymsli í baki og hafði einnig hlotið höfuðáverka. - ht

VEITINGAHÚS
– FULLT ALLA DAGA!
Af sérstökum ástæðum er til sölu veitingastaður í Miðborginni með mikla aðsókn og góða afkomu. Húsnæði getur fylgt.
Ragnar Tómasson 896 2222

Georg Eiður Arnarsson náði 160 lundum á þremur tímum í Vestmannaeyjum:

# Forréttindi að veiða lundann

**FÓLK** Georg Eiður Arnarson frá Vestmannaeyjum hefur veitt lunda í næstum því þrjátíu ár. „Mér finnst það vera mikil forréttindi að fá að veiða lundann, þetta hefur veitt mér mikla ánægju í öll þessi ár,“ segir hann. Georg sinnir einnig trilluútgerð en segist njóta sín best með lundanum.

„Ég fór vestur að Dalsfjalli í norðankalda um daginn og náði í tæplega 160 lunda á þremur tímum,“ segir hann en tekur það fram að lundaveiðar séu ekki fyrir alla.

„Þetta er mikið puð. Það þarf að bera lundann fram og til baka frá veiðistaðnum,“ segir Georg. Hann segir unga fólkið ekki hafa mikinn áhuga á lundanum. „Fuglinn er lúsugur og manni verður mjög heitt við þetta og svitnar mikið.“

Georg segir að það sé margt að læra ef stunda á lundaveiðar. „Það tók mig nokkur ár að læra þetta, það þarf að læra á fuglinn og mikið um vindáttir.“ Lundinn flýgur á móti vindi og því skiptir vindáttin öllu þegar háfurinn er mundaður.

„Það þarf líka að hugsa mikið um hvaða fugl er verið að veiða, það veiðir til dæmis enginn vanur maður sílafugla, þeir þurfa að sjálfsögðu að koma með æti. Það væri eins að kippa fótunum undan stofninum.“ - hþj



**GEORG MEÐ LUNDANN Á HEIMLEIÐ** Hann segir veiðarnar mikið puð og alls ekki fyrir alla að hafa gaman af.

visir.is
„...ég sá það á vísi“


Bláa
bomban
20%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru
Gildir ekki af vöru á föstu verði
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI



**STÓRIR SMOKKAR** Fólk klætt í smokkabúninga mótmælti andstöðu kaþólsku kirkjunnar við notkun getnaðarvarna í Ástralíu um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Nýtt hjartaþræðingartæki verður tekið í notkun á Landspítalanum við Hringbraut í nóvember:

# Vonast til þess að biðlistum verði eytt

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný hjartaþræðingarstofa verður tekin í notkun á Landspítalanum við Hringbraut í nóvember. Samningur þess efnis var undirritaður í gær. Hjartaþræðingartæki verður fjármagnað með gjafafé frá styrktarsjóði Jónínu S. Gísladóttur og Hjartaheill, en spítalinn greiðir kostnað við byggingu á stofu fyrir tækið.

„Það er stórkostlegt tækifæri fyrir okkur og mikil bót fyrir starfsemina að ná þessari fullkomnu hjartaþræðingarstofu í gagnið til að halda áfram að berjast við svokallaða biðlista,“ sagði Björn Zoëga, starfandi forstjóri Landspítalans við undirritun í gær.

Björn sagði jafnframt að þrátt fyrir að framleiðsla hefði aukist mikið á síðustu árum hefði spítalinn þurft að berjast við það að bið hafi verið á þjónustunni. „Nú ætlum við að taka alveg á því með þessu. Biðlistinn hefur minnkað um þriðjung en við ætlum að gera betur og koma þessu niður í það að það verði ekki biðlisti heldur eðlilegur vinnulisti,“ segir Björn.

Á hjartaþræðingardeild Landspítalans eru fyrir tvö hjartaþræðingartæki, annað frá árinu 2001 en hitt nokkuð eldra. Styrktarsjóður Jónínu Gísladóttur tók einnig þátt í kaupum á hjartaþræðingartækinu sem keypt var árið 2001. - þeb



**SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, og Linda Björk Gunnlaugsdóttir, forstjóri A. Karlssonar ehf., sem er seljandi tækisins, undirrituðu samninginn á hjartaþræðingardeild Landspítalans við Hringbraut í gær. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og Guðmundur Hreiðarsson, framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs A. Karlssonar, fylgdust með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vald franska þingsins aukið:

## Frakkar breyta stjórnarskránni

**FRAKKLAND, AP** Franska þingið samþykki í gær með naumum meirihluta tillögur Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta um breytingar á stjórnarskrá. Þær fela í sér að Frakklandsforsetar geta aðeins setið tvö kjörtímabil, þingið fái neitunarvald gegn ýmsum ákvörðunum forseta, vald forseta til fjöldanáðunar sé lagt af og sjálfstæði þingsins til vals í þingnefndir sé eflt.



**NICOLAS SARKOZY**

Gagnrýnt hafði verið að tillögurnar heimiluðu forseta að ávarpa þingið, en sumir töldu það stríða gegn skiptingu löggjafar- og framkvæmdarvalds. - gh

Gríðarlegur straumur ferðamanna er út í Dyrhólaey:

# Vegurinn varla fær hópferðabílum

**SAMGÖNGUR** „Sveitarstjórnin hefur kallað eftir því á hverju ári síðustu ár að vegurinn út í Dyrhólaey verði lagfærður en hann er varla lengur fær hópferðabifreiðum“ segir Sveinn Pálsson, sveitarstjóri í Mýrdalshreppi.

„Vegagerðin hefur brugðist við með því að sinna lágmarksviðhaldi á veginum en miðað við þá miklu umferð sem er út í eyna allt árið um kring þarf meira til.“

Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri hjá Vegagerðinni, segir engar stórar framkvæmdir í undirbúningi vegna vegarins út í Dyrhólaey.

„Meiri viðgerðir á veginum eru orðnar tímabærar en komast í fyrsta lagi á dagskrá þegar vegaáætlun verður endurskoðuð, væntanlega á næsta þingi.“ - ht



**DYRHÓLAEY** Mikill ferðamannastraumur er út í eyna allt árið um kring en veginum hefur lítið verið sinnt til margra ára.



**TILLAGA AÐ LISTAHÁSKÓLA** Hér er séð aftan á skólann, frá Hverfisgötu. Rætt er um að skólinn stækki í framtíðinni og fái einnig aðstöðu vinstra megin götunnar, af myndinni séð. MYND/SAMSON

# LHÍ gegn vilja skipulagsráðs

**Tillaga að Listaháskóla við Laugaveg fer gegn bókun í samkeppnisskilmálum sem skipulagsráð setti í heild sinni, segir Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi VG.**

**MIÐBÆRINN** „Mér finnst tillögurnar í heild sinni ekki eins góðar og ég hafði vonað. Sú sem fékk fyrstu verðlaun er of groddaleg og fer gegn einróma bókun skipulagsráðs, sem fylgdi með skilmálum í samkeppninni, um að halda skuli í gömlu húsin,“ segir Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi VG og fyrrum formaður skipulagsráðs.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR**

Dómnefndin hafi því farið gegn vilja alls ráðsins, þegar hún samþykkti tillögu +Arkitekta um nýjan Listaháskóla við Laugaveg. Ráðið hafi ætlað þremur gömlum húsum að standa, en tvö þeirra eiga að víkja, samkvæmt tillögunni.

„Reykjavíkurborg fer með skipulagsvald á þessum reit eins og öðrum og ég vil enn þá halda í það að þetta snúist um lýðræði og vald kjörinna fulltrúa,“ segir hún.

Svandís bendir á að eitt húsanna verði ekki flutt en það er húsið sem hýsir verslunina Vínberið.

„Húsið er hlaðið og þess vegna hefur verið mjög lengi rætt um að hlífa því,“ segir hún. Aðrar tillögur hafi tekið ríkara tillit til þessa og því verið betri.

Fulltrúa Samfylkingar í skipulagsráði, Björk Vilhelmsdóttur, kemur einnig á óvart að gömlu húsin á Frakkastígsreitnum eigi að víkja. Rík krafa hafi verið um verndun þeirra.

„Og við erum með borgarstjóra sem vill vernda 19. aldar götumynd. Það er svo sannarlega ekki gert í þessari tillögu,“ segir hún og minnir á að skipulagsyfirvöld eigi eftir að fara yfir tillöguna.

„En það er margt jákvætt og skemmtilegt við þessa tillögu. Til dæmis þessi íslensku mynstur í gluggunum, ég er mjög hrifin af þeim,“ segir hún.

klemens@frettabladid.is

Biðla til FARC með tónleikum og kröfugöngum:

# Vilja fá gísla lausa

**KÓLUMBÍA, AP** Kröfugöngur og tónleikar fóru fram víðs vegar um heiminn í gær til að krefjast þess að kólumbísku uppreisnarsamtökin FARC losi gísla úr haldi.

FARC hafa í áratugi barist gegn stjórnvöldum í Kólumbíu og hafa mörg hundruð gísla í haldi sínu.

Hundruð þúsunda sóttu göngur og tónleika, meðal annars hjá kólumbísku söngkonunni Shakiru. Hin fransk-kólumbíska Ingrid Betancourt, sem nýlega var frelsuð frá FARC, hvatti á tónleikunum til frelsunar gísla. - gh



**Á TÓNLEIKUM** Söngkonan Shakira syngur fyrir frelsun gísla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




MacBook Air 1,36 kg, þyngd í samanburði við:

| | |
|---|---|
| Fartölvu | 2,50 kg |
| Erlent tímarit | 1,64 kg |
| Handtösku | 2,37 kg |

Fíton / SÍA



**Fágun. Upplifun. Óviðjafnanleg.**

MacBook Air – örþunn, fislétt, líka fyrir Windows

Þegar þú snertir nýju MacBook Air breytist allt sem þú taldir þig vita um fartölvur og verður aldrei eins aftur. MacBook Air á þig um leið og þú sérð hana.
Létt, örþunn, öflug.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 www.apple.is
Laugavegi 182 105 Reykjavík
Kringlunni 103 Reykjavík

Apple IMC




ENNEMM / SÍA / NM34391 / Ljósm. Gunnar Sverrisson

**Te & Kaffi** opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga**

„ORÐRÉTT“

### Af lífs og sálar kröftum

**„Ölæði fólks frá fermingaraldri og uppúr í miðborg Reykjavíkur má kalla nokkurs konar mótmælaaðgerðir að sínu leyti. Þar mótmælir fólk lífi sínu.“**

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON UM ÁSTANDIÐ Í MIÐBORGINNI.
Fréttablaðið 21. júlí.

### Sitthvað vespa og Vespa

**„Það er notað orðið vespa, sem er skrásett vörumerki, í öðru hverju orði.“**

GUNNAR HANSSON VESPUSALI ER EKKI PAR HRIFINN AF OFNOTKUN ORÐSINS VESPA.
Fréttablaðið 21. júlí.

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HILMAR ODDSSON KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI

## Hvenær er maður í fríi og hvenær ekki?

„Það er alltaf nóg að gera,“ segir Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri þegar hann gaf sér tíma til að líta upp úr handriti sem hann er að skrifa. Hann er þó vanur að hafa þann háttinn á að segja sem minnst um hálfkláruð verkefni en þó segir hann að handritið sé gert eftir skáldsögu sem á að gerast í Reykjavík undir lok síðari heimsstyrjaldar. „Svo var ég að ganga frá heimildarmynd um myndlistarmanninn Dieter Roth sem er einn af merkilegustu listamönnum 20. aldarinnar, hvorki meira né minna. Ég er búinn að vera að vinna að þessari mynd í nokkur ár. Hann var svissnesk-þýskur en búsettur til margra ára hér á Íslandi. Og þar sem viðmælendurnir koma víða að verður hún á fjórum tungumálum, það er að segja íslensku, ensku, þýsku og dönsku.“ Hilmar er sem fyrr fámáll um það sem ekki er fast í hendi en segir þó líklegast að myndin verði frumsýnd í Englandi nú í haust.



„Svo hefur hljómsveitin Melchior komið saman eftir 27 ára hlé,“ segir hann og hlær við. „Þetta er hljómsveit sem ég var í og nú erum við að taka upp en það verður ekki gefið út fyrr en það hefur fengið að þroskast vel í meðförum okkar.“

En hvernig er með listamennina, taka þeir sér ekki frí eins og annað fólk? „Þar sem ég vinn hjá sjálfum mér og viðfangsefnin leita sífellt á mann er ég eiginlega hættur að skynja það hvenær ég er í fríi og hvenær ekki.“ En hvað sem því líður ætlar hann að fara með fjölskylduna austur á firði í dag og tjaldið verður tekið með þó að veðráttan fái hann til að vonast til þess að það verði ekki notað.

## KOLMUNNI
### LÍTT NÝTTUR FYRIR 1980



■ Kolmunni (fræðiheiti:Micromesistius poutassou) er hvítur fiskur af þorskaætt. Hann finnst í Norður- og Norðaustur-Atlantshafi, allt frá Svalbarða að strönd Norður-Afríku. Kolmunni getur orðið allt að hálfur metri á lengd en mælingar sýna að hann er oftast 30 til 40. Kolmunni heldur sig mest í úthafinu, í miðsævinu eða uppsjónum á 200 til 400 metra dýpi. Fyrir 1980 var kolmunni lítið veiddur en er nú mikilvægur nytjafiskur, einkum notaður í fiskimjölsframleiðslu.

## SJÓNARHÓLL
### UMMÆLI BUBBA MORTHENS UM TÓNLEIKA BJARKAR OG SIGUR RÓSAR



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR - SKÁLDKONA**

### Skorar á Bubba

„Af hverju gerir hann þetta ekki sjálfur?“ segir Birgitta Jónsdóttir skáld um Bubba Morthens, sem sagði í viðtali á dögunum að Björk og Sigur Rós hefðu frekar átt að halda tónleika til að vekja athygli á fátækt en náttúruvernd.

„Svo gleymist líka að Björk gaf allan ágóða af remixinu sínu til fórnarlamba flóðbylgjunnar í Indónesíu. Hún hefur gert fullt af góðum hlutum og alltaf verið samkvæm sjálfri sér, en það hefur Bubbi ekki verið. Ég er ekkert endilega sammála öllu sem Björk segir, eða Sigur Rós, en mér hefur allavega fundist þau vera gegnheil í því sem þau hafa verið að gera og samkvæm sjálfum sér. Þau voru að vekja athygli á því hverju er verið að fórna. Það kom aldrei fram að þau væru eitthvað á móti áli. Ég skora bara á Bubba að búa til svona flottan vef eins og náttúra.is er, með upplýsingum um fátækt á Íslandi.“

# Yahoo dekrar við starfsfólk sitt

**Ýmir Vigfússon er doktorsnemi í tölvunarfræði við Cornell-háskóla í New York-ríki. Snemma á árinu sótti hann um styrk til fyrirtækisins Yahoo og var í kjölfarið boðin sumarvinna í rannsóknardeild þeirra.**



**ÝMIR VIGFÚSSON DOKTORSNEMI** Spilar billjard í vinnunni og hefur aldrei verið duglegri við störf

Hjá Yahoo vinnur Ýmir með litlum hópi sem sér um að þróa dreifða skáarvinnslu á þúsundum terabæta en hann segir starfsumhverfið hjá Yahoo frábrugðið því sem Íslendingar eiga að venjast.

„Ég sótti um styrk til Yahoo, þeir hafa verið að gefa stóra opna styrki til fimm nema í Bandaríkjunum en vildu breyta til. Í stað þess að vera með fimm stóra eru þeir nú með fjóra stóra og nokkra minni, ég hlaut einn af þessum litlu.“ Rannsóknarstyrkurinn sem Ýmir fékk hljóðar upp á 400 þúsund með aðgangi að gögnum hjá Yahoo, ráðstefnuboðum og fleira. Ými var svo boðið starf hjá fyrirtækinu stuttu síðar.

„Ég fékk tilboð frá AT&T, IBM og Google líka en leist best á Yahoo,“ segir Ýmir og bætir því við að samkeppnin sé gríðarleg. „Það er skortur á fólki bæði í nám og störf tölvunarfræðinga.“ Til þess að halda í gott starfsfólk hafa fyrirtæki á borð við Yahoo, Google og Microsoft tekið upp á því að bjóða upp á óhefðbundna vinnuaðstöðu.

„Samkeppnin á milli fyrirtækja gengur út á að láta fólki líða vel. Það er engin stimpilklukka og maður kemur og fer að vild. Stundum er mætt klukkan átta, stundum klukkan ellefu,“ segir Ýmir. „Það eru haldin spilakvöld og nýlega var ratleikur um byggingar Yahoo en þær eru allnokkrar.“ Eins kostar maturinn lítið: „Ég borga um 300 krónur fyrir dýrindis hádegismat og allir drykkir eru ókeypis.“

Af leiktækjum á vinnustaðnum er nóg. „Það eru leikherbergi í öllum byggingum. Til dæmis eru borðtennis- og billjardborð þar sem hægt er að dreifa huganum auk fyrsta flokks leikfimisaðstöðu.“

Ýmir segir að það sé ótrúlegt hve mikið verði úr vinnudeginum. „Á þennan hátt fá starfsmenn ekki aðeins útrás heldur hlakka til að koma í vinnuna.“ Ýmir bætir því við að launin spilli ekki fyrir.

„Nýlega kom upp umræða um að Microsoft myndi kaupa Yahoo. Þá var ákveðið að semja við starfsmenn um launaðan uppsagnarfrest upp á 4-24 mánuði. Bara til þess að fólk hætti að hafa áhyggjur og myndi vinna betur.“

helgath@frettabladid.is




# Þrír íslenskir unglingar keppa á Ólympíuleikunum í þýsku

Landslið Íslands í þýskukunnáttu er á leið á Ólympíuleikana í þýsku í Dresden sem hefjast á morgun og standa í tvær vikur.

Ragna Kemp, formaður félags þýskukennara á Íslandi, segir keppendur valda út frá meðmælum kennara. „Að auki erum við með keppni sem er kölluð Þýskuþraut.“ Krakkarnir sem taka þátt að þessu sinni eru þau Ásgrímur Einarsson Gunnhildarson, Svala Lind Birnudóttir og Halla Lind Arnardóttir.

„Krökkunum er skipt niður í vinnuhópa og er áhersla lögð á hlustun, skilning, tal og ritun.“ Þegar keppni lýkur á daginn sitja þau ekki auðum höndum heldur tekur við dagskrá sem samanstendur af kynnisferðum, skemmtunum og fleiri uppákomum.

„Við kennararnir sem förum með höfum einnig nóg fyrir stafni, okkur er kynnt nýtt námsefni, við erum látin vinna auk þess að skoða umhverfið,“ segir Ragna.

Vinningshafar fá meðal annars að launum þriggja vikna þýskunámskeið í Berlín á næsta ári. Íslendingurinn María Helga Guðmundsdóttir hafnaði í þriðja sæti í keppninni árið 2005. - hþj



**DRESDENFARARNIR** Ragna Kemp, Halla Tinna Arnardóttir, Svala Lind Birnudóttir, Ásgrímur Einarsson og Valgerður Guðjónsdóttir.


ÚTSALA
42” PLASMA
VERÐ ÁÐUR 153.900
139.900
ÚTSALA
42PC51
42” LG plasma sjónvarp
15% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 153.900
129.900
ÚTSALA
37LC55
37” LG LCD sjónvarp
14% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 139.900
119.900
ÚTSALA
32LC56
32” LG LCD sjónvarp
50% AFSLÁTTUR
Cambridge heimabíómagnarar, stereo magnarar og geislaspilarar
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HÁTÖLURUM
Aego M hvítir og svartir tölvu- og ipod hátalarar
50% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 29.900
14.950
ÚTSALA
41% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 16.900
9.900
ÚTSALA
HIF-6880USMPT
Roadstar minisamstæða
VERÐ ÁÐUR 29.900
24.900
ÚTSALA
17% AFSLÁTTUR
HT302SD
LG heimabíó
VERÐ ÁÐUR 13.900
7.900
ÚTSALA
43% AFSLÁTTUR
DVXI980HDB
Scott HDMI spilari
VERÐ ÁÐUR 2.250
4.490
ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR
9681
Þráðlaust auga
45% AFSLÁTTUR
DLP17D3
17” LCD sjónvarp
VERÐ ÁÐUR 54.900
29.900
ÚTSALA
MP-F63/G1
MP3 spilari 1GB
37% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 10.900
6.900
ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR
SNÚRUR OG TENGI
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-14
LG
Lífið er gott

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
4.173 **+0,23%**

**Fjöldi viðskipta:** 242
**Velta:** 2.375 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| BAKKAVÖR | +1,60% | TEYMI | -2,6% |
| EXISTA | +1,57% | STRAUMUR | -2,09% |
| EIK BANKI | +1,46% | CENTURY ALUM. | -1,71% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,91 +0,00% ... Atorka 5,62 -0,53% ... Bakkavör 25,35 +1,60% ... Eimskipafélagið 14,25 -0,35% ... Exista 6,46 +1,57% ... Glitnir 15,15 +0,33% ... Icelandair Group 16,60 -0,60% ... Kaupþing 723,00 +0,70% ... Landsbankinn 23,10 +0,22% ... Marel 85,80 -0,81% ... SPRON 3,05 -1,64% ... Straumur-Burðarás 9,39 -2,09% ... Teymi 1,50 -2,60% ... Össur 85,50 -1,61%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Uppgjör umfram væntingar

Uppgjör Bank of America fyrir annan ársfjórðung var birt í gær og var umfram væntingar og hækkuðu bréf í bankanum um tíu prósent í kjölfarið. Bank of America er stærsti banki Bandaríkjanna í lánum til heimila og einstaklinga.

Talið var að kaup bankans á Countrywide Financial myndu hafa neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins en svo varð ekki.

„Countrywide mun reynast góð en djörf fjárfesting," segir Bernie McGinn í viðtali við Bloomberg-fréttaveituna. McGinn er forstjóri samnefnds fyrirtækis sem á umtalsverðan hlut í Bank of America.

Tekjur bankans féllu um 41 prósent frá fyrra ári en voru þrátt fyrir það umfram væntingar greinenda sem gerðu ráð fyrir 54 prósenta samdrætti. Bankinn afskrifaði 1,22 milljarða dala vegna undirmálslána á öðrum ársfjórðungi sem er ríflega




**UPPGJÖR EYKUR BJARTSÝNI** Bank of America skilaði uppgjöri umfram væntingar markaðaðila. Aukin bjartsýni á markaði í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP PHOTOS

helmingi minna en á fyrsta ársfjórðungi.

Hlutabréfamarkaðir í Bandaríkjunum hækkuðu umtalsvert eftir að uppgjörið var birt en hækkunin gekk til baka er leið á daginn. **-bþa**

## Byggingarkostnaður eykst

Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði um þrjú prósent á milli mánaða. Byggingarkostnaður hefur engu að síður hækkað um 18,5 prósent á síðustu tólf mánuðum samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Verðbólga mældist 12,7 prósent í júní og gera spár greiningardeilda ráð fyrir því að verðbólga aukist en þó ekki umfram það hækkun sem orðið hefur verið á byggingarkostnaði. Raunkostnaður við byggingarframkvæmdir er því að hækka á tímabilinu. Hagstofa Íslands birtir nýjar tölur um breytingar á vísitölu neysluverðs næstkomandi föstudag. **- bþa**

## Svíar svartsýnir

Svíar verða æ svartsýnni á framtíð efnahagsmála. Þetta kemur fram í nýrri könnun SKOP, en samkvæmt henni telja 59,6 prósent Svía að efnahagsástand eigi eftir að versna næsta ár. Hlutfall þeirra sem telur að efnahagsástandið muni versna hefur vaxið í hverri könnun síðasta árið, og er nú hið hæsta síðan mælingar hófust, segir Örjan Hultåker hjá SKOP.

Fyrir helgi birti fyrirtækið niðurstöður könnunar sem sýndi að meirihluti sænskra fjárfesta teldi að hlutabréfaverð myndi falla næstu mánuði. Hultåker sagði að svartsýnin hefði varað óvenjulega lengi: „Við höfum ekki orðið var við jafn langvarandi svartsýnistímabil síðan við byrjuðum að mæla væntingar fjárfesta til markaðarins í janúar 2001."

Hlutabréfaverð í kauphöllinni í Stokkhólmi hefur fallið um nær 40 prósent undanfarið ár. **- msh**

# Fleiri gætu lent í stöðu MEST

**Glitnir sem er stærsti kröfuhafi MEST hefur nú stofnað nýtt félag, Steypustöðina MEST ehf., sem tekur yfir rekstur steypustöðva og helluframleiðslu MEST. Formaður Samtaka iðnaðarins telur líklegt að fleiri byggingafyrirtæki lendi í sömu stöðu og MEST á næstunni.**

„Það er í raun verið að stofna aftur gömlu Steypustöðina. Við munum einbeita okkur að rekstri steypustöðva og að helluframleiðslu," segir Jón Steingrímsson, stjórnarformaður hins nýja félags.

Árið 2006 varð til félagið MEST við sameiningu Steypustöðvarinnar og Merkúr. Sama ár sameinuðust fyrirtækin Súper-bygg og Pallaleigan Stoð félaginu. Segja má að MEST hafi verið með þeim fyrstu til að finna fyrir samdrætti í efnahagslífinu sem hófst síðasta vetur. Hjá fyrirtækinu störfuðu í upphafi árs um 300 starfsmenn en þeim hefur fækkað um 100 frá þeim tíma. Með þessum aðgerðum er verið að tryggja atvinnu um 100 starfsmanna fyrirtækisins.

Innan hins nýja félags verður ekki véla- og tækjasala, tækjaleiga eða byggingavöruverslanir sem var hluti af starfsemi MEST.

Glitnir stefnir að því að finna nýja eigendur að félaginu á næstu mánuðum.

„Ég er sannfærður um að margir munu hafa áhuga á þessu félagi en hvort það leiði til sölu verður að koma í ljós. Fjármögnun er þó erfið þessa stundina," segir Jón. „Þetta er félag sem á góðan rekstrargrundvöll til lengri tíma litið," bætir hann við.



**JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON** Hann telur líklegt að fleiri byggingafyrirtæki verði yfirtekin af bönkum og fjármálastofnunum á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL R.

„Það er ekki ólíklegt að við munum sjá fleiri byggingarfyrirtæki yfirtekin af bönkum og fjármálastofnunum á næstunni," segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. „Það kæmi mér á óvart ef þetta yrði einsdæmi. Slíkir atburðir verða þó ekki bundnir við byggingariðnaðinn. Mörg önnur fyrirtæki eru illa stödd og eiga í viðræðum við helstu lánardrottna sína. Það eru mjög víða fyrirtæki sem eru skuldsett og eru komin í gjörgæslu hjá sínum lánardrottnum."

Jón Steindór telur að það verði líklega erfitt fyrir Glitni að finna kaupendur að hinu nýja félagi. „Nú er reyndar tími kaupenda ef menn ráða yfir fjármunum. Verð fyrirtækja er trúlega hagstætt um þessar mundir," segir Jón Steindór.

annas@markadurinn.is






## Verðbólgumarkmið næst í lok árs 2009

Í nýrri verðbólguspá greiningar Landsbankans til ársins 2010 er gert ráð fyrir að ársverðbólga í ár verði 12 prósent. Gerir Landsbankinn ráð fyrir að verðbólga nái hámarki í ágúst og nái þá 14 prósentum.

Í verðbólguspánni segir að það taki ívið lengri tíma en áður hafi verið gert ráð fyrir að koma böndum á verðbólguna. Segir greiningin að krónan sé mun veikari en von var á og að framvinda alþjóðlegu fjármálakreppunnar gefi litla von um að sú þróun gangi til baka í bráð.

Hins vegar dragi úr verðhækkunum í haust. Þá verði gengi krónunnar orðið stöðugra. „Samkvæmt spá okkar verður verðbólga í námunda við verðbólgumarkmiðið í lok árs 2009," segir greiningin.

Landsbankinn segir að vegna lakari horfa í efnahagsmálum sé nú gert ráð fyrir að viðsnúningur á



**HORFUR Á FASTEIGNAMARKAÐI** Í ljósi lakari horfa í efnahagsmálum gerir Landsbankinn nú ráð fyrir að viðsnúningur á fasteignamarkaði verði á fyrri hluta árs 2010, í stað 2009 áður. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

fasteignamarkaði verði á fyrri hluta árs 2010, í stað 2009 áður. Reiknar greiningin með allt að 10 prósenta (áður 5 prósent) verðlækkun áður en markaðurinn tekur við sér á ný. **- as**



**HORFUR EKKI EINS SLÆMAR** Ein ástæða þess að greining Glitnis spáir því að vísitala neysluverðs hækki ekki eins mikið er sú að bílaumboð hafa ekki hækkað verð á nýjum bílum eins mikið og áætlað var. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Glitnir spáir minni verðbólgu

Greining Glitnis spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 1,1 prósent í júlí. Það svarar til 13,7 prósenta ársverðbólgu en ársverðbólga var 12,7 prósent í júní.

Í verðbólguspá sem Glitnir gerði 3. júlí var gert ráð fyrir 1,6 prósent hækkun á vísitölu neysluverðs í júlí. Miðað við þær upplýsingar sem nú liggi fyrir sé hins vegar útlit fyrir minni verðbólgu en greiningin gerði ráð fyrir. „Helstu ástæður endurskoðunar spárinnar niður á við liggja í því að gengi krónu var hærra í viðmiðunarvikunni en gert var ráð fyrir auk þess sem olíuverð lækkaði á heimsmarkaði í vikunni. Þá hafa bifreiðaumboðin ekki hækkað verð á nýjum bílum í eins miklum mæli og áætlað var," segir í morgunkorni Glitnis. **- as**

# BAÐ INNRÉTTINGAR

## NOSTALGIA

SUMAR-TILBOÐ!



CM-2204 Handlaugaskápur 80x50 sm
Hliðarskápur 66x40x170 sm



CM-2202W
Handlaugaskápur108x58 sm
Hliðarskápur 55x40x170 sm



CM-2219 Handlaugaskápur 90x50 sm
Hliðarskápur 55x40x170 sm



A-840 Gegnheil hnota
72 breidd x 60 dýpt



CM-6001 60x46 sm



CM-6004 100x46 sm



CM-2218 Handlaugaskápur 80x48 sm
Hliðarskápur 33x25x90 sm

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

OPIÐ Í SUMAR:
Virka daga kl. 11 - 18
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Senda þarf fjármálamörkuðum skýr skilaboð:

## Markviss orkunýting

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum er brýnt að auka verðmætasköpun í þjóðarbúskapnum. Frekari orkunýting skiptir þar sköpum. Þrjú slík viðfangsefni hafa verið í undirbúningi: Þar er um að ræða tvö álver, annað í Helguvík og hitt á Bakka. Síðan hefur Landsvirkjun sett í forgang viðskiptasamninga um orkusölu til annars konar hátækniiðnaðar á Suðurlandi.

Vegna ólíkrar stefnu stjórnarflokkanna í orkumálum var stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar um þessi efni fremur loðin. Segja má að það hafi ekki komið að sök eins og þá stóð á. Aðstæður hafa hins vegar breyst á þann veg að viðfangsefnum á þessu sviði verður að hraða eigi að vera mögulegt að ná jafnvægi á ný í þjóðarbúskapnum. Skjótari árangur í orkunýtingu og verðmætasköpun en áður var áformaður verður einn af prófsteinunum á getu ríkisstjórnarinnar til þess að glíma við aðsteðjandi þrengingar í efnahagsmálum.

En hver er þá pólitíska staðan á þessu sviði? Umhverfisráðherrann hefur frá upphafi lýst andstöðu við allar framfarir í atvinnumálum sem byggjast á orkunýtingu. Nýjar aðstæður í efnahagsmálum sýnast engu hafa breytt í því efni hjá ráðherranum fremur en af hálfu Vinstri græns. Forsætisráðherra hefur þar á móti skerpt yfirlýsingar sínar um mikilvægi þessara viðfangsefna við ríkjandi aðstæður.

Trúlega er það vegna innri aðstæðna í Samfylkingunni sem iðnaðarráðherra hefur talað af heldur meiri varfærni um þessi áform en forsætisráðherrann. Annað verður þó ekki ráðið en vilji hans sé með sama hætti ótvíræður. Fyrir þá sök kom á óvart að iðnaðarráðuneytið skyldi draga í meira en þrjá mánuði að gefa umsögn um rannsóknarholu í Gjástykki.

Nú er þörf á að flýta rannsóknum en ekki tefja þær. Þar af leiðir að það minnsta sem af ríkisstjórninni má krefjast er að finna þau ráð að þessar rannsóknir geti gengið fram með þeim hraða sem áformaður er af þeim sem að framkvæmdum standa. Við svo búið geta tafir orðið dýrkeyptar fyrir efnahag landsmanna. Það sama á við um nýmæli í orkufrekum iðnaði á Suðurlandi.

Fyrir ári skipti ekki öllu þó að þessi þróun ætti sér stað án skýrrar stefnumótunar af hálfu stjórnvalda. Nú er málum hins vegar á þann veg komið að á miklu veltur að sýna á erlendum fjármálamörkuðum að Ísland hafi horfið frá því að halda uppi gengi krónunnar með vaxtamunarlántökum erlendra áhættufjárfesta eins og Seðlabankinn hefur haldið gangandi undanfarin ár.

Boðskapur dagsins á að vera sá að í stað peningastefnu sem mistókst eigi að treysta á verðmætasköpun sem undirstöðu. Ástæðan fyrir því að tala þarf skýrt um orkunýtingarstefnuna er sú að þessi skilaboð verða að komast á framfæri á þeim fjármálamörkuðum sem máli skipta. Orkunýtingaráformin eru eini trúverðugi kosturinn á bak við slík skilaboð.

Þó að stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn sé andvígur frekari orkunýtingu og atvinnuþróun á þeim grundvelli er ekki svo um alla stjórnarandstöðuna. Framsóknarflokkurinn hefur til að mynda fylgt ábyrgri stefnu á þessu sviði. Frjálslyndir sýnast einnig vera á þeim buxunum. Breiður pólitískur stuðningur á því að vera fyrir skýrri og framsækinni orkunýtingarstefnu á Alþingi. Enginn meirihlutavilji stendur til annars. Í því ljósi á að vera unnt að tala skýrt og framkvæma hratt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

BYLGJAN BER AF




Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 1. janúar til 29. júní 2008. Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lýðræði í framkvæmd

Guðmundur Magnússon sagnfræðingur veltir fyrir sér einkavæðingu á bloggsíðu sinni. Segir hann að þótt einkavæðingin hafi sannað gildi sitt á mörgum sviðum séu ýmis álitamál um framkvæmdina og árangurinn. Spyr hann hvort ekki væri skynsamlegt fyrir stjórnvöld að endurmeta einkavæðinguna í heild, kalla til erlenda sérfræðinga og kalla eftir röddum fólksins úr landinu. „Það er lýðræði í framkvæmd. Er nokkur á móti því?“ spyr Guðmundur. Því var aftur á móti svarað síðastliðinn vetur.



### Vísað í nefnd

Í október í fyrra lögðu Vinstri græn fram þingsályktunartillögu þess efnis að „[k]önnuð verði reynslan af markaðs- og einkavæðingu viðfangsefna ríkis og sveitarfélaga hér á landi og einnig verði dregnar saman og hafðar til hliðsjónar helstu niðurstöður rannsókna á slíkum breytingum erlendis“. Afdrif ályktunarinnar voru í stuttu máli þau að henni var vísað í nefnd og hefur ekki bólað á henni síðan. Hvort einhver sé beinlínis á móti lýðræði í framkvæmd – í þeirri mynd sem Guðmundur leggur til – skal ósagt látið. En á Alþingi virðist áhuginn að minnsta kosti ekki vera mikill.



### Eftirsjá Framsóknar

Valgerður Sverrisdóttir segir að það hafi verið mistök af hálfu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins að leggja niður Þjóðhagsstofnun árið 2002. Fyrr á árinu kvartaði Guðni Ágústsson yfir því á þingi að hann hefði þurft að senda sérfræðingum Seðlabankans bréf í nafni þingflokksins til að leita álits á stöðu þjóðarbúsins; þær upplýsingar væri ekki að finna annars staðar eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Það var því líklega ofmælt hjá Halldóri Ásgrímssyni á sínum tíma að Framsóknarflokkurinn hefði „farið vandlega yfir þetta mál“ og að verkefnum Þjóðhagsstofnunar væri „komið vel fyrir hjá öðrum stofnunum“.

bergsteinn@frettabladid.is

# Hafskip var ævintýri



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Hafskipsmálið

Þegar farsælt hjónaband missir flugið og hjónin skilja er oft eins og allar minningar um samvistir þeirra byrji og endi í síðasta kaflanum. Eins og ekkert hafi gerst árin á undan. Þetta á ekki bara við um hjónabönd.

Í síðustu viku fór fram útför Ragnars Kjartanssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra og síðar stjórnarformanns Hafskipa. Ragnar naut virðingar sem snjall og mikilhæfur stjórnandi. Hann var heilsteyptur maður, framsýnn og næmur á umhverfi sitt og strauma samfélagsins. Nafn hans er í vitund almennings tengt fyrirtækinu Hafskipum hf. sem var stofnað árið 1958 og lagt niður árið 1985.

Þegar Ragnar og Björgólfur Guðmundsson tóku við framkvæmdastjórn Hafskipa í upphafi árs 1978 var fjárhagsstaða veik, sem og baklandið, en þeim óx það ekki í augum. Þeir voru báðir menn nýrra tíma. Kraftmiklir, bjartsýnir og með skapandi og landmæralausa hugsun. Þeir höfðu djarfa framtíðarsýn og unnu markvisst og skipulega að uppbyggingu fyrirtækisins. Í þeirra höndum varð Hafskip ævintýri. Að vísu ekki eitt af þeim ævintýrum sem enda vel, en spennandi, skemmtilegt og ögrandi ævintýri meðan á því stóð. Innan fyrirtækisins var óvenjulega góður starfsandi. Einhver undirliggjandi tilhlökkunareftirvænting. Keppnisandi og starfsgleði sem allir skynjuðu, bæði á kajanum og kontórnum. Einnig þeir sem áttu erindi í fyrirtækið. En róðurinn var auðvitað ekki léttur.

Samkeppnisaðilarnir höfðu sterkt bakland. Skipadeild SÍS með Sambandið sem jafnan sá um sína og Eimskipafélag Íslands, óskabarn þjóðarinnar, sem átti örugga höfn í hjarta hvers Íslendings. Það var stofnað 1914 og hóf reglulegar siglingar milli Íslands og annarra landa árið eftir. Skömmu áður, eða 1912, stofnaði A.P Möller Mærsk skipafélagið í Danmörku. Það sigldi ekki eingöngu með farm milli Danmerkur og annarra landa, heldur einnig milli hafna víða um heim. Eimskip varð farsælt og vel rekið fyrirtæki en Mærsk varð stórveldi og er það enn í dag.

Stjórnendur Hafskipa komu sér upp hagkvæmari flutningaskipum en hér höfðu sést, settu upp umboðsskrifstofur í löndum sem Hafskip sigldi til og lögðu grunn að Atlantshafssiglingum, flutningum varnings milli Evrópu og Norður-Ameríku án viðkomu á Íslandi. Sama hugsun og hjá Mærsk, en þótti glannaleg á Íslandi. Velta má fyrir sér hver saga Hafskipa hefði orðið ef fjárhagur fyrirtækisins hefði verið traustari í upphafi.

Mánaðarverkfall BSRB, gengisfelling og tap á flutningssamningi við varnarliðið gengu nærri fyrirtækinu og umræður fóru fram við Eimskip um yfirtöku á Hafskipum. Úr því varð ekki, en uppgjörið var á næsta leiti. Aðdragandi og framkvæmd gjaldþrotsins verður ekki rakin hér. Hins vegar vil ég minna á smán réttarkerfisins.

*Fjórir bankastjórar Útvegsbankans, vammlausir menn, voru sviptir starfi sínu og æru vegna Hafskipsmálsins. Þeir voru sýknaðir sex árum síðar. Hver ber ábyrgð á áfalli og vanlíðan fjögurra fjölskyldna í sex ár?*

**Glæpurinn**

Þegar maður les um borgara fjarlægra ríkja sem án saka eru teknir höndum á götum úti eða heima hjá sér og hverfa um tíma, fyllist maður óbeit á stjórnarháttum sem leyfa þetta. Ekki er auðvelt að horfast í augu við að slíkt viðgangist hér á landi, án athugasemda.

Þegar þrír menn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins birtast á heimili Ragnars Kjartanssonar 20. maí 1986 kl. 7 að morgni með heimild til húsleitar og handtöku, veit hann ekki hvaðan á sig stendur veðrið. Símhringing færir honum þær fréttir að fimm félagar hans hafi fengið sams konar heimsókn. Þegar Ragnar kveður eiginkonu sína og besta vin, Helgu Thomsen, segist hann gera ráð fyrir að koma heim síðdegis. Þetta hljóti að vera einhver misskilningur. Hann hafi ekkert að fela.

Teknar eru skýrslur af honum, síðan haldið í Síðumúlafangelsið og honum er vísað í klefa númer 17. „Hér er bjalla sem þú hringir ef þú þarft að ná sambandi við okkur og hér eru reglur fangelsisins,“ segir vörðurinn um leið og hann lokar rammgerðri hurðinni, rennir slagbrandi fyrir og læsir með lykli.

Klefinn er 2x3 metrar og lítil gluggaræma uppi við loft með þykku ógagnsæju gleri. Í þessari vistarveru er Ragnar Kjartansson frá 20. maí til 18. júní og fær ekki að tala við aðra en lögfræðing sinn og starfsmenn fangelsisins. Sama gildir um félaga hans. Hann veltir endalaust fyrir sér hvað geti hafa gerst og bíður eftir að vera kallaður til yfirheyrslu. Líkast til hefur átt að draga úr honum kjark því það líða tvær vikur án þess að talað sé við hann. Eftir það er náð í hann með nokkurra daga millibili, aðallega til að gefa skýringar á reikningum og bókhaldsþáttum sem engu máli skipta. Dagarnir eru langir. Næturnar lengri. Þegar hann fær frelsi er hann engu nær um hvaða glæpur það er sem réttlætir meðferðina á honum og félögum hans. Var það kannski aldrei annað en hugarburður embættismanns?

Enginn verður samur eftir svona reynslu. Höfundar Hafskipsævintýrisins koma sárir frá henni en uppréttir og með fullri reisn. Hvorki hið opinbera né viljugir fréttahaukar sem gera stórmál úr engu, hafa staldrað við og spurt hver hafi borið ábyrgð á þessu ofbeldi.

Fjórir bankastjórar Útvegsbankans, vammlausir menn, voru sviptir starfi sínu og æru vegna Hafskipsmálsins. Þeir voru sýknaðir sex árum síðar. Hver ber ábyrgð á áfalli og vanlíðan fjögurra fjölskyldna í sex ár?

Það er engin ástæða til að gleyma þessari sögu. En um leið er líka full ástæða til að halda upp á og muna Hafskipsævintýrið. Smitandi framkvæmdagleðina, hugmyndaauðgina, dirfskuna, samheldnina og gleðibraginn á vinnustaðnum. Meðan það var og hét var Hafskip nefnilega í raun og veru ævintýri!

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki











Heit tölva..
..sem nú fer kólnandi.



Loftkæling fyrir allar stærðir tölvu- og tæknirýma.
Rétt hitastig búnaðar lengir líftíma, eykur afköst og dregur úr líkum á hruni.
ís-húsið
Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogi - s: 566-6000
netverslun ishusid.is



Theódóra Kolbrún, eða Kolla eins og hún er kölluð af fjölskyldu og vinum, festi kaup á þessu forláta hjóli í Danmörku þegar hún var þar við vinnu síðastliðið sumar. Hefur það komið mjög góðum notum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Hreyfing, næring og hvíld

***Theódóra Kolbrún Jónsdóttir, 23 ára hjúkrunarfræðinemi, hugsar vel um heilsuna og segist einungis stunda þá hreyfingu sem henni finnst skemmtileg.***

„Mér finnst ekki gaman að fara á líkamsræktarstöðvarnar, sérstaklega ekki á sumrin þegar veðurblíðan leikur við okkur Íslendinga flesta daga. Ég fer örsjaldan, en þá þarf ég að þvinga mig til að fara," segir útivistarkonan og hjúkrunarfræðineminn Theódóra Kolbrún, en hún kýs frekar skemmtilega útihreyfingu. „Mér finnst fátt betra en að setja iPod í eyrun, setjast á hjólið mitt og hjóla um Reykjavík, jafnvel skella mér í sund í leiðinni en ég er mikil sundmanneskja og þykir mjög gaman að taka einn góðan sundsprett í Árbæjarlauginni, það er mín laug." Theódóra Kolbrún hjólar einnig ávallt í vinnuna. „Á þessum tímum er ekkert vit fyrir námsmenn að reka bíl, því ákvað ég að nota hjól sem mitt farartæki og sé ekki eftir því, kostar ekkert og manni líður svo ótrúlega vel, því maður hugsar um heilsuna jafnframt því að komast á milli staða."

En Kolbrún hugsar ekki aðeins um hreyfinguna heldur passar hún sig einnig á að borða hollan og næringarríkan mat. „Ég hugsa mikið um hvað ég borða, reyni að borða mikið af ávöxtum og drekka mikið vatn."

Þegar Kolbrún er innt eftir því hvað skiptir mestu máli í sambandi við heilsuna stendur ekki á svörum: „Svefninn skiptir öllu máli. Hann gefur okkur orkuna til að takast á við daginn," segir Kolbrún og heldur áfram leið sinni, hjólandi að sjálfsögðu.

*sigridurp@frettabladid.is*

allt heimili
Alla fimmtudaga

JÚLÍ
Kafbátur mánaðarins
PIZZABÁTUR
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum



SUBWAY
í fínu formi
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í júlí 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

**Vítamín** geta verið góð viðbót við holla fæðu til að fá öll næringarefnin sem líkaminn þarfnast.








# Andleg og líkamleg slökun

***Í amstri dagsins er oft erfitt að ná slökun þegar heim er komið og eiga margir erfitt með að festa svefn. Til eru margs konar hjálpartæki við slökun sem vert er að athuga.***

„Við erum með slökunartónlist og slökunarhugleiðslu þar sem talað er inn í taugakerfið og líffærin til að ná djúpri slökun, fólk hefur mikið verið að nota þetta til að hjálpa því að sofna,“ segir Herdís Björnsdóttir, eigandi búðarinnar Gjafir jarðar í Ingólfsstræti. „Við erum líka með hugleiðslutónlist og heilunartónlist sem nýtist eins, svona slakandi tónlist þar sem fólk fer inn í tónana og slakar vel á.“

Þegar Herdís er innt eftir því hvað sé nýjast stendur ekki á svari: „Við erum með talaðar hugleiðslur á íslensku, það er það nýjasta sem við eigum, þær byggjast upp á slökun.“

Til eru nokkrir titlar af íslensku diskunum, eins og Bara slökun og Prófkvíði. „Allir þessir diskar eru í þeim dúr að ná slökun, heila sjálfan sig og annað sem fólk þarf að eiga við, hvort sem það er andlegt eða líkamlegt.“

Herdís segir að slökunardiskar séu mjög vinsælir meðal fólks sem á erfitt með að festa svefn. „Það er mjög algengt að fólk komi hingað og biðji um leiðsögn um hvað sé best til að sofna. Þeir sem eru vinsælastir núna eru Heilaðu líkama þinn og Algjör slökun.“


Herdís Björnsdóttir, eigandi verslunarinnar Gjafir Jarðar, segir að það sé algengt að fólk biðji um leiðsögn um hvað sé best að nota til að sofna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


Snæfríður Jensdóttir, eigandi Betra lífs, segir að slökunardiskar séu mjög vinsælir hjá henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í versluninni Betra líf í Kringlunni fæst einnig mikið af slökunardiskum. „Við erum með mikið af slökunardiskum eins og frá Garðari Garðarssyni sem er eins konar sjálfsdáleiðsla, fólk er mjög ánægt með hann,“ segir Snæfríður Jensdóttir, eigandi Betra lífs.


Íslensku heilunardiskarnir eru það nýjasta á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar Snæfríður er spurð um hvað sé nýjast af nálinni segir hún að það séu hugleiðsludiskarnir. „Það hafa aldrei verið til hugleiðsludiskar, þeir eru nýkomnir og eru mjög vinsælir eins og slökunardiskarnir.“ *sigridurp@frettabladid.is*






# Næring á fimm tungumálum

***Bæklingur um næringu ungbarna sem gefinn er út af Lýðheilsustöð hefur verið þýddur á fimm tungumál.***

Bæklingurinn Næring ungbarna kom út á íslensku árið 2003. Hann hefur nú verið þýddur á ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og taílensku.

„Hér á Íslandi er hópur sem talar ekki íslensku,“ segir Elva Gísladóttir, verkefnastjóri næringar hjá Lýðheilsustöð, og bætir við að mjög mikilvægt sé að sá hópur fái upplýsingar um næringu ungbarna.

Spurð að því hvers vegna þessi fimm tungumál hafi orðið fyrir valinu, segir Elva það hafa verið gert í samvinnu við heilsugæsluna og Alþjóðahúsið. „Kannað var hlutfall fólks af barneignaaldri og hlutfall fólks með ungbörn. Það varð úr að þetta væri markhópurinn okkar fyrir þennan bækling.“


Bæklingurinn er aðgengilegur á netinu.

Ákveðið var að gefa þýðingarnar ekki út á prenti. Þær eru hins vegar aðgengilegar á www.lydheilsustod.is undir flipanum útgefið efni. „Æskilegt er að heilsugæslustarfsfólk afhendi bæklinginn um næringu ungbarna og ljósrit á viðkomandi tungumáli. Þá hefur fólk hvort tveggja í höndunum,“ segir Elva.

Íslenskur útdráttur var svo gerður úr bæklingnum og þýddur á tungumálin fimm. Hann er að finna á fyrrnefndri vefsíðu og hentugur fyrir þá sem eingöngu þurfa á kjarnanum um næringu ungbarna að halda.

Íslenski bæklingurinn um næringu ungbarna liggur hins vegar frammi á heilsugæslustöðum, en þegar komið er í ungbarnavernd fer fagfólk á staðnum yfir innihaldið með foreldrum eða forráðamönnum. *- mmf*









**Hestaferðir** eru skemmtilegar á sumrin. Ef fólk á ekki hesta má leigja þá á hestaleigum sem eru um allt land.

# Líf og fjör í bústaðnum

*Í sumarbústaðnum er gott að vera á sumrin með fjölskyldunni. Til þess að foreldrarnir geti slappað almennilega af er hins vegar ágætt að börnin hafi eitthvað við að vera.*

Gott er að eiga einhver útileikföng í sumarbústaðnum sem hægt er að vera með í garðinum því börn hafa gott og gaman af því að leika sér úti þegar veðrið er gott.

Þar sem íslenska sumarveðrið er hins vegar ekki alltaf fyrirsjáanlegt er líka ágætt að eiga spil eða kubba til að grípa til þegar viðrar alls ekki til útileikja. Í rigningu og roki getur verið ósköp notalegt að spila inni í hlýjum bústað við systkini og aðra ættingja.

*mikael@frettabladid.is*




Phlat Ball-boltinn er stórskemmtilegt leikfang sem er bæði frisbí-diskur og bolti. Honum er kastað á milli og breytist hann úr disk í bolta í loftinu. Boltinn fæst hjá Toys ´r us og kostar 1.699 krónur.



Víkingakubbarnir eru meðal vinsælustu leikfanganna þetta sumarið. Víkingakubbarnir eru skemmtilegt og spennandi spil þar sem leikmenn keppast við að fella alla kubbana niður nema konunginn. Víkingakubbarnir fást hjá Toys ´r us og kosta 1.199 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Allir verða að prófa að skjóta örvum úr boga. Þetta stórskemmtilega leikfang er tilvalið á túnið uppi í sumarbústað þar sem skotin eru æfð. Hægt er kaupa boga, örvar og skotskífu í Just for Kids í Faxafeni á 3.990 krónur.




Íslenska fuglaspilið er borðspil sem fjórir geta spilað í einu. Það sem er í boði er hljóðabingó, geisladiskur með fuglahljóðum, myndabingó og minnisspil. Spilið er ætlað fimm ára og eldri. Fuglaspilið er hægt að kaupa í Spilavinum á Langholtsvegi 126 og kostar það 5.100 krónur.






# lh hestar

ÍÞRÓTT • MENNING • LÍFSSTÍLL

Söngkonan Elísabet Alla
**sló í gegn á Landsmóti hestamanna**
BLS. 14



**ÞRIÐJUDAGUR 22. JÚLÍ 2008**



**Sólin skín á efsta stóðhest í fimm vetra flokki, Óm frá Kvistum.** MYND/JENS EINARSSON

## Síðan skein sól

Átjánda Landsmót hestamanna var haldið á Gaddstaðaflötum við Hellu fyrstu viku júlímánaðar. Mótið er það fjölmennasta til þessa. Talið er að um fjórtán þúsund manns hafi verið á svæðinu þegar flest var. Sunnlenskir vindar gerðu hressilega vart við sig á Rangárvöllum fyrstu daga mótsins. Í tvígang gerði storm sem stóð yfir í nokkrar klukkustundir í hvort skipti. Ætlaði þá allt um koll að keyra. Flugbjörgunarsveitin á Hellu kom fólki til aðstoðar sem þurfti að taka niður tjöld sín. Nokkrir fengu gistingu í íþróttahúsinu á Hellu. Sem betur fer varð þó ekkert úr slagviðri sem spáð var. Veðurguðirnir gengu síðan til liðs við hestamenn og þrjá síðustu daga mótsins naut fólk hverrar stundar í sól og blíðu.

## Upprunabók stækkar

Fyrir skömmu fór fjöldi hrossa í WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins, yfir 300.000 hrossa múrinn. Alls eru 300.200 hross skráð í upprunaættbókinni hinn 17. júní síðastliðinn. Um 74 prósent hrossanna voru fædd á Íslandi, eða 222.459, og næstflest íslensk hross eru skráð fædd í Danmörku um 9 prósent, eða 26.762 hross. Þegar Fengur, forveri WorldFengs, var opnaður árið 1991 fyrir 17 árum, þá voru um 9.000 hross í gagnagrunni hrossaræktarinnar á Íslandi. Í dag eru skráð hross fædd í 27 löndum. Þennan góða árangur má þakka frábæru starfi skrásetjara WorldFengs um allan heim og þátttakendum í skýrsluhaldi hrossaræktarinnar.

## Ekki skrílslæti að spila á gítar

Formenn nokkurra hestamannafélaga og aðrir sem vildu geta sofið í næði á LM2008 eru afar óhressir með það sem þeir kalla skrílslæti á tjaldstæðunum. Aðalhliðið var fært til að þessu sinni og ekki þurfti að fara í gegnum það til að komast inn á tjaldstæðin. Er það ætlan margra að tjaldstæðin hafi fyllst af unglingum sem hafi komið í þeim eina tilgangi að komast ókeypis á útihátíð. Framkvæmdastjóri Landsmóts segir að gæsla á svæðinu hafi brugðist. Formaður Flugbjörgunarsveitar segir skipulagsleysi um að kenna. Ekki sé hægt að kalla það skrílslæti að syngja og spila á gítar. Sjá fréttir á bls. 2.

# Dramatísk úrslit í A-flokki á Landsmóti

**Stóðhesturinn Aris frá Akureyri varð efstur í A-flokki gæðinga á Landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflötum. Knapi var Árni Björn Pálsson. Bættust þeir félagar þar með í hóp fárra útvaldra sem unnið hafa þennan titil, sem þykir einn sá eftirsóknarverðasti í hestamennskunni.**



**Árni Björn Pálsson fagnar sigri í A-flokki gæðinga á Aris frá Akureyri. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra afhenti verðlaunin.** MYND/JENS EINARSSON

Úrslitin í A-flokki voru dramatísk. Fyrirfram spáðu flestir hinum reynda knapa Sigurbirni Bárðarsyni fyrsta sætinu. Er það eini stóri titillinn sem hann hefur ekki unnið á löngum og litríkum ferli og því mikið í húfi. Hann hafði úr að spila tveimur úrvals gæðingum, þeim Stakki frá Halldórsstöðum, sem er í eigu Kára Stefánssonar, og Kolskeggi frá Oddhóli, sem er stóðhestur úr hans eigin ræktun. Kolskeggur var efstur bæði í forkeppni og milliriðli og þar með efstur inn í úrslit. Stakkur þurfti að keppa í B-úrslitum, vann þau og þar með réttinn til að keppa í A-úrslitum.

**ÆÐRI MÁTTARVÖLD GRÍPA Í TAUMANA**

Það ríkti mikil eftirvænting um það hvorn hestinn Sigurbjörn myndi velja. Stakkur er óhemju sterkur í úrslitum. Það fór kliður um brekkuna þegar hann reið Kolskeggi inn á völlinn. Það voru að sama skapi mikil vonbrigði þegar ljóst varð að Stakkur var ekki með í úrslitunum. Þótti mörgum það óvirðing við hestinn og mótsgesti. Kolskeggur byrjaði vel, var efstur þegar keppnin var hálfnuð. Hann varð hins vegar fyrir því óhappi að missa undan sér skeifu á brokkinu og átti enga möguleika eftir það. Þóttust margir skynja að þar hefðu æðri máttarvöld gripið í taumana. Sigurbirni hefði verið refsað fyrir að velja ekki Stakk. Árni Björn hélt hins vegar sínu striki á Aris. En það var mjótt á munum og úrslitin ekki ljós fyrr en síðustu tölur höfðu verið lesnar upp. Sjá viðtal við Árna Björn á síðu 10.

# Íslandsmótið í hestaíþróttum þrjátíu ára

Þrítugasta Íslandsmótið í hestaíþróttum verður haldið í Víðidal, félagssvæði Fáks í Reykjavík, dagana 24.–27. júlí. Mótið er það stærsta til þessa hvað þátttöku varðar, um 500 skráningar hjá um tvö hundruð knöpum.

Þetta er þriðja stóra mótið sem Fákur heldur á þessu ári. Reykjavíkurmótið í hestaíþróttum var haldið þar í vor og síðan hvítasunnumót Fáks, sem var gæðingakeppni og úrtaka fyrir Landsmót. Dagana 14.–17. ágúst mun Fákur svo halda Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna. Geri aðrir betur.

Allir helstu knapar landsins eru skráðir til leiks að þessu sinni og ljóst að hart verður slegist á toppnum. Skemmst er að minnast spennandi úrslita í tölti á LM2008 þar sem Viðar Ingólfsson á Tuma og Þorvaldur Árni Þorvaldsson á Rökkva börðust um hverja kommu í tölti. Í undirbúningi er að útbúa leiksvæði fyrir börn í Reiðhöllinni. Aðgangur að því verður ókeypis en skipulögð gæsla verður ekki á leiksvæðinu. Mótið hefst síðdegis á fimmtudag og lýkur síðdegis á sunnudag.

Því má bæta við að Fákur auglýsir eftir sjálfboðaliðum til starfa á mótinu. Í staðinn er í boði fallegur reiðjakki fyrir þá sem vinna að minnsta kosti átta klukkustundir. Þeir sem vilja slá til geta hringt í Jón Finn í síma 898-8445.



**Flestir bestu knapar og hestar landsins eru skráðir til leiks á Íslandsmótinu í hestaíþróttum. Þar á meðal eru þeir Viðar Ingólfsson og Tumi frá Stóra-Hofi sem sigruðu tölt á LM2008 eftir harða baráttu.** MYND/JENS EINARSSON



**Á heimsmeistaramótum styður hver þjóð sína menn.** MYND/JENS EINARSSON

## Vill auka félagsvitund

„Ég tel nauðsynlegt að vekja upp meiri félagsvitund á meðal hestamanna. Það eru hestamannafélögin í landinu sem standa að Landsmótinu. Þau ættu að vera sýnilegri á þeim vettvangi," segir Haraldur Þórarinsson, formaður LH.

„Við þurfum að taka þessa umræðu. Vera vakandi yfir því hvert við stefnum. Það er alveg ljóst að ímynd hestamannafélaganna sjálfra hefur farið halloka í mótshaldinu. Þetta er ólíkt því sem gerist í flestum öðrum íþróttagreinum. Þar er meiri áhersla lögð á gildi þess að vera í íþróttafélagi; að menn séu að keppa fyrir sitt félag, í félagsbúningi. Við getum litið til heimsmeistaramótanna. Þar á hvert land sitt svæði í áhorfendastúkunni. Það er keppni milli þjóða og mikil stemning. Allt í mesta bróðerni, en þetta þjappar fólki saman og gerir alla að virkari þátttakendum," segir Haraldur.



**Magnús Helgi og Þorsteinn taka við verðlaunum fyrir efstu sex vetra hryssuna á LM2008.** MYND/JENS EINARSSON

## Haukholtabræður á toppinn

Magnús Helgi og Þorsteinn Loftssynir í Haukholtum í Hrunamannahreppi fór beint á toppinn með fyrsta hrossið sem þeir rækta og fara með í dóm. Það er hryssan Elding frá Haukholtum, sem varð efst í sex vetra flokki hryssna á LM2008. Elding er undan Hrynjanda frá Hrepphólum og Fjöður frá Haukholtum, sem er ósýnd hryssa út af Feyki frá Hafsteinsstöðum og Gulltoppi frá Árnanesi. Þeir Haukholtabræður eru fyrst og fremst fjárbændur en ákváðu eftir veru sína á Hvanneyri að hefja hrossarækt. „Elding er hörkuhross, hún vill áfram," segir Magnús Helgi sem segir að í Haukholtum hafi alltaf verið til dugleg og góð reiðhross.

lh hestar
ÍÞRÓTT . MENNING . LÍFSSTÍLL

Málgagn Landssambands hestamannafélaga

**Útgefandi:** Landssamband hestamannafélaga
**Heimilisfang:** Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
**Netfang:** lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Jens Einarsson
**Netfang:** jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
**Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson
sími: 512-5435, GSM 822-5062

**HELSTU SAMSTARFSAÐILAR LH ERU:**

VÍS TOYOTA

# Að loknu landsmóti

Átjánda Landsmóti hestamanna lauk með magnþrunginni keppni í A-flokki gæðinga sjötta júlí síðastliðinn. Það var gleðilegt að líta yfir mótssvæðið á Gaddstaðaflötum þar sem litskrúðugt mannhafið breiddi úr sér í brekkunni og hyllti hrossin og knapa þeirra ákaft í lokin.

Það er mikil sæmd hverjum hestamanni að koma gæðingi sínum á Landsmót. Að baki liggur margra ára þrotlaus vinna, seigla og einbeitni. Á Landsmótum skipa knapar og hross fyrsta sess í gríðarlega umfangsmikilli sýningu og keppni sem í dag er stærsti íþróttaviðburður landsins. Draumur margra ræktenda rættist á Landsmótinu á Hellu og óska ég þeim innilega til hamingju með glæsilegan árangur. Einhverjir urðu að vonum vonsviknir en mæta vonandi til leiks á ný með áræðnina í farteskinu á Vindheimamela í Skagafjörð árið 2010.

Þrátt fyrir að íslenski gæðingurinn skipi ávallt höfuðsess á Landsmótum hefur þetta fjölsótta mót margar aðrar hliðar. Hestamennskan er í senn atvinnugrein og kaupmennska, en er að sama skapi fjölskylduvæn íþrótt þar sem ungir jafnt sem aldnir taka þátt. Landsmótin bera keim af þessu og hafa yfir sér skemmtilegan blæ íþróttarinnar í bland við sölu- og markaðsmál, útihátíðarstemningu og fjölþjóðleika.

Metaðsókn var á Landsmót hestamanna í þetta skiptið og það er sannfæring mín að þessi viðburður eigi mikla möguleika á að vaxa og dafna enn frekar hestamennskunni í landinu til framdráttar.

Landsmótið í ár er hið fjórða í röðinni sem rekið er undir merkjum einkahlutafélags. Mikil og dýrmæt reynsla hefur safnast á þessum árum og tel ég nauðsynlegt að staldrað verði við, litið yfir farinn veg og sýn mótuð inn í framtíðina. Þannig vinnum við enn betur að ævintýrum íslenska hestsins á Vindheimamelum árið 2010. Ég þakka hestamönnum og öllum hlutaðeigandi frábært samstarf á Gaddstaðaflötum 2008.



Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Landsmóts 2008.

# Skipulagsleysi fremur heldur en skrílslæti

„Nánast hver einasti einstaklingur á tjaldstæðunum var með armband LM2008. Þeir sem komu í sjúkraskýli og þeir sem lögregla þurfti að hafa afskipti af voru með armband,“ segir Svanur Sævar Lárusson, formaður Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu, sem sá um gæslu á Gaddstaðaflötum.

„Að okkar mati og lögreglunnar fór þessi fjölmenna samkoma mjög vel fram. Sögur um skrílslæti utanaðkomandi hópa sem borguðu sig ekki inn eiga ekki við rök að styðjast nema að mjög litlu leyti. Engin alvarleg slys urðu á fólki og engar kærur bárust vegna meintra brota.

Tjaldstæðin voru hins vegar ekki vel skipulögð. Ólíkir hópar voru of nálægt hverjir öðrum. Það eru alltaf nokkrir sem fara offari í að skemmta sér. En ég kalla það ekki skrílslæti að syngja og spila á gítar. Það heldur vissulega vöku fyrir fólki sem ætlar að fara snemma að sofa í næsta tjaldi. En við getum ekki gengið tjald úr tjaldi og sagt fólki að fara í háttinn klukkan eitt.

Það voru líka mistök að vera ekki með aðalhliðið út við veg eins og verið hefur. Að lokum þá tel ég rétt að geta þess að fulltrúar Landsmóts ehf. lögðu mikla áherslu á að halda starfsfólki okkar í lágmarki. Okkur tókst að hífa þá tölu aðeins upp. En tveir til fjórir menn í gæslu á tjaldstæði sem er nokkrir hektarar að stærð dugar engan veginn. Það sjá allir,“ segir Svanur Sævar Lárusson.



Séð yfir hluta tjaldstæðanna á Gaddstaðaflötum. Það eru hins vegar tjaldbúðir víkinganna í Rimmugýgi sem eru í forgrunni.
MYND/JENS EINARSSON

# Brestir í gæslu á Landsmóti 2008

**Svo virðist sem hliðgæsla og almenn gæsla á LM2008 hafi ekki verið sem skyldi. Aðalhlið voru ekki mönnuð allan sólarhringinn eins og venja er á Landsmótum. Hópar unglinga sem ekki keyptu sig inn á mótið komust óáreittir inn á tjaldstæðin og ollu þar nokkrum usla.**

**STJÓRNUNIN BRÁST**

„Það var skýr stefna mótsstjórnar að tjaldstæðin áttu aðeins að vera fyrir gesti Landsmóts,“ segir Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Landsmóts. „Sú breyting var gerð á skipulagi svæðisins að keppnis- og sýningarsvæðið var girt af, en tjaldstæðin höfð áfram á sínum stað fyrir utan. Það er skýrt kveðið á um það í samningi við Flugbjörgunarsveitina á Hellu að aðeins gestir með armband LM2008 hefðu aðgang að tjaldstæðunum. Ég vil taka það fram að við berum mikla virðingu fyrir óeigingjörnu starfi björgunarsveitanna í landinu. En í þessu tilviki erum við að greiða háar fjárhæðir fyrir þessa þjónustu. Því miður virðist eitthvað hafa farið úrskeiðis í stjórnun gæslunnar að þessu sinni og það olli mér og öðrum verulegum vonbrigðum. Þegar bæði framkvæmdastjóri og mótsstjóri finna sig knúna til að taka sér stöðu í hliðgæslu þá er eitthvað að.“

**FJÁRHAGSLEGT TJÓN HUGSANLEGT**

LH Hestar hafa öruggar heimildir fyrir því að aðalhliðið var ekki mannað allan sólarhringinn og fólk fór um hliðið í einhverjum mæli óáreitt. Er ekki ljóst að einhverjir hafa komist inn á svæðið án þess að borga og að LM hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni?

„Það er of snemmt að fullyrða nokkuð í þessu sambandi. Við erum með þetta mál til skoðunar og erum að safna saman upplýsingum. Auðvitað er það fjárhagslegt tjón ef margir komast inn án þess að kaupa miða. En það er ekki síður tjón fyrir ímynd Landsmótsins að unglingar skuli geta hreiðrað um sig á tjaldstæðunum og verið þar með óspektir og drykkjulæti. Okkur þykir mjög leitt að þetta skyldi henda og ég vil biðja þá sem í hlut eiga velvirðingar fyrir hönd Landsmóts,“ segir Jóna Fanney að lokum.

# Í meginatriðum gott

**„Landsmótið tókst í meginatriðum vel,“ segir Haraldur Þórarinsson, formaður LH. „Dagskráin hélst í skorðum, keppni og sýningar fóru vel fram og fólk skemmti sér vel. En eins og gengur voru nokkur atriði sem hefðu mátt betur fara.“**



Haraldur Þórarinsson ásamt Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra við setningu Landsmóts 2008.
MYND/JENS EINARSSON

**NOKKUR GRUNDVALLARATRIÐI**

„Það eru nokkur grundvallaratriði sem verða að vera í lagi á svona stórum útisamkomum svo allir verði ánægðir. Fólk verður að hafa greiðan aðgang að veitingum á viðunandi verði. Ég held að flestir hafi verið sáttir við þann þátt. Í öðru lagi þarf fólk að geta verið öruggt með að fá næði til að hvílast, geta verið öruggt á sínu tjaldstæði. Í þriðja lagi eru það salernismálin og í fjórða lagi veðrið.“

**ÓFYRIRSÉÐAR UPPÁKOMUR**

„Við urðum fyrir ófyrirséðum óþægindum á þessu móti. Í fyrsta lagi var veðrið ekki alveg upp á það besta fyrri part vikunnar og tvisvar gerði hreinlega storm í nokkra klukkutíma þannig að allt ætlaði um koll að keyra. Í öðru lagi fengum við óboðna gesti inn á tjaldstæðin, sem komu í þeim eina tilgangi að vera með ófrið og drykkjulæti. Þetta raskaði ró okkar fólks. Sumir urðu fyrir verulegri truflun og óþægindum. Í þriðja lagi sköpuðust biðraðir við salerni á mestu álagstímum; vandamál sem ætti að heyra fortíðinni til. Þessi mál verða tekin til rækilegrar skoðunar og verða örugglega rædd á ársþingi LH í haust. Að sjálfsögðu getum við ekki ráðið við veðrið, en skipulagið getum við bætt,“ segir Haraldur Þórarinsson.





# Athyglisverðar hugmyndir úr forsteyptum einingum!

Flatgryfjur | Fjós | Haughús | Hagaskjól | Hesthús | Reiðhallir | o.fl.

EININGAVERKSMIÐJAN

Breiðhöfða 10 | 110 Reykjavík | Sími 587 7770 | www.ev.is

## Hafrar & bygg

Fyrsta Íslandsmótið í hestaíþróttum var haldið á Selfossi 1978 á vegum Íþróttaráðs LH, sem stofnað var árinu áður. Keppt var í tölti, fjórgangi, fimmgangi, gæðingaskeiði, fimikeppni og hindrunarstökki. Unglingar kepptu í sérstökum flokki. Sleipnismenn á Selfossi tóku á honum stóra sínum við undirbúning mótsins, byggðu nýja velli, reiðgerði og áhorfendasvæði. Í fréttum eftir mótið var sagt meðal annars: „Vaxandi áhugi hefur að undanförnu komið upp hjá hestamönnum fyrir því að skipa hestamennsku á bekk með öðrum íþróttagreinum og vinna henni sess sem slíkri."

Reynir Aðalsteinsson var aðalmaðurinn á þessum árum. Hann keppti á Penna frá Skollagróf, varð efstur í fimmgangi og stigahæsti knapi mótsins. Sigurbjörn Bárðarson var að koma sterkur inn á þessum árum og sigraði gæðingaskeiðið á Garpi frá Oddsstöðum. Töltið sigraði Sigfús Guðmundsson á Þyti frá Hamarsheiði. Trausti Þór Guðmundsson varð efstur í fjórgangi á Svarta-Blesa frá Hindisvík og Eyjólfur Ísólfsson efstur í fimiæfingum á Glaumi frá Ytri-Hömrum. Gísli Gíslason var efstur í tölti unglinga á Kópi frá Hofstöðum og Tómas Ragnarsson varð efstur í íslenskri tvíkeppni.

Íslandsmót í hestaíþróttum hafa verið haldin á hverju ári síðan. Oftast á suðvesturhorninu en þó tvisvar á Dalvík, svo dæmi sé tekið. Undanfarin ár hafa þau verið tvískipt, fullorðnir sér og börn, unglingar og ungmenni sér. Umfang mótanna hefur aukist ár frá ári. Hestaíþróttin er orðin að viðurkenndri íþróttagrein. Á svokölluðum hestaíþróttamótum má sjá víðari hóp knapa en á kynbótasýningum og í gæðingakeppni. Fjölgun flokka fyrir áhugafólk hefur þar haft mikið að segja. Íslandsmótið í Víðidal 2008 er hið þrítugasta í röðinni. Til hamingju með afmælið!

# Snillingur fer á kostum

**Þórður Þorgeirsson fór á kostum í sýningum kynbótahrossa á LM2008. Er mál manna að hann hafi aldrei verið betri. Reiðmennska hans er ekki lærð nema að litlu leyti. Sjötta skilningarvit greinir hann frá öðrum knöpum.**



Gaumur frá Auðsholtshjáleigu. MYND/JENS EINARSSON

Ferill Þórðar í fremstu röð spannar orðið aldarfjórðung. Hann kynnti sig til sögunnar 1983 þegar hann varð Íslandsmeistari í tölti á Snjalli frá Gerðum. Á FM1985 í Reykjavík var hann áberandi í röð yngri knapa. LM1990 var hans fyrsta stóra Landsmót. Þar hafði hann veg og vanda að afkvæmasýningu á Þokka frá Garði. Hann sló í gegn á Seimi frá Víðivöllum fremri 1992 og toppaði svo á LM1994 á Gaddstaðaflötum. Sýndi þar mörg topphross, þar á meðal hina ógleymanlegu Rauðhettu frá Kirkjubæ.

**SÝNISHORN FRÁ LM2008**

Þórður sýndi fjölda kynbótahrossa á LM2008 og fór á kostum. Hann sat meðal annars efstu hryssu í elsta flokki, Lukku frá Stóra-Vatnsskarði, sem setti heimsmet í einkunn. Hann sat hæst dæmda fimm vetra stóðhestinn, Óm frá Kvistum. Í sex vetra flokki annan og þriðja hest, Möller frá Blesastöðum 1A og Fróða frá Staðartungu. Í fjögurra vetra flokki hryssna Sölku frá Stuðlum, sem var í öðru sæti. Þetta er þó aðeins sýnishorn. Á myndinni situr Þórður stóðhestinn Gaum frá Auðsholtshjáleigu, sem stóð efstur í elsta flokki stóðhesta og fékk 9,05 fyrir kosti.



Röðull frá Kálfholti, knapi Ísleifur Jónasson. MYND/JENS EINARSSON

# Enginn Hrafn, Sörli né Orri

Ísleifur Jónasson, hrossabóndi í Kálfholti, náði langþráðu takmarki þegar gæðingur hans, Röðull frá Kálfholti, varð efstur í B-flokki gæðinga á LM2008. Ísleifur reið hestinum sjálfur.

Röðull er öflugur klárhestur með mikla yfirferð og fótaburð. Hann er af gömlum og grónum hestaættum; Hornafjarðarætt, Kolkuóssætt, Lýsingsætt frá Voðmúlastöðum og Fengsætt frá Eiríksstöðum. Faðir hans er Asi frá Kálfholti, Feykissonar frá Hafsteinsstöðum, og Ósk frá Kálfholti, Mánadóttir frá Ketilsstöðum. Í ætt Röðuls er enginn Hrafn frá Holtsmúla, enginn Sörli frá Sauðárkróki og enginn Orri frá Þúfu. Er hann líklega einn fárra keppnishesta á LM2008 sem ekki hefur þessa þrjá karla í ættartrénu.

Röðull og Ísleifur voru í toppbaráttunni á LM2006 fyrir tveimur árum. Þá munaði aðeins hársbreidd að þeim tækist að sigra þá Rökkva frá Hárlaugsstöðum og Hlý frá Vatnsleysu. Síðan þá hefur Ísleifur þjálfað Röðul af mikilli natni og nákvæmni. Hefur hann meðal annars nýtt sér nám sitt á Hólaskóla, sem hann tók í millitíðinni. Helstu keppinautar Röðuls í B-flokknum voru stóðhestarnir Eldjárn frá Tjaldhólum og Akkur frá Brautarholti.






# Uppgjör tveggja keppenda

Úrslitin í tölti eru jafnan einn af hápunktum Landsmóts. Þau eru á besta stað í dagskrá á laugardagskvöldi. Sigurður Sæmundsson hefur verið þulur í þessum dagskrárlið svo lengi sem elstu menn muna.

Að vanda náði Sigurður upp mikilli stemningu í brekkunni. Fyrirfram var gert ráð fyrir að úrslitin yrðu fyrst og fremst uppgjör tveggja keppenda, þeirra Þorvaldar Árna Þorvaldssonar á Rökkva frá Hárlaugsstöðum og Viðars Ingólfssonar á Tuma frá Stóra-Hofi.

Það gekk eftir, en þó með nokkrum hlykk. Jón Páll Sveinsson á Losta frá Strandarhjáleigu gerði þeim nokkurn usla og var efstur að stigum eftir fyrstu tvö atriði keppninnar, hægt tölt og hraðabreytingar. Hann á hins vegar enn þá í erfiðleikum á greiða töltinu. Ungur hestur í keppni. Losti er undan Bikar frá Hólum í Hjaltadal, sem er af svokallaðri B-línu Hólabúsins.

Á greiða töltinu fóru Þorvaldur og Rökkvi á kostum og flestir gerðu ráð fyrir að sigurinn væri í höfn. En svo var þó ekki. Viðar og Tumi sigldu lygnan sjó mitt í öldurótinu og eftir sviptingar í einkunnum og flókna útreikninga kom í ljós að þeir voru fimm kommum hærri en keppinauturinn. Kærkominn sigur var í höfn.



Þorvaldur og Rökkvi sækja að þeim Viðari og Tuma á greiða töltinu. MYND/JENS EINARSSON


Króm & Stál ehf.
Hvaleyrarbraut 2 · 220 Hafnarfjörður · S: 565 2546 / 863 2548 · krom@kromogstal.is
Ryðfríar inntéttingar í hesthús og önnur gripahús.



















## Hestamenn á netinu

**FRÉTTAMIÐLAR:**
www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is
www.horse.is

**STOFNANIR:**
www.feif.org
www.lhhestar.is
www.holar.is
www.landsmot.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

**HROSSABÚ (SÝNISHORN):**
www.strandarhofud.is
www.akurgerdi.is
www.arabaer.is
www.armot.is
www.austurkot.is



**Framkvæmdanefnd Landsmóts tekur við gjöf víkinganna.**
MYND/JENS EINARSSON

# Rúnir ristar í stein

Víkingafélagið Rimmugýgur sló upp tjaldbúðum á Landsmóti hestamanna. Sýndu þeir þar forna háttu forfeðra okkar, bardagalist og handverk. Í mótslok færðu þeir Landsmóti stein að gjöf, ristan rúnum.

Koma víkinganna vakti mikla lukku á Landsmótinu. Sýningar þeirra voru áhugaverðar og straumur fólks var í tjaldbúðirnar. Sýningar Rimmugýgjar eru ekkert plat. Þar er eldur í smiðju, lambsskrokkar á teini, myntslátta í gangi, skartgripir í smíðum og fleira og fleira. Bardagasýningarnar njóta ávallt mikilla vinsælda en mörgum þykja þær helst til raunverulegar. Vopnin eru ekta og eru smíðuð að fyrirmynd frægra áhalda úr fornsögunum. Víkingarnir færðu Landsmótinu gjöf í kveðjuskyni, eins og þeirra er háttur. Er það steinn sem er rúnum ristur. Þar stendur: Landsmót var haldið hér á Gaddstaðaflötum.

# Jakob og Glotti á toppinn

**Stóðhesturinn Glotti frá Sveinatungu stóð efstur í röð sex vetra stóðhesta á LM2008 með 8,58 í aðaleinkunn, þar af 8,88 fyrir kosti. Faðir hans, Gustur frá Hóli, var bestur stóðhesta á sama stað fyrir fjórtán árum.**



**Jakob fagnar sigri á Glotta frá Sveinatungu.** MYND/JENS EINARSSON

Ræktendur Glotta eru Jósef Valgarð Þorvaldsson á Víðivöllum fremri og Þorvaldur Jósefsson, kenndur við Sveinatungu. Eigandi er Sigurður V. Ragnarsson í Keflavík.

Móðir Glotta er Sonnetta frá Sveinatungu, sem á að öfum þá Gust frá Sauðárkróki og Borgfjörð frá Hvanneyri. Glotti var fyrst sýndur fjögurra vetra og fékk þá 7,67 fyrir sköpulag. Hann hefur braggast mikið síðan og heldur nú á 8,11 fyrir þann þátt. Hann hefur alltaf sýnt af sér einstaka geðprýði og vilja til að þóknast knapanum, fær 9,5 fyrir vilja og geðslag, sem og skeið.

Knapi á Glotta var Jakob Sigurðsson. Hann sýndi mörg úrvals góð hross á mótinu, meðal annarra bræðurna Arð og Auð frá Lundum í Borgarfirði, sem vöktu mikla athygli og eru stjörnuhestar í stóðhestum. Jakob fékk viðurkenningu Félags tamningamanna á Landsmótinu fyrir góða reiðmennsku.

# Samspil Benedikts Líndal

**Ný kennslubók í tamningu og þjálfun hesta var kynnt til sögunnar í markaðstjaldinu á LM2008. Höfundur bókarinnar er Benedikt Líndal tamningameistari. Ber hún nafnið Samspil.**



**Benedikt áritar bók sína í markaðstjaldinu á LM2008.** MYND/JENS EINARSSON

Benedikt hefur áður gefið út kennslumyndböndin Frumtamning og Þjálfun, sem bæði fengu mjög góðar viðtökur. Bókin Samspil er beint og óbeint framhald af myndböndunum og er lokakaflinn í þeirri þrennu. Vísar textinn í bókinni oftar en ekki í myndböndin. Tónninn í bókinni er líkur og í myndunum. Ekki of fræðilegur, ekki of formlegur. Lesandinn upplifir sig sem þátttakanda í spjalli við vin og kunningja sem hefur góð ráð undir rifi hverju en er alls ekki að þröngva sínum skoðunum upp á aðra.

**VIRÐING FYRIR HESTINUM**

Virðing Benna fyrir hestinum er rauður þráður í gegnum þessi þrjú verk. Allt hans líf snýst um hesta og flest sem þeim tengist. En það er „samspil" manns og hests sem alltaf situr í fyrirrúmi. Bókin Samspil er um 150 síður. Hún er prýdd fjölda fallegra mynda eftir Friðþjóf Helgason ljósmyndara. Friðþjófur var einnig á bak við kvikmyndavélina við gerð myndbandanna tveggja. Bókaútgáfan Uppheimar á Akranesi gefur bókina út.

# Blesastaðir 1A ræktunarbú LM2008

Blesastaðir 1A var kosið besta ræktunarbúið á LM2008 úr hópi tólf búa sem þar komu fram með hross sín í sérstakri sýningu ræktunarbúa. Áhorfendur kusu í GSM símakosningu. Í hópnum frá Blesastöðum voru sjö úrvals tölthross. Mörg hver hafa fengið 9,0 eða 9,5 fyrir tölt í kynbótadómi. Það á meðal stóðhestarnir Krummi, Krákur og Möller frá Blesastöðum 1A.

Ræktendur á Blesastöðum 1A eru Magnús Svavarsson og Hólmfríður Björnsdóttir. Þau hafa náð afar góðum árangri í sinni ræktun á tiltölulega skömmum tíma. Þau hafa lagt áherslu á að rækta hágeng, flott og viljug tölthross. Það hefur þeim tekist, eins og dæmin sanna.



**Hólmfríður Björnsdóttir og Magnús Svavarsson á Blesastöðum 1A taka við viðurkenningu fyrir besta ræktunarhópinn á LM2008.** MYND/JENS EINARSSON




Söðlasmiðurinn Mosó

Söðlasmiðurinn Mosó,
Kjarna, Þverholt 2, 270 Mosfellsbæ
opnar eftir sumarfrí **kl. 11:00 þann 8. ágúst**

Kjarna • Þverholt 2 • 270 Mosfellsbæ
www.icesaddle@icesaddle.net • Sími 566 7450




# Hrímnir

## Hnakkurinn sem lagar sig að hestinum

Xchange® system

*Hrímnir Legacy hnakkurinn sem inniheldur háþróað "X-Change" hnakkvirki með einstaka eftirgjöf og er stillanlegt, hefur algera sérstöðu hvað varðar mýkt og fjöðrun.*

Þetta byltingarkennda virki veitir möguleika á því að stilla vídd hnakksins með einföldum hætti.

Hestar eru með misvíðar herðar, en það eru margir þættir sem hafa þar áhrif svo sem bygging, þjálfunarstig, holdafar og stærð. Áríðandi er að hnakkurinn passi hverjum hesti til að ná fram hámarks árangri.

Fimm misjafnlega víðir stál vinklar sem falla inní hnakknefið laga hnakkinn að þínum hesti. Allt sem þarf er eitt skrúfjárn og nokkrar mínútur.







| N | M | MW | W | XW |
|---|---|---|---|---|
| Narrow | Medium | Medium Wide | Wide | Extra Wide |

Hrímnir hnakkarnir eru framleiddir úr hágæða efnum og með nýjustu tækni.

Bayer® Bayflex — Thermoshaped Foam

DuPont — Flex Tree

www.hnakkar.is

Lynghálsi 3
110 Reykjavík
540-1125

Lónsbakka
601 Akureyri
540-1150

LÍFLAND
betri búnaður

depto.com

## LANDSMÓT HESTAMANNA 2008



Hópreiðin var tilkomumikil að vanda.



Sigrún Sigurðardóttir, reiðkennari með meiru, klæddist íslenskum skautbúningi og reið í söðli við setningarathöfn LM2008.



Sturla Böðvarsson, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sestir í hnakkinn.





Rakel Natalie Kristinsdóttir var glæsilegur fulltrúi ungra knapa á Landsmótinu og komst meðal annars í A-úrslit í B-flokki gæðinga.



Hestamannafélagið Geysir var gestgjafi á LM2008, en Gaddstaðaflatir eru félagssvæði þess.



Garðar Cortes stjórnaði fjöldasöng af mikilli röggsemi.



Einar K. Guðfinnsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, tekur sig vel út á þeim jarpskjótta.






**KLERKUR FRÁ BJARNANESI**

verður til afnota í girðingu á Suðurlandi frá miðjum júlí.

*Getum bætt við örfáum hryssum*

Upplýsingar í símum 822 5062 og 893 1526 eða senda tölvupóst á btor@simnet.is eða olgeirola@simnet.is

*Skoðið nýja heimasíðu ræktunarbúsins Bjarnanes 1*

**WWW.BJARNANES.IS**





Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra setti Landsmót hestamanna 2008.






VAGNAR & ÞJÓNUSTA

WWW.VAGNAR.IS
S: 567-3440
TUNGUHÁLS 10





**Smíðum hestakerrur í ýmsum stærðum**
**Eigum allt til kerrusmíða.**







**Framleiðum breiða línu bílskúrs og iðnaðarhurða.**
**Sérsmíðum tvöfaldar gönguhurðir í hesthús.**



# WorldFengur

WorldFengur - upprunaættbók íslenska hestsins - veitir þér forskot!
Upplýsingar um 300 þúsund hross í 27 löndum.

**Bændasamtök Íslands - worldfengur@worldfengur.com**

## LANDSMÓT HESTAMANNA 2008



Landslið Íslands í skemmtanabransanum var að miklu leyti samankomið á LM2008. Jónsi og Helgi Björns voru þar á meðal.



Unga fólkið í hestamennskunni skemmtir sér konunglega á hestamótum.


VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU



**Allar gerðir af kerrum**
Allir hlutir til kerrusmíða

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is





REIÐSKÓLINN FAXABÓL

Faxaból 11. Víðidal
Sími: 822-2225

**Reiðskólinn Faxaból**
**býður uppá skemmtileg reiðnámskeið fyrir börn og unglinga.**

Eigum nokkur laus pláss á reiðnámskeiðin

**21.júlí - 1.ágúst og 5.ágúst - 15.ágúst.**

**Sjá nánar á**
**www.faxabol.is**




Hvað er svona merkilegt við það — að ríða í fánareið? Til dæmis!



Það var mikil gleði og stemning í brekkunni við setningu Landsmóts hestamanna 2008.



Það var hægt að finna ýmislegt til sölu á markaðstorgi LM2008, allt frá skartgripum til bújarða. Hér er það hins vegar hin íslenska lopapeysa sem hefur vakið áhuga vegfaranda.



Þessar konur voru hæstánægðar með lífið á Landsmóti hestamanna, sáu ekkert nema sólskin.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Haraldur Þórarinsson, formaður LH, við setningarathöfn Landsmóts.



Séra Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur í Odda, blessaði samkomuna.



Geir Haarde forsætisráðherra og Einar K. Guðfinnsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, taka undir í þjóðsöngnum. Sigurður Sæmundsson er þeim til halds og trausts.

TOP REITER

WELLENSTEYN Clothing Company

Geggjaðir jakkar vatns og vindheldir á tilboði fyrir Verslunarmannahelgina

~~Áður: 24.900 kr.~~

**Nú: 14.900 kr.**



**Top Reiter • Ögurhvarfi 2 • s. 565 5151 (búðin er upp á Vatnsenda Kópavogi í sömu götu og Bónus)**

# ÖRUGG ÞJÓNUSTA Í 12 ÁR!!!



## Láttu drauminn rætast

Eigum glæsilega hestvagna
frá American spirit.
Bæði 8 hesta vagna með lítilli
íbúð og 5 hesta vagna
með stórri íbúð.
Frábær aðbúnaður fyrir
menn og hesta.

**Eigum nokkra Ford F350 og Dodge RAM 2500 á gamla genginu og án hraðatakmarkara.
Ábyrgð og þjónusta.**



Dodge RAM 2500 6,7L diesel árg. 2008



Ford F350 6,4L Diesel árg. 2008

ib.is
IB ehf. Selfossi

***Sími: 4 80 80 80   Fossnesi 14   800 Selfossi***

# Árni Björn er reiðmaður af guðs náð

**Árni Björn Pálsson skrifaði nafn sitt á spjöld sögu íslenskra gæðinga á Landsmóti hestamanna 2008 þegar hann reið gæðingnum Aris frá Akureyri í efsta sæti í A-flokki gæðinga.**

Sigur hans kom engum í opna skjöldu. Hann hafði sýnt það í úrtöku hjá Fáki að hann var til alls líklegur. Flestir spáðu þó tengdaföður hans, Sigurbirni Bárðarsyni, sigri en hann hafði úr að spila tveimur stórkostlegum gæðingum, þeim Stakki frá Halldórsstöðum og Kolskeggi frá Oddhóli. Hvor um sig gat unnið úrslitin ef dagsformið var gott. Sigurbjörn valdi Kolskegg og allt stefndi í öruggan sigur hans. Hann varð hins vegar fyrir því óhappi að missa skeifu undan framfæti þegar úrslitin voru varla hálfnuð. Eftir það var fátt sem gat stoppað þá Aris og Árna Björn.

**ÓPERAN EKKI BÚIN ...**

„Nei, nei! Það er eins og einhver sagði: Óperan er ekki búin fyrr en sú feita hefur sungið,“ segir Árni Björn og er að vonum kátur með árangurinn. „Auðvitað hefði maður frekar kosið að vinna í keppni þar sem allir gátu klárað. En svona er þetta bara. Óhöppin gera ekki boð á undan sér.“

-Það hlýtur að hafa komið við þig þegar þú uppgötvaðir að tengdafaðir þinn var í vanda. En þú hefur ekki látið það slá þig út af laginu?

„Það var auðvitað sárt að Kolskeggur skyldi missa undan sér skeifuna. Ég sagði víst einhvers staðar að mig hefði aldrei langað jafnmikið til að járna hest. En í svona slag er maður svo einbeittur að sínu að það kemst lítið annað að. Maður reynir bara að klára sitt verkefni.“

**MIKILL GRIPUR OG GÆÐINGUR**

Árni Björn þakkar hestinum sem hann sat fyrst og fremst. Án hans hefði enginn sigur unnist. En hver er saga þessa hests?

„Aris er frábær gæðingur. Hann er í fyrsta lagi mjög fallegur og mikill gripur. Í öðru lagi þá eru allar gangtegundir mjög góðar og sem dæmi um það þá urðum við efstir í fimmgangi á Reykjavíkurmótinu í vor. Hann er líka með góðan kynbótadóm, 8,47 í aðaleinkunn, þar af 8,62 fyrir hæfileika. Það má því segja að hann sé góður hvar sem á hann er litið.

Sigurbjörn keypti Aris norður í Eyjafirði fjögurra vetra. Hann var þá ótaminn. Hann er undan Grun frá Oddhóli, sem skýrir kannski áhuga Sigurbjörns á hestinum. Móðir Arisar er Kátína frá Hömrum í Eyjafirði. Í hennar ætt eru frægir gæðingar á borð við Náttfara frá Ytra-Dalsgerði og Hlyn frá Akureyri, sem báðir slógu í gegn á LM1978 á Skógarhólum, nokkrum árum áður en ég fæddist,“ segir Árni Björn, sem enn þá er ungur að árum, fæddur 1982.


Aris frá Akureyri skeiðar til sigurs í A-flokki, knapi Árni Björn Pálsson. MYND/JENS EINARSSON

**EKKI ÞRAUTALAUS GANGA**

„Það kom í minn hlut að temja Aris. Það hefur ekki gengið þrautalaust. Hann skar sig á fæti sumarið sem hann var fjögurra vetra og því lítið hægt að þjálfa hann á fimmta og sjötta vetur. Helgi Sigurðsson dýralæknir gerði síðan aðgerð á honum í fyrra sem heppnaðist svo vel að hann er nú alheill. Það var því ekki fyrr en síðastliðinn vetur sem hægt var að þjálfa hann fyrir alvöru.“

**ÞAÐ ER ÞESSI ÖGRUN**

Árni Björn er af þekktum hestamannsættum, dóttursonur Árna Jóhannssonar á Teigi í Fljótshlíð, sem er bróðir Alberts heitins Jóhannssonar, sem var formaður Landssambands hestamannafélaga í mörg ár. Þar var hann í sveit í tíu sumur og þurfti þá að gera fleira en öllum hestastrákum úr Reykjavík þykir gott; sækja kýrnar og mjólka þær, auk annarra starfa sem tilheyra hefðbundnum búskap. En á Teigi voru líka góðir hestar.

„Það var góður skóli að vera í sveit hjá afa. Hann hefur alltaf átt góð hross. Til dæmis út af Hrafni frá Kröggólfsstöðum, hágeng og rúm klárhross. Ég fékk að fara á bak þessum góðu hrossum og það hefur reynst góður grunnur. Fyrsta keppnin sem ég tók þátt í var einmitt í Fljótshlíðinni, á 17. júní. Ég var ellefu ára. Þar fékk ég þessa bakteríu; að ná tökum á hesti, temja hann, þjálfa og leggja síðan árangurinn undir mælistiku. Það felst í þessu ögrun sem erfitt er að útskýra.“

**KEYPTI KEPPNISHESTINN SJÁLFUR**

„Foreldrar mínir eru í hestamennsku og pabbi ríður mikið út. Þau hafa hins vegar aldrei haldið því sérstaklega að mér að taka þátt í keppni, þótt þau hafi stutt mig dyggilega. Það kom bara af sjálfu sér. Ég keypti minn fyrsta keppnishest sjálfur þegar ég var sextán ára, fyrir peninga sem ég hafði náð að skrapa saman. Hann hét Fjalar frá Feti. Ég komst í úrslit á honum í unglingaflokki á Landsmóti 1998 og 2000. Hann meiddist síðan á fæti og


Árni Björn á Leikni frá Vakursstöðum á fyrsta ári í tamningu. MYND/JENS EINARSSON


„Það kemur fyrir að við tölum um eitthvað annað en hesta, en það er ekki oft.“ Árni Björn með unnustu sinni, Sylvíu Sigurbjörnsdóttur, sem einnig er á kafi í hestamennskunni. MYND/JENS EINARSSON

**HRINGGERÐI**
í ýmsum stærðum. Fljótleg og auðveld í uppsetningu.

**HLIÐGRINDUR**
stækkanlegar allt að 1 metra.




Bugðutanga 3 - Mosfellsbæ - Sími 894 5111 - www.brimco.is

# Á framtíðina fyrir sér

Stóðhesturinn Seiður frá Flugumýri II þykir einn af þeim athyglisverðari sem fram hefur komið í yngri stóðhestum. Hann er stórmyndarlegur og fagurlega skapaður, allar gangtegundir efnilegar. Hann jafnaði heimsmet í aðaleinkunn á mótinu.

Seiður er fæddur þeim Páli Bjarka Pálssyni og Eyrúnu Önnu Sigurðardóttur á Flugumýri. Hlutafélag hefur verið stofnað um hestinn. Seiður er undan Kletti frá Hvammi og Sif frá Flugumýri II, sem einnig er úr ræktun þeirra hjóna. Hann setti heimsmet í aðaleinkunn fjögurra vetra stóðhesta í forskoðun á Sauðárkróki í vor, 8,39, knapi Mette Mannseth. Nokkrum dögum síðar sló Kappi frá Kommi metið, fór í 8,42. Knapi á honum var einnig Metta Mannseth.

En gengið er fallvalt hjá fjögurra vetra trippum. Á Landsmótinu var Kappi ekki í sínu besta formi en Seiður heldur að sækja sig. Það fór svo að Seiður jafnaði heimsmetið og stóð efstur í sínum flokki. Mette sýndi mörg önnur hross á mótinu með glæsilegum árangri. Má þar nefna efstu hryssu í fimm vetra flokki, Pílu frá Syðra-Garðshorni.


Mette Mannseth á Seið frá Flugumýri II. MYND/JENS EINARSSON

var felldur ellefu vetra.“

**Á GÓÐUM HESTUM**

Árni Björn hefur komist áfram í hestamennskunni af eigin rammleik. Hann er reiðmaður af guðs náð og duglegur að auki. Hann hefur sóst eftir tækifærum, fengið þau, og tekist að spila rétt úr þeim. Minnisstæð eru systkinin Leiknir og List frá Vakursstöðum undir hnakk hjá Árna Birni. Vilja margir fullyrða að þau hafi ekki verið glæsilegri og betri í annan tíma. Einnig klárhesturinn Muggur frá Hafsteinsstöðum sem Árni Björn sýndi með tilþrifum á LM2006 og var í öðru sæti inn í A-úrslit.

„Það var gaman að vinna fyrir Valdimar og Halldóru Bergstað. Þau eru mjög áhugasöm. Leiknir og List voru ákaflega skemmtileg, fljót til og viljug, rakin keppnishross. Muggur var einnig frábær hestur, hafði ekki mikinn fótaburð á hægu en svakalega rúmur. Ég vil líka minnast á að ég vann töluvert hjá Gunnari Arnarsyni. Það var lærdómsríkt. Hann var ósinkur að lofa mér að prófa öll bestu hrossin og fyrir það er ég honum þakklátur. Ég lærði mikið á því.“

**EKKI GENGIÐ MENNTAVEGINN**

Árni Björn hefur ekki gengið menntaveginn í hestamennskunni eins og svo margir á hans aldri; farið á Hólaskóla og þreytt próf inn í Félag tamningamanna. Það fer ekkert á milli mála að hann er fljúgandi reiðmaður. Reiðmennska hans minnir þó fremur á hinn gamla íslenska reiðskóla, þar sem gæðingar eru látnir skyrpa úr hófum, fremur en hinn klassíska reiðskóla.

„Ég er alls ekki á móti því að fara á Hólaskóla. Sennilega er nauðsynlegt að hafa þessi réttindi þegar fram í sækir. Mér finnst það þó ekki hafa háð mér fram að þessu. Þetta er allt til skoðunar. Ég fylgist vel með öllum nýjungum og sæki námskeið hjá góðum kennurum. Ég hef prófað þetta allt saman, þar með talið sundið, fjórhjólið og fimiæfingarnar. Ég nota það allt í hófi. Mér finnst þó skemmtilegast að ríða út, teyma upp á gamla móðinn. Það er ekkert mál að teyma graðhesta með sér í hendi í útreiðartúr. Bara spurning um að kenna þeim það. Hestunum finnst það líka skemmtilegra, að hafa félagsskap af öðrum hesti,“ segir Árni Björn að lokum.


# ÚTIVISTARSÍMINN
## sem þorir og þolir


Flúðasiglingin var rosaleg, allt rennblotnaði en síminn virkaði.


30 mínútum áður en sá stóri tók.


Þekki þessi ekki neitt. Fannst þau bara svo ekta þýsk eitthvað.


Skemmtilegt sjónarhorn. Nonni skal aldrei komast með tærnar þar sem ég hef hælana.





Nenni þessu varla aftur, en það var gaman meðan á því stóð.


Á skíðum skemmti ég mér…


Blautasta Hróarskelduhátíðin hingað til, að utan sem innan.


Þetta var frábær ferð og kjötið ljúffengt.


Sætt.

**Högg,- ryk- og rakavarinn (IP54) • VGA myndavél • Bluetooth**
**Vasaljós • Stereo FM-útvarp • Innbyggður hátalari**

Heildsöludreifing og þjónusta: Tæknivörur, Skútuvogi 12c
TÆKNIVÖRUR
M110 fæst hjá Vodafone og Símanum, auk viðurkenndra söluaðila um land allt
vodafone Síminn SAMSUNG



# Back on Track®

**BackOnTrack – pathway to pain relief**






**Dr. Susanne Braun,**
**Dýralæknir, sérsvið í hestasjúkdómum og IVCA kiropraktor.**
*Ég hef notað vörunar frá Back on Track síðustu þrjú árin, bæði fyrir sjálfan mig og mjög mikið við meðhöndlun hesta.*

- *Sem fyrirbyggjandi meðferð og einnig sem hluti af minni meðhöndlun ráðlegg ég, sérstaglega á veturna þegar hestar standa í hesthúsinu nánast allan sólarhring, notkun á Combi Wrap fótvafningum frá Back on Tack.*
- *Með því að örva blóðflæði í sinum og fótliðum hesta sem standa á húsi má fyrirbyggja álagmeiðsli, sem hætt er á að hestanir verða fyrir í leiðinda færð og þegar meiri hætta er á að þeir missi fótanna eða renna til.*
- *Sömu upphitunarreglur og lögmál gilda fyrir bakvöðvana. Skynsamlegt í þessu samhengi er að setja ábreiðu, fótvafninga á hestinn 2 til 3 klukkustundum fyrir reiðtúrinn. Það örvar blóðflæði, mýkir og hitar vöðvana og minnkar spennu i sinum, sem verða mýkri*

**Hestinum líður betur og gefur meira af sér.**
*Back on Track vörunar byggja á fornri kínverskri þekkingu og reynslu, niðurstöðum nútíma vísindarannsókna og einstakri þekkingu í efnisgerð og vefnaði. Niðurstaðan er einstök vefnaðarvara úr polyester / polypropylen efni með innbrenndu keramik, sem notuð er í vörunar frá Back on Track.*
*Keramikið í efninu endurvarpar líkamshita í formi hitageislunar, orkuforms sem hefur sýnt sig hafa góð verkjastillandi áhrif. Hitageislunin örvar og eykur svæðisbundið blóðstreymi og getur dregið úr bólgum, létt á vöðvaspennu, minnkað þrota og þannig flýtt fyrr bata.*

**Í Back on Track vörulínunni er að finna vörur fyrir hesta, hunda og manneskjur.**
**Pantanir tekinn i síma 694 - 2333 eða 691 - 5005 á mail:order@natturaogheilsa.com,**



Gunnar og Kristbjörg taka við verðlaunum fyrir Gára frá Auðsholtshjáleigu. Kristinn Hugason, fyrrverandi hrossaræktarráðunautur, lengst til vinstri. MYND/JENS EINARSSON

# Glæsileg og sterkbyggð

Gári frá Auðsholtshjáleigu hlaut efsta sætið í flokki stóðhesta sem sýndir voru til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi á LM2008. Hefur hann þar með gert sig líklegan í baráttunni um Sleipnisbikarinn að tveimur til fjórum árum liðnum.

Gári er úr ræktun þeirra Gunnars Arnarsonar og Kristbjargar Eyvindsdóttur á Auðsholtshjáleigu, undan Orra frá Þúfu og Limru frá Laugarvatni. Gári braut blað þegar hann hlaut 8,87 fyrir byggingu fjögurra vetra. Afkvæmi hans sverja sig í ættina hvað sköpulagið varðar og eru að auki viljug og glæsileg alhliða hross. Átján þeirra eru með fullnaðardóm og þar af eru átta með fyrstu verðlaun, eða tæpur helmingur.

Fjöldi hrossa frá Auðsholtshjáleigu tók þátt í kynbótasýningum og gæðingakeppni á LM2008. Til dæmis þá kepptu nafnarnir og frændurnir Eyvindur Gunnarsson og Eyvindur Hreggviðsson til úrslita í ungmennaflokki, báðir á hestum frá Auðsholtshjáleigu. Á ræktunarbússýningunni kom fram myndarlegur hópur frá búinu, sem taldi hvorki fleiri né færri en tuttugu og eitt hross, hvert öðru betra. Glæsilegur árangur og myndarlega að staðið.

# Söng fyrir fjórtán

**Söngkonan Elísabet Alla sló heldur betur í gegn á Landsmóti hestamanna. Hún er aðeins fimm ára, en var ekki vitund taugaóstyrk þótt áheyrendur væru um fjórtán þúsund.**

Elísabet Alla var sigurvegari í söngvakeppni barna sem fór fram í Húsasmiðjugarðinum svokallaða á LM2008, sem var leiksvæði fyrir börn. Hún flutti svo sigurlagið á kvöldvöku á laugardagskvöldið og heillaði viðstadda svo sannarlega upp úr skónum.

Elísabet Alla býr á Siglufirði hjá pabba og mömmu og Vigfúsi Fannari bróður. Söng- og leiklistarhæfileikana fékk hún frá Steinu frænku og Öllu ömmu á Sigló. Bróðir hennar, Vigfús Fannar, er líka tónlistarmaður, en segir að litla systir sé bróðurbetrungur á því sviði. Aðaláhugamál fjölskyldunnar er þó hestamennskan. Elísabet Alla ríður gjarnan fremst í flokki á hestinum sínum Robba, sem er vindóttur öðlingur.

**ROSALEGA GAMAN Á LANDSMÓTI**

„Elísabetu fannst rosalega gaman á Landsmótinu,“ segir móðir hennar, Sigríður Vigfúsdóttir. „Húsasmiðjugarðurinn sló alveg í gegn. Það er óskaplega mikill munur að fá fría gæslu fyrir börnin á svona skemmtilegu leiksvæði. Það gerir fjölskyldufólki mun auðveldara fyrir að sækja Landsmótin og hafa alla með. Þótt börn hafi gaman af hestum þá hafa þau enga eirð í sér að horfa á keppni og sýningar allan daginn. Þetta gefur foreldrum kost á að sitja lengur í brekkunni og horfa á gæðingana í brautinni.“

En hvernig er það á Sigló, er hestamennskan búin þegar Landsmótið er búið?

„Nei, síður en svo,“ segir Sigríður. „Sumarið er aðaltíminn í hestamennskunni. Þá erum við með hrossin á Fyrirbarði í Fljótum, sem er yndislegasta sveit á Íslandi. Þar er alltaf mikið um að vera, fullt af krökkum og margt brallað; fylgst með folöldunum, hreiðrunum og endalaust hægt að leika sér. Og svo förum við með hestana á Æskulýðsmót Norðurlands á Melgerðismelum. Elísabet Alla verður að sjálfsögðu með, enda nýbúin á viku reiðnámskeiði,“ segir Sigríður.



Elísabet Alla söng lagið Bahama af mikilli innlifun fyrir Landsmótsgesti. MYND/JENS EINARSSON

SONUR GARRA FRÁ REYKJAVÍK

HVINUR FRÁ VORSABÆ

IS2001187960 Hvinur frá Vorsabæ 1



Frábært tölt [9.0] og brokk [9.5] - frábær vilji og einstakt geðslag [9.0] · Prúðleiki: 10

// SKÖPULAG: 8.23 // HÆFILEIKAR: 8.63 //

// AÐALEINKUNN: 8.47 // (Dæmdur 5 vetra)

Sérstaklega elskulegur í umgengni – alltaf mjög viljugur – folöldin og trippin undan honum renna á tölti og eru mjög spök – gefur mikið fax og tagl og marga liti.

Erum að setja merar í girðinguna.
Verð 50,000 kr. + vsk. (innif. 1 sónar og girðingagjald).

Sækjum merar úr nágrannasveitum að kostnaðarlausu.

VORSABÆR: 486 5596
EIRÍKUR: 898 1556
UNNUR LÍSA: 863 7121
hestahotel@vorsabaer.is

VORSABÆR HESTAHÓTEL SKEIÐUM

KVIKA



Ingunn Ingólfsdóttir, átta ára, á stóðhesti sínum, Hágangi frá Narfastöðum, á verðlaunaafhendingu á Landsmóti hestamanna. MYND/JENS EINARSSON

# Sérstakt samband frá upphafi

Stóðhesturinn Hágangur frá Narfastöðum er trúlega einn mesti öðlingur í röðum stóðhesta. Eigandi hans er Ingunn Ingólfsdóttir, sem er aðeins átta ára. Hún reið honum sjálf í verðlaunaafhendingu á Landsmóti hestamanna.

Hágangur var fjórði í röð sex stóðhesta sem sýndir voru til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi á LM2008. Það vakti mikla athygli þegar Ingunn kom ríðandi á honum í brautina. Hesturinn hlýddi henni í einu og öllu og brá sér hvergi, hvorki við klapp áhorfenda né hávaða úr hátalarakerfinu. Hann er undan Glampa frá Vatnsleysu og Heru frá Herríðarhóli, sem er undan Orra frá Þúfu. Í ættinni eru örir og skapmiklir viljahestar.

En svona er hrossaræktin. Þar getur allt gerst. Afkvæmi Hágangs eru flest klárhross eins og hann sjálfur, hágeng, viljug og geðgóð.

**EINSTAKLEGA BARNGÓÐUR OG TRAUSTUR**

Óhætt er að segja að Hágangur sé einstakalega barngóður og traustur. Hann hefur látið flest eftir eiganda sínum alveg frá því að hún gat sjálf haldið á beisli og klifrað á bak. Fræg er sýning þeirra í Fluguhöllinni á Sauðárkróki þar sem Hágangi var sleppt lausum og Ingunn, þá aðeins fjögra ára, beislaði hann, príladi á bak og reið honum um hallargólfið eins og ekkert væri.

„Þeirra samband hefur verið alveg sérstakt frá fyrstu tíð,“ segir Ingólfur Helgason á Dýrfinnustöðum, faðir Ingunnar. Það hefur aldrei komið upp á að hann hlýði henni ekki í einu og öllu. Ég keypti Hágang tveggja vetra og það var ákveðið strax að hann yrði hestur Ingunnar og skráður á hana. Hann er afskaplega þægur og traustur og afkvæmi hans hafa flest verið þæg í tamningu, eftir því sem ég best veit,“ segir Ingólfur.

# þúsund





Birna Ósk Ólafsdóttir tekur við verðlaunum fyrir efsta sætið í barnaflokki úr hendi Auðar Bjarkar Guðmundsdóttur. Jón Sigurbjörnsson, varaformaður FEIF, lengst til vinstri. MYND/JENS EINARSSON

# Landsmót ungu knapanna

Börn, unglingar og ungmenni voru vel ríðandi á Landsmóti hestamanna. Keppendur frá hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ stóðu sig vil, tóku gull bæði í unglinga- og ungmennaflokki.

Ýmsir vilja meina að keppnin í yngri flokkunum hafi verið hápunktar á LM2008 sem hefði mátt fá betri stað í dagskrá. Eitt er víst að hestakosturinn var lítið síðri en í eldri flokkunum. Einkunnir bera það líka með sér, á bilinu 8,60 til 8,80 á efstu keppendum. Áttundi keppandi í úrslitum í ungmennaflokki með 8,58, svo dæmi sé tekið.

Keppni í ungmennaflokki var spennandi. Þar bar sigur úr býtum eftir langa og stranga göngu Grettir Jónasson á stóðhestinum Gusti frá Lækjarbakka. Gustur er þekktur keppnis- og sýningarhestur og er mál manna að hann hafi aldrei verið betri en hjá þessum efnilega knapa. En Grettir fékk harða keppni. Sjaldan eða aldrei hafa verið jafnmargir efnilegir og góðir knapar í ungmennaflokki og nú.

Arnar Logi Lúthersson sigraði af nokkru öryggi í unglingaflokki á Frama frá Víðidalstungu. Sömu sögu er að segja um knapana í þessum flokki. Náttúru reiðmenn í hverjum hnakki. Í barnaflokki var það svo Birna Ósk Ólafsdóttir á hinum margreynda og farsæla keppnishesti Smyrli frá Stokkhólma sem bar sigur úr býtum með einkunnina 8,82.



Nýjung!
Sumarhúsaeigendur!
Fullbúnir rotþróarpakkar...
...allt í einum pakka!
1. Rotþró af réttri gerð með sérgerðum siturlögnum
2. Allt efni til fráveitulagna, rör, tengistykki og brunnar, í húsgrunninn og utan hans
3. Góðar og traustar leiðbeiningar um frágang rotþróar og siturlagna fylgja
4. Einangrunarplast í grunninn
5. Takkamottur fyrir gólfhitalagnir
VOTTUN HF ÍST ISO 9001 Vottað gæðakerfi síðan 1993
VOTTUN HF ÍST ISO 14001 Vottað umhverfisstjórnunarkerfi síðan 1999
Sparið peninga og verslið beint við framleiðanda vörunnar
BORGARPLAST
www.borgarplast.is
Sefgarðar 1-3a, 170 Seltjarnarnes og Völuteigur 31, 270 Mosfellsbær, sími 561 2211 og 896 2611, fax 561 4185, borgarplast@borgarplast.is

# FRÁBÆR SJÓNVARPSTILBOÐ







**Toshiba 20W300PG**
20" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., HD Ready, 20w Nicam Stereó, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

VERÐ 59.990
FRÁBÆRT VERÐ

**Toshiba 37C3000PG**
37" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., ActiveVision myndkerfi, Active Backlight kerfi, 9000:1 Dyn. Contrast, 8 ms svartími, 10 Bit Processing, HD Ready, DCDi Faroudja Prog. Scan, 3D Color System, 2 HDMI v1.3, 2 Scart, 1 VGA, 1 Component ofl.

VERÐ 129.990
FRÁBÆRT VERÐ

# TOSHIBA













**Toshiba 32A3000PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing III, HD Ready, 1.500:1 skerpu, Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 20w Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

VERÐ 89.990
FRÁBÆRT VERÐ

**Toshiba 32W330DG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., HD Ready, innb. DVB-T móttakari, 2 x 20w Nicam Stereó, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS of

VERÐ 99.990
FRÁBÆRT VERÐ

**Toshiba 42C3001PG**
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing III, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 8ms svart,. Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 20w Nicam Stereó með SRS WoW Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, ofl.

VERÐ 149.990
FRÁBÆRT VERÐ

**Toshiba 42C3530DG**
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p.uppl., PIXEL PROcessing IV, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Faroudja DCDI og Real Digital Picture, 2 x 25w Nicam Stereó með SRS WoW Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, ofl.

VERÐ 169.990
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfiringabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.


ÞÚ FINNUR DRAUMA-BÍLINN HJÁ OKKUR!
BESTA ÞJÓNUSTAN, MESTA ÚRVALIÐ!
Frábært úrval notaðra bíla og góðum kjörum. Kíktu á bilaland.is og skoðaðu þá alla!
TILBOÐSBÍLAR
500.000 - 1.500.000
1.500.000 - 3.000.000
3.000.000 - 4.500.000
ATVINNUBÍLAR
TILBOÐ IH 2.950.000,- kr
BMW 320I
Nýskr: 10/2005, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár,
Ekinn 80.000 þ. Verð: 3.650.000
IH 1.530.000,- kr
HYUNDAI GETZ
Nýskr: 03/2007, 1100cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 14.000 þ.
BL 2.690.000,- kr
AUDI A4
Nýskr: 12/2004, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 32.000 þ.
BL 3.850.000,- kr
BMW X3
Nýskr: 03/2005, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 31.000 þ.
BL 4.990.000,- kr
IVECO 50C
Nýskr: 05/2005, 3600cc
2 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 74.000 þ.
TILBOÐ IH 3.990.000,- kr
CADILLAC SRX
Nýskr: 01/2005, 3600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 51.000 þ. Verð: 4.650.000
IH 960.000,- kr
OPEL ASTRA-G-CC
Nýskr: 06/2002, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Grænn,
Ekinn 103.000 þ.
BL 2.960.000,- kr
BMW 318I
Nýskr: 06/2005, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 31.000 þ.
BL 4.490.000,- kr
HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr: 06/2007, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 14.000 þ.
IH 1.390.000,- kr
OPEL COMBO
Nýskr: 04/2005, 1600cc
6 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 32.000 þ.
TILBOÐ BL 2.190.000 ,- kr
HYUNDAI TERRACAN
Nýskr: 11/2004, 3500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur / Grár,
Ekinn 77.000 þ. Verð: 3.160.000
BL 850.000,- kr
RENAULT CLIO
Nýskr: 01/2004, 1100cc
3 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 63.000 þ.
BL 2.490.000,- kr
HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 02/2005, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár / Grár,
Ekinn 40.000 þ.
IH 3.890.000 ,- kr
NISSAN PATHFINDER
Nýskr: 12/2005, 2500cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 60.000 þ. Verð: 4.390.000
BL 1.160.000,- kr
RENAULT KANGOO
Nýskr: 10/2004, 1400cc
6 dyra, Beinskiptur, Gulur,
Ekinn 53.000 þ.
TILBOÐ BL 2.290.000,- kr
HYUNDAI TUCSON
Nýskr: 05/2005, 2000cc Disel
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn
50.000 þ. Verð: 2.780.000
BL 1.380.000,- kr
SAAB 9-5
Nýskr: 07/2001, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, ,
Ekinn 125.000 þ.
IH 1.890.000,- kr
OPEL ASTRA
Nýskr: 07/2006, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Gulur,
Ekinn 32.000 þ.
IH 3.580.000,- kr
RENAULT SCENIC II
Nýskr: 09/2007, 1900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 8.000 þ.
IH 1.660.000,- kr
RENAULT AT MASTER
Nýskr: 09/2003, 0cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 152.000 þ.
TILBOÐ BL 5.190.000 ,- kr
NISSAN PATROL
Nýskr: 10/2006, 3000cc Disel
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn
16.000 þ. Verð: 5.830.000
BL 1.490.000,- kr
TOYOTA LAND CRUISER
Nýskr: 05/1999, 3000cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 194.000 þ.
IH 2.750.000,- kr
SUBARU FORESTER
Nýskr: 02/2006, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 30.000 þ.
BL 3.030.000,- kr
SUBARU LEGACY
Nýskr: 07/2007, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 9.000 þ.
BL 2.650.000,- kr
RENAULT AT MASTER
Nýskr: 04/2006, 0cc
5 dyra, Beinskiptur, Gulur,
Ekinn 82.000 þ.
FINNDU RÉTTA BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS!
IH = SÆVARHÖFÐI 2
BL = GRJÓTHÁLS 1
bílaland
BILALAND.IS
GRJÓTHÁLSI 1 & SÆVARHÖFÐA 2

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óska eftir vaktstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi. Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is**

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu. Upplýsingar á staðnum.**

Vanur gröfumaður á vakta- og úthaldsvinnu óskast á beltagröfu. Góð laun í boði. Einungis vanir menn koma til greina. Uppl. í s. 891 7770.

**Veitingahúsið Hornið**
Veitingahúsið Hornið óskar eftir að ráða vaktstjóra í sal, unnið er á dagvöktum (frí um helgar). Sendið mail með mynd á hornið@hornið.is

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Þjóðhátíð nálgast! Prentum á boli með þinni áletrun á vinahópinn. www.figurastore.com

**Útsala Útsala!**
Rýmum fyrir nýjum vörum. Opið frá 10-19. Blómálfurinn. Vesturgötu 4 101 Reykjavík.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 2000 opið allan sólarhringinn.**

**908 6666**
**Erum tvær góðar í góðum gír. Leiðist þér í sumarfríinu. Hringdu í okkur. Opið allan sólarhringinn.**



**Viltu taka daginn snemma í sumar?**

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Pósthúsið

vísir.is
*„...ég sá það á vísi"*

## TIL LEIGU

Rekstur til leigu - *Great opportunity*
Rótgróinn skyndibitastaður til leigu.
Frábært tækifæri fyrir eina fjölskyldu.
*Takeaway in full operation for rent.*
*Ideal for one family.*
Svar sendist á/*please send to*
box@frett merkt: 369 fyrir 28. júlí nk.

## ATVINNA ÓSKAST

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

**Smiðir**
Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616
**Kraftafl ehf**

**Múrarar**
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

## TILKYNNINGAR

1908 2008 *Hafnarfjörður hundrað ára*

**Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær**

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi Suðurhafnar, Hvaleyrarbraut 32 í Hafnarfirði.**

Skipulags- og bguggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí 2008, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Suðurhafnar, Hvaleyrarbraut 32 í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að hámarkshæð byggingar verður 12 m miðað við aðkomuhæð frá Lónsbraut í stað 10 m áður.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 22. júlí 2008 - 20. ágúst 2008. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is/skipulag_og_framkvaemdir/skipulag Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 3. september 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingarnar teljast samþykkir þeim.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS


**NÚ KOSTAR BARA 500 KALL AÐ AUGLÝSA ÚTILEGUDÓTIÐ ÞITT TIL SÖLU**




# Láttu smáauglýsingar Fréttablaðsins koma gamla útilegudótinu í verð

**MARKAÐSTORG HEIMILANNA**

Dagana 24. júlí–14. ágúst bjóðum við auglýsingar í flokknum *Útilega* fyrir aðeins 500 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á *visir.is*. Skráðu inn auglýsinguna á *visir.is* eða hafðu samband við þjónustuver í síma 512 5100.

Afgreiðslan er opin alla virka daga frá 8–17 en tekið er við pöntunum í síma kl. 8–22, um helgar kl. 10–22 og á *visir.is*.



**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

# Rétt skal vera rétt

**UMRÆÐAN**
Jóhann Ísberg skrifar um skipulag á Kársnesi


JÓHANN ÍSBERG

Blaut tuska framan í íbúa Kársness – Þjófar að nóttu"; þetta eru stór orð frá forsvarsmönnum Betri byggðar um nýjar skipulagstillögur á Kársnesi. Skoðum fullyrðingar þeirra nánar.

**Íbúðamagn**

„Eldri hugmyndir frá apríl 2007 gerðu ráð fyrir rúmlega 800 íbúðum – nú er lagt til að íbúðir verði 1000-1200. Aukningin er 15-34%." (www.karsnes.is 9. júlí 2008).

Hið rétta er að í hugmyndum frá 2006 voru íbúðirnar 1.160 á umbótasvæðinu. Í tillögu frá í apríl 2007 hafði íbúðum verið fækkað í 1.061. Eftir að búið var að taka tillit til athugasemda fækkaði íbúðunum í 845. Í nýju hugmyndunum fækkaði íbúðum enn í 713. Á móti kemur að búið er að gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðinu í stað atvinnuhúsnæðis sem minnkaði umtalsvert. Í heildina verða því íbúðir samkvæmt nýjustu tillögum 971. Þetta er minnkun frá fyrri tillögunum um 100-200 íbúðir en aukning um 126 íbúðir frá síðustu hugmyndum um 845 íbúðir. Ekki er í neinu tilfelli um að ræða 200-400 aukningu eins og haldið er fram. Fjölgun íbúða frá hugmynd um 845 í 971 stafar af því að íbúðir eru fyrirhugaðar í stað atvinnuhúsnæðis á uppfyllingunni í dúr við óskir um blandaða byggð.

**Atvinnuhúsnæði**

„Tillagan gerir ráð fyrir 75.000 m² viðbót í atvinnuhúsnæði – en síðasta tillaga miðaði við 54.000 m². Þetta er aukning upp á 40%." (www.karsnes.is 9. júlí 2008). Þetta er rangt. Hið sanna er að þegar er til staðar atvinnu- og þjónustuhúsnæði, samtals 88.000 m² í umtöluðum reit á Kársnesi. Eldri hugmyndir lögðu til 54.000 m² af nýju atvinnuhúsnæði. Þegar búið var að taka tillit til að hluti eldra húsnæðis átti að víkja fyrir íbúðum hefði heildarmagn atvinnu- og þjónustuhúsnæðis aukist úr 88.000 m² í 109.500 m². Nýjustu hugmyndirnar hljóða hins vegar upp á 75.000 m² af atvinnu- og þjónustuhúsnæði í heildina á þessum sama reit.

Það er sama hvaða viðmið eru notuð, alltaf er um mun minna heildarmagn atvinnu- og þjónustuhúsnæðis að ræða.

Að komast að þeirri niðurstöðu að hér sé um 40% aukningu að ræða útheimtir talsvert framúrstefnulegar reikningskúnstir. Hefði mér orðið á að gefa íbúum Kársness rangar upplýsingar og ásaka ranglega starfsmenn skipulagssviðs þá bæðist ég afsökunar. Rétt skal vera rétt, segir stórum stöfum á vef Betri byggðar þessa dagana og hægt er að taka heilshugar undir það. Ég er viss um að margir íbúar á Kársnesi vilja heyra hvort foringjar Betri byggðar munu leiðrétta fullyrðingar sínar eða sýna okkur fram á með gildum rökum að ofansagt sé rangt.

**Deilur á röngum forsendum**

Til að gæta fyllstu sanngirni skal tekið fram að í undangengnu ferli hafa komið fram mismunandi tillögur þar sem eldra húsnæði er fjarlægt og nýju bætt við svo að erfitt getur verið að átta sig á tölunum. Þó er hægt að gera þær kröfur til forsvarsmanna íbúasamtaka, sem ætlast til að þeir séu teknir alvarlega og margir treysta til að gæta hagsmuna sinna, að þeir fari með rétt mál og vandi sig við framsetningu staðreynda. Það er ekki íbúum Kársness til hagsbóta að ata þeim út í stríð við bæjaryfirvöld á röngum forsendum. Hitt er svo annað mál hvort allir verði sáttir við fram komnar hugmyndir. Þar sýnist sitt hverjum. Hugmyndin með þessari kynningu var einmitt að fá fram ábendingar og hugmyndir bæjarbúa eins og Birgir Sigurðsson sviðstjóri tók skýrt fram á kynningarfundinum.

Sannleikurinn er sá að starfsmenn skipulagssviðs hafa unnið þessar tillögur af heiðarleika og lagt sig fram um að koma á móts við athugasemdir með hagsmuni allra Kópavogsbúa að leiðarljósi en ekki eins og „þjófar að nóttu" sem „beita blekkingarleik". Ég hvet alla til að kynna sér vel tillögurnar, ekki síst umferðarskýrslu þar sem einnig virðist ríkja einhver misskilningur um umferðarmagn.

Í þessu máli sem öðrum verðum við að komast að niðurstöðu sem styrkja mannlíf og auka lífsgæði íbúa Kársness en taka jafnframt tillit til heildarhagsmuna bæjarfélagsins. Vonandi geta þessar tillögur orðið grundvöllur að slíkri niðurstöðu og enn betri byggð á Kársnesi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Breyting frá tillögu des. '06 | 109.500 m² | í 75.000 m². 34.500 m². | 31,5% minnkun. |
| Breyting frá tillögu apr. '07 | 106.000 m² | í 75.000 m². 31.000 m². | 29,2% minnkun. |
| Breyting frá núverandi stöðu | 88.000 m² | í 75.000 m². 13.000 m². | 14,7% minnkun. |

*Höfundur er formaður Sjálfstæðisfélags Kópavogs og varamaður í skipulagsnefnd.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"





✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**sr. Birgir Snæbjörnsson**
fyrrverandi prófastur, Holtateig 48, Akureyri,

lést 17. júlí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. júlí kl. 13.30.

**Sumarrós Garðarsdóttir**
**Jóhanna Erla Birgisdóttir og fjölskylda**
**Birgir Snæbjörn Birgisson og fjölskylda.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Oddur Guðjón Örnólfsson**
Hlíf II,

lést á sjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 18. júlí. Útförin auglýst síðar.

**Kristín Guðrún Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Þórhildur Oddsdóttir** | **Jónatan Hermannsson** |
| **Margrét Oddsdóttir** | **Ólafur G. Jónsson** |
| **Örnólfur Oddsson** | **Védís Ármannsdóttir** |
| **Jón Halldór Oddsson** | **Martha Ernstdóttir** |
| **Gunnar Oddsson** | **Sólveig Guðnadóttir** |
| **Bára Elíasdóttir** | **Óskar Ármannsson** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Guðbjargar Guðmundsdóttur**
Skólabraut 3, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Vífilsstaða fyrir góða hjúkrun og umönnun.

**Reynir Guðmundsson**
**Gréta Guðmundsdóttir** **Runólfur Elentínusson**
**Símon Guðmundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aldís Sigurjónsdóttir**
Tindaflöt 5, Akranesi,

er lést á sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 18. júlí sl., verður jarðsungin frá Akraneskirkju fimmtudaginn 24. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Akraness.

| | |
|---|---|
| **Þóra Jósefsdóttir** | **Kristinn Steinarsson** |
| **Sigurjón Tómas Jósefsson** | **Guðrún Þóra Guðmundsdóttir** |
| **Róbert Jósefsson** | **Guðrún Björnsdóttir** |
| **Margrét Jósefsdóttir** | **Hermann Traustason** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,*

**Sigríður Kristín Pálsdóttir**
Stóru-Sandvík,

lést að morgni 16. júlí á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Selfossi. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 24. júlí kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda**

| | |
|---|---|
| **Ari Páll Tómasson** | **Guðrún Guðfinnsdóttir** |
| **Rannveig Tómasdóttir** | **Viðar Ólafsson** |
| **Magnús Tómasson** | **Líney Tómasdóttir.** |

**OSCAR DE LA RENTA ER 76 ÁRA Í DAG**

*„Tískuheimurinn hefur aldrei verið meira spennandi en í dag. Konur stjórna sínum eigin örlögum, neytandinn er meðvitaðri, og ég verð að vera betri hvern einasta dag."*

***Oscar de la Renta er einn af fremstu tískuhönnuðum í dag. Hann er fæddur í Dóminíska lýðveldinu árið 1932 en fluttist um tvítugt til Spánar þar sem hann fór fljótt að hanna fyrir fremstu hönnuði landsins.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 22. JÚLÍ 1933**

## *Flaug kringum jörðina*

Wiley Post varð fyrstur manna til að fljúga hringinn í kringum jörðina þennan dag fyrir 75 árum. Það tók Wiley sjö daga og nítján klukkustundir að fara þessa löngu leið og var honum tekið fagnandi af 50.000 manns þegar hann lenti í New York.

Wiley var frumkvöðull í flugbransanum og átti meðal annars þátt í að þróa fyrsta loftþrýstingsbúnaðinn. Flugferill Wileys hófst í flugsirkus þar sem hann stökk reglulega í fallhlíf. Hann missti augað við starfið en notaði slysabæturnar til að kaupa sér fyrstu flugvélina. Wiley lést aðeins 37 ára að aldri þegar hann missti stjórn á heimagerðri flugvél sem hann flaug ásamt vini sínum Will Rogers.



**VALA ÞÓRSDÓTTIR LEIKSKÁLD:** FAGNAR FERTUGSAFMÆLINU Í DAG

# Verkin mín í Tyrklandi

„Mér finnst alveg prýðilegt að verða fertug, lífið verður alltaf betra og betra," segir Vala Þórsdóttir leikskáld glöð í bragði. Vala er fertug í dag en hún stendur í flutningum um þessar mundir og ætlar að nýta daginn í þá. „Fertugsafmælisdagurinn er alveg jafn góður til þess eins og aðrir dagar. Kannski fer ég síðan út að borða í kvöld."

Vala ætlar að halda stóra veislu ásamt fleiri vinkonum næsta haust en langt er síðan hún hélt síðast upp á stórafmæli. „Ég hélt upp á þrítugsafmælið mitt þegar ég var átján ára. Ég bjóst við að annaðhvort væri ég líklegast dáin eða ég myndi ekki hafa neinn tíma til að halda upp á það þegar ég yrði þrítug. Ég var nú ekki dáin en ég hafði engan tíma til þess þannig að ég var óskөp glöð að hafa gert það þegar ég var átján ára."

Vala segir það hafa farið vel í sig að verða þrítug. „Þetta var bara eins og hvert annað afmæli. Svo núna hef ég svolítið verið að bíða og sjá hvort það gerist eitthvað við að verða fjörutíu ára, en ég hugsa bara að ég hafi ekki þennan sjokkstuðul í mér," segir Vala hlæjandi sem hefur ekki miklar áhyggjur af því að eldast enda lifa konurnar í hennar ætt allar vel og lengi. Sigríður Friðriksdóttir frænka hennar kom til dæmis í blöðunum um daginn í tilefni þess að vera orðin 100 ára gömul. „Hún er ein af þessum fögru konum í ættinni minni sem ná að lifa lengi og hlæja og vera glaðar. Það er sko allt of lítill tími til að vera í fýlu."



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VALA ÞÓRSDÓTTIR** Hélt upp á þrítugsafmælið sitt þegar hún var átján ára.

Vala er ekki mikið fyrir langtímamarkmið og eina sem hún setti sér fyrir afmælið var að vera búin að flytja inn í nýju íbúðina. „Ég náði því nú ekki, en ég næ allavega að hafa sofið í íbúðinni," segir hún hlæjandi. Það virðist lítil þörf fyrir langtímamarkmið hjá Völu sem hefur í nógu að snúast án þeirra. „Ég hef verið mikið á faraldsfæti upp á síðkastið, var nú síðast á frábæru höfundasetri í Visby á Gotlandi að skrifa. Ég er að skrifa handrit fyrir ýmsa miðla og svo er ég að gera örsagnabók sem gefin verður út í Tyrklandi næsta haust."

Það hljómar kannski ótrúlega að íslenskt kvenleikskáld sé þekkt í Tyrklandi en svo er nú samt með Völu. „Búið er að gefa út hluta af leikritunum mínum þar og verið er að þýða Eldhús eftir máli á tyrknesku, ásamt örsagnabókinni. Mikil þörf er á verkum fyrir konur í Tyrklandi. Ekki er mikið þýtt af evrópskum verkum, sérstaklega ekki eftir konur, svo verkin mín eru í stöðugri notkun í leiklistarskólum þar í landi."

Það er því nóg í gangi hjá leikskáldinu Völu sem segir mikilvægt að hafa mörg járn í eldinum. Hún ætlar þó að njóta dagsins í dag og biður fyrir kærri kveðju til vina og vandamanna sem búast mega við veislu með haustinu.

**mariathora@frettabladid.is**



✝

*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,*

**Ingibjargar Jónsdóttur**
frá Eskifirði.

Bestu þakkir til starfsfólks dagvistar og deildar 4 í Sunnuhlíð, Kópavogi. Guð blessi ykkur öll.

**Greta J. Ingólfsdóttir**
**Friðný Ingólfsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Auður Ingólfsdóttir** | **Bragi Michaelsson** |
| **Ingólfur Friðgeirsson** | **Svanhildur Sveinbjörnsdóttir** |

**og fjölskyldur.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gunnhildur Guðmundsdóttir**
Hvassaleiti 20, Reykjavík,

lést laugardaginn 19. júlí sl.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Guðmundur Sigurðsson** | **Valgerður Marínósdóttir** |
| **Áslaug Sigurðardóttir** | **Sveinn Hannesson** |
| **María Sigurðardóttir** | **Einar Loftsson** |
| **Hrefna Sigurðardóttir** | **Haukur Valdimarsson** |
| **Sigurður Sigurðsson** | |
| **Ingibjörg Sigurðardóttir** | **Bjarni S. Einarsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hilmars Þórs Björnssonar**
fv. útgerðarmanns, Árskógum 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Magnús Þór Hilmarsson**

| | |
|---|---|
| **Björn Þór Hilmarsson** | **Birna Katrín Ragnarsdóttir** |
| **Hilmar Þór Hilmarsson** | **Þórunn Arinbjarnardóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Jónsson**
stýrimaður, Laugarnesvegi 89,

lést á landspítalanum 20. júlí.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Vera Einarsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Þorgerður J. Einarsdóttir** | **Snorri H. Harðarson** |
| **Ólafur Einarsson** | **Sólveig Björnsdóttir** |
| **Hrönn Einarsdóttir** | **Óskar Bjartmarz** |
| **Jón Einarsson** | **Guðný Jóhannsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Skráðu þig í eitt glæsilegasta golfmót ársins.**
**Tveggja daga punktakeppni með niðurskurði.**

*Vinningar:*
*Tvær glæsilegar golfferðir fyrir tvo frá Sumarferðum til Spánar í haust*
*Tvær 30.000 kr. inneignir frá Kreditkorti*
*Sex 25.000 kr. símar frá Tali*
*Fimmtán 15.000 kr. Cintamani jakkar*
*Sex 10.000 kr. inneignir hjá Ecco búðunum*
*Fjöldi áskrifta að Stöð 2 Sport og Sport 2*

*Nánari upplýsingar á bylgjan.is og skráning á golf.is*

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

ecco CINTAMANI KREDITKORT SUMARFERÐIR TaL 2 SPORT GKG

GANGA.IS
Ungmennafélag Íslands

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



Ferskasta fiskmetið...
spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.
www.galleryfiskur.is
Fiskverslun
Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882
Gallery fiskur
Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað

365

TILBOÐ TIL HLUTHAFA 365 HF.

Tilboð opnað að nýju til miðvikudagsins 23. júlí 2008 kl. 16.00

Vegna fyrirhugaðrar afskráningar 365 hf. af skipulegum verðbréfamarkaði er hluthöfum 365 hf. gert tilboð um að selja hlutabréf sín í félaginu á gengi 1,20 kr. á hvern hlut. Tilboðið gilti til 11. júlí síðastliðinn en ákveðið hefur verið að opna það að nýju og mun tilboðið vera opið til kl. 16.00 þann 23. júlí næstkomandi.

Þeir hluthafar sem hafa ekki hug á að taka tilboðinu halda ósjálfrátt áfram sem hluthafar í óskráðu félagi 365.

Tilboðið er lagt fram á grundvelli nánari skilmála sem koma fram í bréfi sem sent var til hluthafa 3. júlí síðastliðinn. Í bréfinu eru einnig leiðbeiningar um tilboðið ásamt notandanafni og lykilorði, sem hluthafi verður að nota til að taka þátt í tilboðinu. Ef bréfið hefur ekki borist hluthafa skal hafa samband við 365 í síma 512 5000, þar sem eru veittar allar upplýsingar.

Stjórn 365 hf.

365 – Skaftahlíð 24 – 105 Reykjavík – Sími 512 5000 – www.365.is

Sumartónleikar ársins í boði Iceland Express
Buena vista social club



Vodafonehöllinni 24. júlí
Miðasala á midi.is
hr⋆örlygur
Iceland Express
með ánægju

# STUÐ MILLI STRÍÐA Allir eru að bjarga heiminum

**KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR** ER Á HÖTTUNUM EFTIR HETJU



Ég fer mikið í bíó og bíð spennt, eins og margir, eftir Dark Knight, nýju Batman-myndinni. Það er þó ekki alveg laust við það að mér sé farið að finnast nóg um hetjumyndaflóðið. Á þessu ári höfum við þegar fengið að líta Hulk, Iron Man, Hancock og Hellboy og ekki sér fyrir endann á þessu æði. Þá eru ekki meðtaldar þær hetjur sem ekki birtast í formi fígúru, Indiana Jones, bræðralag leigumorðingja í Wanted og fleiri. Hvert sem maður lítur er einhver að bjarga heiminum. Ekki misskilja mig, þetta eru afbragðs myndir upp til hópa og skemmtanagildi þeirra er óumdeilanlegt. Það sem truflar mig er ástæðan fyrir æðinu, orsökin frekar en afleiðingin. Er heimurinn svo illa staddur að honum þarf sífellt að vera að bjarga? Og hver bjargar þá hinum raunverulega heimi?

Ein af mögulegum ástæðum gæti verið þörf fólks til að sjá líf með tilgang, ólíkt þeirra eigin. Hvað er tilgangsfyllra en það að hafa örlög heimsins í höndum sér? Sumir segja að eftir 11. september samsami almúginn sér með fólki í hættu og þrái lausn, hetju sem kemur þeim til bjargar.

En er barátta meðalmannsins, í Bandaríkjunum sem og hér, ekki mun persónulegri, ógnin lúmskari? Baráttan við að halda vinnunni, geta borgað af lánum og rekið bílinn. Þá væri nær að finna upp nýjar hetjur, Bensín-manninn, Hagkerfishetjuna og Atvinnuaflarann. Ég veit ekki um aðra, en glæpagengi plaga mig ekki í mínu daglega lífi. Nema þá í formi ríkisstjórna og ráðamanna. Ég bý ekki í Gotham.

Þessar hetjur eru reyndar meingallaðar. Hellboy og Hancock kunna ekkert á samskipti, eru einmana og utanveltu. Hulk ræður ekki við eðli sitt og gereyðingarmátt. Iron Man er rotinn vopnasali og egóisti. Minnir þetta nokkuð á stjórnmálamenn heimsins? Það er þá kannski ekki furða að almenning dreymi um menn sem breytast í hetjur.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**! ATH**

*Nú stendur sem hæst sýningin STRAUMAR í Listasafni ASÍ í Ásmundarsal við Freyjugötu. Á sýningunni eru verk sem spanna hundrað ára skeið í íslenskri listasögu; elstu verkin á sýningunni eru rómantísk landslagsverk Þórarins B. Þorlákssonar frá byrjun síðustu aldar en það yngsta er lágmynd Svövu Björnsdóttur. Ásmundarsalur er helgaður Þingvöllum og hugmyndum um íslenskt þjóðerni sem verið hafa leiðarmótív í íslenskri myndlist frá 1930 og tekið á sig ólíkar birtingarmyndir. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá 14-18 og er aðgangur ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Abba selst og selst

Diskur með sönglögum Benny Anderson og Björn Ulveaus úr kvikmyndinni Mamma mia! þaut upp Billboard-listann í vikunni sem leið og kom inn á listann í sjöunda sæti en myndin var frumsýnd vestanhafs hinn 11. júlí. Hefur þessum herrum ekki tekist eins vel í sölu áður. Abba Gold er líka stokkin upp listann en hún var á sínum tíma í tvö ár á listanum.

Velgengni laganna sem Benny Anderson stýrði nýjum upptökum á eykur verulega líkurnar á að þeim félögum takist að koma söngleik sínum eftir sögum Vilhelm Moberg, Kristínu frá Duvemala, á svið vestanhafs sem þeir hafa stefnt leynt og ljóst að um margra ára skeið.

Sölukippurinn og velgengni Mamma mia! vestanhafs glæða vonir um að Abba slái loksins í gegn í Ameríku sem þeim gekk aldrei þrátt fyrir sterka stöðu á flestum öðrum mörkuðum.

Mamma mia! situr nú í efsta sæti vinsældalistans í kvikmyndahúsum hér á landi en myndina höfðu ríflega 30 þúsund gestir séð eftir helgina. Athygli vekur að konur eru víða í miklum meirihluta gesta og fara í hópum, jafnvel fleiri en ein kynslóð. Þá er þegar tekið að gæta þess að ungir áhorfendur sjái myndina oftar en einu sinni. **- pbb**



**TÓNLIST** Sænsku popparanir ásamt söngkonum sínum og um tíma eiginkonum á þeim tíma þegar frægð þeirra stóð sem hæst.

### > Ekki missa af …

danskri þáttaröð um ranghverfuna á nítjándu öldinni, þeim tíma sem skóp íslenska sjálfstæðishreyfingu. Fyrsti þátturinn er á dagskrá á Ríkissjónvarpinu í kvöld kl. 21.15 og fjallar um þann tíma þegar Danir misstu tök á nýlendu sinni í norðri vegna ófriðar í Evrópu. Ráðist var á Kaupmannahöfn og Englendingar gerðu danska flotann upptækan, ríkið varð gjaldþrota og sumir söknuðu Noregs. En í þessu litla landi kraumuðu tilfinningar og trúin á listina og vísindin. Ein af aðalpersónum þessa skeiðs var Adam Oehlenschläger sem átti sér marga aðdáendur hér á landi er líða tók á öldina.

## Ysti hringurinn heill

Ysti hringurinn eftir Alexander Solsenitsyn, sem hann lauk við 1964 og kom út skömmu síðar í Sovétríkjunum í styttri útgáfu og var þá bannaður, er nú loks væntanlegur í enskri þýðingu óstyttur og má vænta þess að þýðingar á fleiri tungur fylgi í kjölfarið. Sagan sem af mörgum er talin eitt höfuðverk hins aldna skálds var þrátt fyrir styttingar hans til að þóknast sovéskum yfirvöldum bönnuð þar í landi en handritinu með styttingum var smyglað út og kom sagan víða út á Vesturlöndum í kjölfarið. Var útgáfan umdeild, sökum þess að hún setti höfundinn í hættu. Sjálfur lagðist hann opinberlega gegn útgáfunni, taldi menn vilja græða á sér.

Sagan gerist í fangabúðum Síberíu, rétt eins og Dagur í lífi Ivans Denisovitz og Gúlag-eyjarnar sem báðar voru þýddar á íslensku. Þýðingin af öllu verkinu var tilbúin í 2005 en útgáfa hefur dregist sökum fráfalls þýðandans. Sagnaskáldið er nú komið hátt á níræðisaldur en vinnur látlaust að frágangi á verkum sínum sem koma nú út í lokagerðum hans í Moskvu. **- pbb**



**BÓKMENNTIR** Alexander Solsenitsyn. Ritsafn hans er þessi misserin að koma loks út í heild sinni í Rússlandi.

## Fornvinur víkur um set

**Nýr formaður hefur verið skipaður fyrir samstarfssjóð Íslands og Danmerkur – Fondet for Dansk-Islandsk Samarbejde – Jörn Lind í stað Bent A. Koch fyrrverandi ritstjóra sem hefur gegnt formennsku í sjóðnum um áratuga skeið.**

Jörn er formaður í Det danske Sprog- og Literaturselskab og sinnti formennsku í hinni umtöluðu nefnd sem valdi útvalsverk danskrar menningar – svokallaða kanónu.

Bent A. Koch hefur um árabil reynst Íslendingum haukur í horni í flestum málum sem varðað hafa samskipti þjóðanna. Hann hefur gegnt formennsku í sjóðnum í 44 ár og á marga vini hér á landi. hann lét af formennskunni á stjórnarfundi sjóðsins hér á landi snemma í þessum mánuði og sótti á þessum tímamótum heim ýmsa forystumenn í menningarlífi hér og stjórnsýslu.

Sjóðurinn var stofnaður eftir stríð og hafði þá beinlínis á stefnuskránni að styrkja samstarf landanna eftir stofnun lýðveldisins sem mæltist misjafnlega fyrir í Danmörku. Hann hefur hin síðari ár einkum styrkt heimsóknir barna á vegum skólastofnana milli landanna, en styrkir einnig heimsóknir danskra og íslenskra lista og vísindamanna, forystumenn úr ungmennastarfi.

Það eru vaxtatekjur af sjóðseigninni sem úthlutað er og hafa sjóðnum af og til borist tillegg sem bætast við höfuðstólinn, síðast frá Baugi. Hann er ásamt fleiri norrænum sjóðum mikill styrkur fyrir samskipti milli þjóðanna og hefur undir forystu Kochs staðið fyrir mörgum góðum fundum milli þessara fornu þegnþjóða Danakonungs. **pbb@frettabladid.is**



**MENNING** Bent A. Koch ritstjóri lætur af formennsku í samstarfsþjóði dana og Íslendinga eftir hátt í hálfrar aldar starf

## Óperur í bíó

Metropolitan-óperan í New York sendi í fyrravetur út í háskerpuútsendingu sex óperusýningar sem varpað var á stór tjöld valinna kvikmyndahúsa víðs vegar um Bandaríkin og Kanada. Þær koma allar út á diskum í haust, en á komandi vetri verður haldið áfram sýningum af þessu tagi og verða þá ellefu sýningar sendar á valda sýningarstaði. Með þessari dreifingartilhögun hefur Metropolitan stækkað áhorfendahóp sinn en óperuunnendur eru víða um lönd soltnir af verkum þeirra höfunda sem sinnt hafa þessu kröfuharða formi. Fetar óperan slóð rokksveita, en Bon Jovi var fyrst hljómsveita til að nýta sér þessa tækni og hafa ýmsir sótt í sama farið, eins og Sigur Rós.

Ekki er vitað til að íslenskir kvikmyndahúsaeigendur hafi sýnt þessu efni áhuga, en Norræna húsið hafði lýst áhuga á að taka upp slíka þjónustu. Telja má víst að sá tugur þúsunda óperuáhugamanna sem halda uppi aðsókn að óperusýningum Íslensku óperunnar hefði áhuga á slíkum sýningum.

Meðal verkanna sem sýnd voru í fyrra og koma út í haust eru Hansel og Gretel eftir Humperdinck, Makbeð Verdis, Fyrsti keisarinn eftir Tan Dun sem Placido Domingo söng, Manon eftir Pucchini með finnsku sópransöngkonunni Karitu Mattila, Peter Grimes eftir Brittain og La Boheme með Angelu Gheorghiu og Ramon Vargas.

Það er vefurinn sem gerir þessar útsendingar mögulegar en minna má á að ein röksemd fyrir símanum á sínum tíma var sú að hann gæfi mönnum tækifæri til að hlusta á beinar útsendingar á óperum. **- pbb**



**TÓNLIST** Óperusýningar um net færast í vöxt og hver vill ekki heyra og sjá Placido í beinni útsendingu í góðum græjum og á stóru tjaldi?

## Day Lewis í söngleik

Daniel Day Lewis, hinn kunni skapgerðarleikari, hefur tekið að sér hlutverk í söngvamyndinni Nine sem Rob Marshall er nú með í undirbúningi. Verkið sem byggist ljóst og óljóst á vandræðum Fellinis eftir að hann lauk við 8½ og lenti í ritteppu verður filmuð í haust. Lewis hleypur inn í stað Javier Bardem sem sagði sig frá rullunni sem bæði Antonio Banderas og Raul Julia hafa túlkað á sviði. Öll önnur meginhlutverk söngleiksins eru í höndum kvenna og fer þar fríður flokkur: Penelope Cruz, Sophia Loren (Guido's Mother), Nicole Kidman, Kate Hudson og Judi Dench meðal annarra. Nine er eftir þá Maury Yeston og Arthur Kopit og var verðlaunaður bæði við frumflutning 1982 og er hann var tekinn upp með Banderas 2003.

Leikstjórinn Guido Contini er umvafinn konum en er í stórum vandræðum með líf sitt og feril. Minningar og sálarkvalir kalla á þar sem hann er kominn til Feneyja til að ná sér á strik á heilsuhæli. Hann er líka að verða fertugur. Upphaflega ætlaði Antony Mingella að kvikmynda verkið en nú hefur Marshall tekið við en hann reið feitu hrossi frá meðhöndlun sinni á Chicago sem margir þekkja af sviði Borgarleikhússins og síðar af kvikmynd hans. **- pbb**



> BOND Í HÆLUM

Daniel Craig neyddist til að fara í skó með þykkum botni og földum hæl fyrir sumar senurnar í nýju Bond-myndinni. Craig, sem er 178 sentímetrar á hæð, er á meðal þeirra lágvöxnustu sem hafa tekið að sér hlutverk Bonds. Mótleikkona hans, Gemma Arterton er 170, en í hælum gnæfði hún yfir mótleikara sinn, sem kippti sér ekkert upp við að smella sér sjálfur í hælaskó.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Blake fékk 27 mánaða dóm

Blake Fielder-Civil, eiginmaður Amy Winehouse, var dæmdur í 27 mánaða fangelsi í gær, fyrir líkamsárás og að reyna að hindra framgang réttvísinnar. Dómarinn David Radford sagði Fielder-Civil hafa hagað sér á „huglausan og smánarlegan hátt að tilefnislausu“.

Málið kom upp í júní 2006, þegar Fielder-Civil og vinur hans, Michael Brown, réðust á James King, með þeim afleiðingum að hann kinnbeinsbrotnaði meðal annars, og þarf ennþá á aðstoð sálfræðings að halda. Þeir voru ákærðir fyrir líkamsárás, en höfu þá ráðabrugg til að forðast sakfellingu. Fielder-Civil og Brown ætluðu að múta King með um 200 þúsund pundum til að draga skýrslu sína til baka og halda til útlanda meðan á réttarhöldunum stæði. Til verksins réðu þeir menn að nafni Anthony Kelly og James Kennedy, sem áttu báðir að fá 20 þúsund pund fyrir viðvikið. Þeir héldu hins vegar beinustu leið á ritstjórn blaðs til að reyna að selja myndir af upphaflegu árásinni, og upp komst um ráðagerðina.

Brown og Fielder-Civil lýstu sig báða seka í málinu. Fórnarlambið King var hins vegar sýknað af ákæru um tilraun til að hindra framgang réttvísinnar í síðasta mánuði.



**YFIR TVEGGJA ÁRA VIST** Blake Fielder-Civil þarf að sitja í fangelsi í yfir tvö ár fyrir að reyna að hindra framgang réttvísinnar.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Styttist í Shorts&Docs

Óðum styttist í stuttmyndahátíðina Reykjavik Shorts&Docs, sem að þessu sinni stendur yfir vikuna 22. til 29. ágúst. Frestur til að skila inn myndum rann út í gær, og segir Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, að þátttakan lofi afar góðu. „Myndirnar hafa rúllað inn og við erum mjög kátar með þetta,“ segir hún.

Í ár mun Shorts&Docs yfirtaka Austurbæjarbíó, þar sem allar sýningar fara fram. „Það er frábært húsnæði að hafa. Það hafa ekki verið alveg skýrar línur að undanförnu með hvað á að vera þarna, en vonandi getur það í framtíðinni orðið eitthvað svona „art house“-bíó, ásamt öðru,“ segir Guðrún. Myndirnar verða einnig sýndar á gömlu bíótímunum – fimm, sjö og níu. „Við sýnum líka heimildarmynd sem heitir Sýnd klukkan 5, 7 og 9, eftir Agnar Einarsson, sem er einn af síðustu sýningarstjórunum úr gömlu bíóunum,“ segir Guðrún.

Hátíðin er nú haldin í sjöunda skiptið, en í ár verða í fyrsta skipti afhent sérstök verðlaun fyrir bestu íslensku stuttmyndina og heimildarmyndina. „Verðlaunin heita Silfurrefurinn, svona til heiðurs fyrsta landnámsdýrinu. Í ár er það myndlistarkonan Sara Riel sem gerir verðlaunagripinn, en við ætlum að vera með nýjan grip á hverju ári,“ útskýrir Guðrún.

Auk þeirra íslensku stuttmynda og heimildarmynda sem verða frumsýndar á hátíðinni gefst gestum kostur á að sjá stuttmyndir sem sýndar hafa verið á hátíðum á borð við hinar virtu Cannes og Sundance. Þá mun „leynigestur“ sækja hátíðina heim, en Guðrún segir leynd verða að hvíla yfir því hver það er enn um stund. Nánari upplýsingar um hátíðina má sjá á www.shortsdocs.info. - sun



**YFIRTAKA AUSTURBÆ** Shorts&Docs kvikmyndahátíðin fer fram í Austurbæjarbíói í ágúst, og eru framkvæmdastjórinn Guðrún Ragnarsdóttir og verkefnastjórinn Lára Marteins afar ánægðar með undirtektir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sienna málar sig út í horn

**Breska dagblaðið Daily Mirror greinir frá því að Sienna Miller og gifti kærasti hennar ætli að hefja búskap bráðlega. Samband þeirra hefur bakað Siennu miklar óvinsældir.**

„Áður en þau fóru í frí til Ítalíu var Sienna svo gott sem flutt inn til Balthazars. Eiginkona hans og börnin þeirra fjögur höfðu flutt út og Sienna og Balthazar nutu þess til hins ýtrasta að vera ein í húsinu. Hana langar þó ekki að flytja inn í húsið sem Balthazar deildi með konu sinni heldur vill hún finna nýtt heimili fyrir sig og Balthazar. Vinum hennar finnst hún þó vera að fara einum of geyst í sakirnar,“ sagði heimildarmaður við Mirror. Sienna og Balthazar eyddu saman tíma á Ítalíu fyrir stuttu og náðust þar myndir af parinu þar sem þau föðmuðust og kysstust í sólinni. Eiginkona Balthazars hefur hingað til ekki tjáð sig um málið en í kjölfar birtingar myndanna lét hún hafa eftir sér að henni finnist hún niðurlægð vegna framkomu parsins.

„Sienna naut athyglinnar sem hún fékk frá Balthazar á Ítalíu og virtist vera algjörlega grunlaus um það sem hún er að gera konu hans og börnum,“ var haft eftir einum sjónarvotti. Það eru þó ekki nema tveir mánuðir síðan leikkonan ræddi um samband sitt við leikarann Rhys Ifans og sagði við það tækifæri að hún hefði með honum fundið sanna ást. „Þegar einhver segir nafnið hans þá brosi ég eins og kjáni því það fær mig til að hugsa um hann og það gerir mig hamingjusama. Ég elska Rhys, en hann er jafnframt minn besti vinur,“ sagði leikkonan um Rhys. Stuttu seinna sleit hún sambandinu við leikarann símleiðis. Rhys Ifans tilheyrir vinahóp sem hefur mikil völd innan tísku- og kvikmyndaheimsins og er hann meðal annars góður vinur fyrirsætunnar Kate Moss. „Framkoma Siennu gerði marga vini Rhys mjög reiða og með því málaði hún sig algjörlega út í horn,“ var haft eftir heimildarmanni. Með sambandi sínu við Balthazar virðist Sienna vera að skaða nafn sitt enn frekar því Rosetta Getty, eiginkona Balthazars, er vel liðin meðal fólks í Hollywood. „Sienna á eftir að eiga erfiða tíma fram undan og henni verður ekki tekið opnum örmum í Hollywood.“ Vinir Siennu segja að þótt hún virðist oft vera hæversk sé hún mjög sjálfsörugg og meðvituð um eigin fegurð.



**SIENNA MILLER** Ekki vinsæl þessa dagana eftir að samband hennar við kvæntan mann komst í hámæli.
NORDICPHOTOS/GETTY




# Pink laus og liðug

Söngkonan Pink skildi við eiginmann sinn, mótorhjólakappann Carey Hart, í febrúar eftir tveggja ára hjónaband. Pink hefur verið að hitta rokkarann Todd Morse upp á síðkastið, en hann er í hljómsveitinni Juliette and the Licks, sem spilaði hér á Airwaves-hátíðinni fyrir tveimur árum. Vinur vinkonunnar segir að hún sé mjög hrifin af Todd og að hún njóti þess að vera með honum. Eiginmaðurinn fyrrverandi, Carey, er þó enn miður sín með skilnaðinn og sagði hann í viðtali við tímaritið People að hann ætti erfitt með að aðlagast breyttum aðstæðum. „Við tölum enn saman og reynum að halda vináttunni gangandi. Þetta er erfið aðstaða að vera í og ég elska hana ennþá og sakna hennar mjög mikið.“ Það er vonandi að Carey jafni sig bráðum eftir sambandsslitin.



**PINK** Söngkonan skildi við mann sinn fyrir stuttu en nýtur samt lífsins.

# Vill einkaþotu

Kate Moss langar í einkaþotu til að geta ferðast út um allan heim. Í viðtali við glanstímaritið Vogue í Bandaríkjunum segist ofurfyrirsætan vera að safna sér fyrir einkaþotu sem hún ætli að nefna „Kate express“ eftir sjálfri sér.

Hin 34 ára Kate hefur einnig hug á að flytjast út í sveit þar sem hún myndi vilja ala upp fimm ára dóttur sína, Lilu, en Kate á hús í Gloucestershire á Englandi þar sem hún dvelur reglulega með dóttur sinni. Þrátt fyrir að vilja veita dóttur sinni heilbrigt uppeldi segist ofurfyrirsætan aldrei munu hætta að reykja.



**VILL FLYTJA ÚT Í SVEIT** Kate Moss dreymir um að fljúga út um allan heim á einkaþotu og langar til að flytjast með fimm ára dóttur sinni út í sveit á Englandi.




| | | |
|---|---|---|
| **25.-26. júlí** | **Fáskrúðsfjörður** | **Franskir dagar** |
| 1.-2. ágúst | Verslunarmannahelgarútvarp | |
| 8.-9. ágúst | Dalvík | Fiskidagurinn mikli |
| 15.-16. ágúst | Bolungarvík/Ísafjörður | Ástarvika |
| 22.-23. ágúst | Hella | Landbúnaðarsýning |
| 29.-30. ágúst | Sandgerði | Sandgerðisdagar |

# BYLGJAN á ferðalagi

## um landið í sumar

**Bylgjan og Olís eru í sumarskapi og verða á ferðalagi með þér í allt sumar!**

**Við höldum ótrauð áfram ferðalagi okkar og byrjum sem fyrr á föstudagsmorgnum með Heimi Karls í bítinu. Siggi Ragg tekur við kl. 9 og Rúnar Róberts heldur áfram strax eftir hádegi. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis. Eftir hádegi á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.**

**Um næstu helgi verðum við á frönskum dögum á Fáskrúðsfirði.**

**Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!**

**FÖSTUDAGUR:**

**Í bítið**
**SIggi Ragg**
**Rúnar Róberts**
**Reykjavík síðdegis**

**LAUGARDAGUR:**

**Hemmi Gunn og Svansí**

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Ævintýra-eyjan

olís

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MEET DAVE | kl. 3.45 - 8 - 10.10 | 7 |
| HANCOCK | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45 - 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| MEET DAVE | kl. 6.10 - 8.30 - 10.40 | 7 |
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 | kl. 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8.30 - 10.50 | L |
| HANCOCK | kl. 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ENSKT TAL | kl. 6 - 8 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 - 10.10 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HELLBOY 2 | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3.30, 5.50, 8 og 10.15 | L |
| HANCOCK | kl. 8 og 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA -DIGITAL | kl. 4-D - Íslenskt tal | L |
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 5 | 7 |

SAMbio.is SAMBÍÓIN




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT forsýnd | kl. 10:20 | 12 |
| DARK KNIGHT forsýnd | kl. 10:20 | VIP |
| MAMMA MÍA | kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 5:40 - 8 | VIP |
| DECEPTION | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 3:40D - 6 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| HANCOCK | kl. 8 | 12 |
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT forsýnd | kl. 10:20 | 12 |
| DECEPTION | kl. 8 - 10:30 DIGITAL | 14 |
| MEET DAVE | kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| WANTED | kl. 8D | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5:15 | 7 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 | 12 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT forsýnd | kl. 10:20 | 12 |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| HANCOCK | kl. 8 | 12 |
| THE BANK JOB | kl. 10:20 | 16 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT forsýnd | kl. 10:20 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 5:40 | 7 |
| DECEPTION | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| WANTED | kl. 8 | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT forsýnd | kl. 10:20 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |

FORSÝND Í KVÖLD

# Húsband spilar eftir fíling

Vegfarendur um Bankastrætið hafa eflaust orðið varir við djasstónlistina sem þar hefur ómað reglulega í sumar. Að baki henni er óeiginlegt húsband skemmtistaðarins Priksins. „Við erum hópur stráka sem erum eiginlega allir útskriftarnemar úr FÍH tónlistarskólanum. Við höfum spilað á Prikinu alla þriðjudaga og laugardaga í sumar, en erum ekki alltaf fastur hópur. Það fer bara eftir fíling og hverjir eru uppteknir og lausir hverju sinni. Ég og gítarleikarinn erum eiginlega alltaf, en annars er þetta mjög fljótandi,“ útskýrir Ari Bragi Kárason, trompetleikari sveitarinnar ónefndu. Á heimasíðu staðarins gengur hún undir ýmsum nöfnum, þar á meðal „Hit me baby one more time“ og „Aron Pálmi“. „Já, þetta er eiginlega bara í lausu lofti,“ segir Ari og hlær við.

Hann heldur til New York í ágúst þar sem hann hefur nám í The New School of Jazz and Contemporary Music. Ari fór einnig í inntökupróf við hinn virta tónlistarskóla Juilliard og komst ansi langt. „Við vorum tíu strákar úr svona 230 manna hópi sem komumst í inntökupróf í djassdeildina, sem er mjög lítil. Við vorum að keppa um eitt pláss og spiluðum þarna fyrir tíu manna dómnefnd. Þremur tímum eftir fyrsta áheyrnarprófið var ég einn af fimm sem voru kallaðir til baka, og svo voru þrír skornir út. Þá var bara ég og einn annar strákur eftir. Hann var sautján ára svartur strákur úr Queens, svo þetta var dauðadæmt. Ég held að það hafi haft eitthvað að segja. Ég segi sjálfum mér það að minnsta kosti til hughreystingar,“ segir Ari og hlær við. **-sun**



**Í NÁM TIL NEW YORK** Trompetleikarinn Ari Bragi Kárason fer í tónlistarnám til New York í haust. Hann var hársbreidd frá því að fá inni í Juilliard. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Ræða þróun tónlistarheimsins

**Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, IMX, stendur fyrir ráðstefnu 15.-16. október næstkomandi. Ber hún yfirskriftina You are in control, eða Þú ert við stjórnvölinn og verður haldin á Hótel sögu.**

„Þetta er framhald af ráðstefnu sem við vorum með í fyrra og hét Who is in control? Hún tókst gríðarlega vel, um 130 manns mættu, þar af 30 að utan,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri IMX, um ráðstefnu sem Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar stendur fyrir í október í tengslum við Airwaves-hátíðina.

Að sögn Önnu Hildar vöktu kynningar á milli pallborðsumræðna á ráðstefnuninni í fyrra mikla lukku, en þar var sýnt hvernig má markaðssetja tónlist stafrænt á ódýran hátt. „Þetta er tilraun til að viðhalda vitrænum samræðum um þá þróun sem er í gangi og skoða í leiðinni þá möguleika sem eru að opnast í því að gefa út sjálfur. Er mögulegt að vera algjörlega sjálfstæður listamaður og hvaða teymi þarftu í kringum þig til að það heppnist vel? Núna er þetta ekki bara spurning um að fá plötusamning hjá stórfyrirtækjunum heldur skapast alls konar ný viðskiptasambönd við stór vörumerki sem vilja fjárfesta í tónlist. Svo erum við að skoða mjög gaumgæfulega hvernig netið virkar í þessum nýja veruleika sem við sem störfum í tónlist búum við.“ Anna segir stafrænan þátt tónlistarútgáfu hafa aukist gríðarlega og dæmi séu um að allt að 80 prósent viðskipta plötufyrirtækja séu stafræn.

IMX flytja inn milli 20 og 30 manns, sérfræðinga á sínu sviði, til að tala á ráðstefnunni, sem fylgjast svo með Iceland Airwaves-hátíðinni. En hverjir sækja svona ráðstefnur? „Ég á von á því að það verði bæði tónlistarmenn og fólk frá plötufyrirtækjum og vörumerkjum sem hafa áhuga á að fjárfesta í tónlist. Svo erum við líka með aðila frá síma- og leikjafyrirtækjum. Símafyrirtæki eru að verða mikilvægir samstarfsaðilar varðandi dreifileiðir og svo framvegis.“ Einn fyrirlesara ráðstefnunnar er einmitt Steve Schnur, yfirmaður Electronic Arts, eins stærsta leikjafyrirtækis Bandaríkjanna.

Ráðstefnan stendur frá klukkan 10-17 báða dagana. Innifaldir verða tveir hádegisverðir „þar sem fólki gefst tækifæri á að efla tenglanet sitt, bæði við þá sem sækja ráðstefnuna“. Búist er við um 50 erlendum gestum. Hægt verður að skrá sig í gegnum heimasíðuna icelandmusic.is eftir 1. ágúst. Þá mun félag tónlistarmanna fá sérkjör á ráðstefnuna. **kolbruns@frettabladid.is**



**RÁÐSTEFNA TIL EFLINGAR TÓNLISTARMANNA** Anna Hildur er framkvæmdarstjóri IMX. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Með sjóriðu í viku

Sigrún Harpa Jósepsdóttir, stundum þekkt sem Núrgis, sýnir myndir sínar á Café Rót, en þær voru teknar um borð í Ásbirni RE 50. Sýningin nefnist Sjóriða II og er styrkt af HB Granda og Vífilfelli. Hvernig er sjómennskan? „Mér finnst hún fín. Þetta er beggja blands, bæði mjög erfitt og líka mikil upplifun. Ég fór út í fyrsta skipti í fyrra og fyrir mér var allt svo framandi. Meira að segja ryðblettur fannst mér áhugaverður. Þess vegna hélt ég sýningu í fyrra sem hét Sjóriða. Ég varð sem sagt ekki sjóveik heldur var ég með sjóriðu í viku eftir að ég kom í land. Það var sama sagan núna, en ég var með sjóriðu helmingi lengur en ég var úti á sjó.“ Hvað heillaði hana nú, verandi vanari sjónum? „Ég er nú ekki orðin það sjóuð. Sjóriða II er stærri og veglegri. Ég gat lagt meira í þetta.“

Sigrún hefur ýmsa menntun, í margmiðlun, klassískum söng, húsgagnasmíði, hársnyrtingu og almennri hönnun. „Já, ég hef farið víða. Sumt af þessu hef ég tekið saman, eins og sönginn og hönnunina. Ástæðan fyrir því að ég fór út í margmiðlun var að mig langaði að vinna við myndræna þáttinn í tónlist, tónlistarmyndbönd og þess háttar. Síðan komst ég að því að ég hef ekki eirð í mér að sitja við tölvu allan daginn.“ Næst ætlar Sigrún í tónsmíðar. „Maður verður bara að gera það sem hjartað segir manni að gera. Mig hefur langað að semja tónlist síðan ég var lítil.“ Varðandi húsgagnasmíðina segir hún: „Það var mjög gagnlegt. Í raun ættu allir að gera þetta. Þetta sparar manni fullt af tíma inni á heimilinu.“

„Ég er alveg að gera fleira líka. Ég er að læra á gítar hjá gítarsmið og er einstæð móðir. Ég geri bara það sem mér sýnist. Mér dettur eitthvað í hug og svo framkvæmi ég það. Með misjöfnum árangri náttúrulega.“ Hefur eitthvað gengið illa? „Alveg fullt af hlutum. En þá gerir maður bara eitthvað annað eða reynir aftur. Ég reyndi að flytja til Danmerkur, það gekk alls ekki. Ég kom aftur, fékk mér húðflúr af Íslandi og er að fara að ganga í Ásatrúarfélagið. Ég vil ekkert fara af þessum klaka aftur.“

Sýningin var opnuð seinasta laugardag en opnun tvö, „af því að þetta er Sjóriða tvö,“ verður á föstudagskvöldið klukkan níu. Plasmabell og fleiri spila fyrir gesti og léttar veitingar verða í boði.

**- kbs**



**GERIR ÞAÐ SEM HENNI SÝNIST** Sigrún, sjóari með meiru, sýnir verk sín á Café Rót. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fiton/SÍA

# Fáðu ferskar íþróttafréttir á hverjum morgni



**Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.***

*Sunnudagsútgáfa *Morgunblaðsins* er prentuð á laugardegi áður en íþróttaúrslit dagsins liggja fyrir og *24 stundir* koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara *24 stundir* í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið. **Fréttablaðið** er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttafréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.

**Allt sem þú þarft – alla daga**



### > Tvíburarnir ekki með þjálfararéttindi

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir mega ekki stýra liði í efstu deild þar sem þeir hafa ekki næg þjálfararéttindi. Þeir eru með 2. stig réttinda en nauðsynlegt er að hafa KSÍ-A gráðu. ÍA fær viðvörun vegna þessa nú en leyfiskerfi sambandsins meinar þeim að byrja nýtt tímabil með liðið. Dagur Sveinn Dagbjartsson hjá KSÍ sagði Fréttablaðinu í gær að þeir gætu ekki sótt öll námskeiðin í réttri röð og lokið gráðunni fyrr en árið 2010. Þeir gætu þó mögulega farið krókaleið til að klára fyrr. Arnar sagði í gær að þeir bræður stefndu á að halda menntun sinni áfram sem fyrst. Hann bjóst jafnframt við því að þeir fengju undanþágu sýndu þeir fram á að þeir væru að sækja sér réttindin.



**sport**

sport@frettabladid.is

**GUNNAR SIGURÐSSON:** TÓK STÖÐU DAÐA LÁRUSSONAR SEM HAFÐI LEIKIÐ 137 LEIKI Í RÖÐ Í MARKI FH

## *Hefði alveg getað verið Peter Cech fyrir mér*

Gunnar Sigurðsson átti stórleik í mark FH í 4-0 sigrinum á móti HK en hann tók stöðu Daða Lárussonar sem var meiddur. „Þetta var mjög sætt og þetta gekk ágætlega í þetta skiptið,“ sagði Gunnar hógvær þegar Fréttablaðið heyrði í honum. Gunnar sagðist ekki vera að missa sig yfir þessum eina leik. „Það geta allir verið ánægðir með mann í dag en síðan eru allir óánægðir með mann í næsta leik. Þetta er upp og niður í þessu. Ég er ennþá að fá að heyra „Gunni undir sig“ þannig að ég er alveg rólegur yfir þessu,“ sagði Gunnar.

Daði Lárusson var búinn að standa í FH-markinu í 137 deildarleikjum í röð eða í öllum leikjum FH síðan liðið komst aftur upp í efstu deild árið 2001.

„Daði er allur að koma til. Þetta er allt í bróðerni hjá okkur Daða og það skiptir mig engu máli þótt ég verði kominn á bekkinn í næsta leik. Ég er ekki að stressa mig yfir því þar sem ég kom hingað með því hugarfari að styðja við bakið á honum,“ segir Gunnar sem var kominn með leið á boltanum en áhuginn vaknaði aftur þegar hann fór á kíkja á FH-æfingar í fyrra. „Ég þekkti Eirík markmannsþjálfara og fór á nokkrar æfingar í fyrra. Mér fannst það gaman og ákvað því að slá til í sumar bara til þess að vera með en pældi ekkert í því hvort ég fengi eitthvað að spila. Daði hefði alveg getað verið Peter Cech fyrir mér því það hefði ekki skipt neinu máli,“ segir Gunnar um af hverju hann sneri aftur í boltann eftir að hafa lagt hanskana á hilluna.



Þetta var 116. leikur Gunnars í efstu deild en sá 115. í röðinni var á móti FH í lokaumferðinni 2005. Gunnar spilaði með Fram í 1. deildinni árið eftir þegar liðið komst upp aftur en lagði síðan skóna á hilluna. Gunnar býst alveg eins við því að setjast aftur á bekkinn þegar Daði verður orðinn heill. „Heimir gaf mér tækifæri til þess að spila smávegis og það er bara hans að ákveða hvað hann gerir í framhaldinu. Fyrst að þetta fór svona þá var þetta ótrúlega gaman og það gerði það ennþá sætara að við skyldum ná að halda hreinu,“ sagði Gunnar að lokum.

Tvíburarnir Arnar og Bjarki:

## Komnir aftur heim í 3. sinn

**FÓTBOLTI** Þetta verður ekki í fyrsta sinn sem Arnar og Bjarki snúa aftur heim upp á Akranes því þetta er í þriðja sinn sem þeir koma saman til baka.

Það eru nítján ár síðan tvíburarnir léku sinn fyrsta leik með meistaraflokki ÍA í 3-1 sigri í Keflavík. Arnar var í byrjunarliðinu og skoraði en Bjarki kom inn á sem varamaður.

Eftir þrjú ár í atvinnumennsku komu tvíburarnir aftur heim haustið 1995 og Skaginn vann 8-2 sigur á Keflavík í fyrsta leik þar sem Arnar skoraði þrennu en hann átti eftir að skora 15 mörk í 7 leikjum um sumarið.

Báðir áttu síðan eftir að koma einir til baka áður en þeir léku saman á ný með ÍA. Arnar lék tvo leiki með liðinu sumarið 1997 og Bjarki skoraði 7 mörk í 7 leikjum sumarið 2002. Þeir léku síðan báðir með liðinu sumarið 2006 eftir að hafa komið til baka frá KR og tóku síðan við þjálfun þess um mitt sumar.

- óój




# Ef við föllum gerum við það með stæl

**Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir stýra ÍA út tímabilið. Arnar segir að þeir hafi nánast beðið eftir þessu tækifæri og boðar skynsaman sóknarbolta hjá uppeldisfélaginu sem rak Guðjón Þórðarson í gær.**

**FÓTBOLTI** Atburðarásin frá því að Guðjón Þórðarson var rekinn í gærmorgun og þar til tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir skrifuðu undir samning út tímabilið seinni partinn í gær var hröð.

Staða ÍA er slæm og stjórn félagsins sá þann kostinn vænstan að reka Guðjón sem er leikjahæsti leikmaður ÍA í efstu deild með 213 leiki á bakinu. Hann stýrði liðinu í 102 leikjum og vann 59 þeirra. Hann hefur alls unnið 99 leiki með öllum félögum í efstu deild í 192 leikjum.

Arnar og Bjarki höfnuðu HK þegar það falaðist eftir kröftum þeirra nýverið. Arnar neitar því ekki að þeir hafi verið farnir að hugsa um þann möguleika að taka við ÍA þegar hringt var í þá í gærmorgun. „Okkur dauðlangaði til að gera þetta og við hugsuðum okkur ekki lengi um,“ sagði Arnar.

„ÍA er sérstakur klúbbur. Hann hefur alltaf átt mikla samúð hjá fólki sem hefur tengt það við fótboltahefð. Við vorum aldir upp þarna og fundum strax fyrir því. Það er mikilvægt fyrir okkur að halda í hefðina,“ sagði Arnar en þeir félagar ólust upp steinsnar frá vellinum og æfðu með ÍA frá því að þeir voru nógu stórir til að sparka í bolta.



**FYRSTA ÆFINGIN** Arnar og Bjarki eru hér á fyrstu æfingu sinni með ÍA frá því árið 2006 í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Hann segir þá félaga ekki ætla að fá neina nýja leikmenn til ÍA en báðir munu þeir draga fram Skagabúninginn á nýjan leik.

„Það hefur ekki hvarflað að okkur að leita að liðsstyrk. Hluti af hefðinni er að tefla fram ungum og efnilegum leikmönnum, við erum dæmi um það,“ sagði Arnar en tvíburarnir spiluðu sinn fyrsta leik fyrir ÍA 25. júní 1989, aðeins sextán ára gamlir. Arnar fiskaði víti, skoraði eitt mark og lagði upp annað í 3-1 sigri. Bjarki kom inn á sem varamaður í leiknum.

Arnar viðurkennir að staða liðsins sé ekki góð en segir getuna vera til staðar. Þá sé aðeins eitt raunhæft markmið. „Það er að bjarga liðinu frá falli. Það er númer eitt, tvö og upp í sex,“ sagði Arnar sem hrósar jafnframt FH fyrir að sleppa þeim án nokkurra vandkvæða.

„FH-ingar komu fram eins og sannir heiðursmenn í málinu og slepptu okkur strax. Við erum þeim þakklátir fyrir það,“ sagði Arnar sem býr í Reykjavík en Bjarki í Hafnarfirði. Það verður því meira um akstur hjá þeim bræðrum í sumar en til þessa.

Arnar segir þá bræður hafa svipaða skoðun á þjálfaramálunum og hvorugur ráði, þeir geri hlutina í sameiningu. „Við krefjumst ákveðins aga en höfum ákveðið kerfi í huga þar sem leikmenn njóta smá frjálsræðis, eins og við viljum gera. Það er oft sem leikmenn sem fara að þjálfa gleyma hvað var skemmtilegast að gera,“ sagði Arnar sem boðar skynsaman sóknarbolta.

„Ef þetta lið á að falla, fellur það með stæl. Það verður ekkert spilaður varnarbolti,“ sagði Arnar. Hann segir einnig að það komi vel til greina að halda ísböðunum margfrægu gangandi en segir best að þegja spurður hvort þeir hyggist halda áfram að spila eftir tímabilið. „Við höfum hætt svo oft við að hætta,“ sagði Arnar léttur.

hjalti@frettabladid.is




Skagamenn breyttust í besta sóknarliðið þegar tvíburarnir tóku við 2006:

## Bjarga bræðurnir ÍA aftur?

**FÓTBOLTI** Skagamenn vonast örugglega eftir sömu umbreytingunni á ÍA-liðinu og varð síðast þegar tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir tóku við.

Það er ekki langt síðan Skagamenn stóðu í sömu sporum, voru þjálfaralausir, í fallsæti og fimm stigum frá öruggu sæti. Þegar Ólafur Þórðarson hætti með ÍA 30. júní 2006 var ÍA í 10. sæti með aðeins 6 stig og markatöluna 10-17.

Arnar og Bjarki voru þá báðir leikmenn liðsins en gerðust jafnframt þjálfarar þess í seinni umferðinni. Skagaliðið hóf að leika bullandi sóknarleik og stigin fóru að streyma upp á Skaga. ÍA fékk 16 stig í seinni umferðinni en aðeins Valur og KR fengu fleiri. Ekkert lið skoraði fleiri mörk í síðustu níu umferðunum og liðið fékk fjórum mörkum færra á sig en í fyrri hlutanum.

Skagaliðið tapaði aðeins einum leik eftir að tvíburarnir tóku við en það var 0-1 tap fyrir verðandi Íslandsmeisturum FH þar sem Hjörtur Hjartarson átti möguleika á að jafna leikinn í seinni hálfleik þegar hann lét verja frá sér vítaspyrnu. Í tveimur af fjórum jafnteflum liðsins áttu Skagamenn einnig að flestra mati skilið þrjú stig. Þeir misstu niður 1-3 forskot á Fylkisvellinum og óðu í færum í 2-2 jafntefli við Blika í Kópavogi.



**AÐ STÖRFUM** Þjálfararnir Arnar og Bjarki. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Munurinn sást ekki síst í frammistöðu leikmanna og þar gefur einkunnagjöf Fréttablaðsins ágæta mynd af umbreytingunni. Leikmenn Skagaliðsins voru aðeins með 5,33 í meðaleinkunn eftir fyrri umferðina en spiluðu best allra liða í seinni umferðinni þar sem leikmenn liðsins voru með 6,44 í meðaleinkunn. Báðir bræðurnir spiluðu líka mun betur, Arnar hækkaði sig úr 5,6 í 6,6 og Bjarki fór úr 6,5 upp í 7,0.

Nú er að sjá hvað gerist og hvort bræðurnir bjarga Skagaliðinu aftur frá falli. Þegar þeir tóku við fyrir tveimur árum þá vann ÍA tvo fyrstu leikina, fyrst 2-1 heimasigur á Grindavík og svo ótrúlegan 3-2 sigur á KR-vellinum þar sem liðið lenti tvisvar undir. Þeir verða ekki með á móti FH um næstu helgi en verða mættir við stjórnvölinn þegar liðið sækir Framara heim á Laugardalsvellinum 6. ágúst.

- óój

### BREYTINGARNAR Á SKAGALIÐINU 2006:

**(Fyrir og eftir að Arnar og Bjarki tóku við þjálfun liðsins)**

| | |
|---|---|
| **Árangur** | **+7 sæti** |
| Fyrir | 10. sæti í fyrri umferð |
| Eftir | 3. sæti í seinni umferð |
| **Stig í húsi** | **+10 stig** |
| Fyrir | 6 stig (22% stiga í boði) |
| Eftir | 16 stig (59% stiga í boði) |
| **Tapleikir** | **-6 tapleikir** |
| Fyrir | 7 töp |
| Eftir | 1 tap |
| **Mörk skoruð** | **+7 mörk** |
| Fyrir | 10 mörk (1,1 í leik) |
| Eftir | 17 mörk (1,9 í leik) |
| **Mörk fengin á sig** | **-4 mörk** |
| Fyrir | 17 mörk (1,9 í leik) |
| Eftir | 13 mörk (1,4 í leik) |
| **Meðaleinkunn leikmanna** | **+1,11** |
| Fyrir | 5,33 |
| Eftir | 6,44 |

| Fjölnir | 3-4 | Þróttur |
|---|---|---|
| Fjölnisvöllur, áhorf.: 1047 | | Kristinn Jakobsson (7) |

*0-1 Dennis Danry (víti, 38.), 1-1 Ágúst Gylfason (45.), 2-1 Ásgeir A. Ásgeirsson (77.), 2-2 Magnús Lúðvíks. (82.), 3-2 Pétur Markan (85.), 3-3 Hallur Hallsson (87.), 3-4 Sigm. Kristj. (90.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–11 (7–6) |
| Varin skot | Þórður 2 – Bjarki 3 |
| Horn | 4–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 19–10 |
| Rangstöður | 2–2 |

| FJÖLNIR 4–5–1 | | ÞRÓTTUR 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Þórður Ingason | 5 | Bjarki Guðmundsson | 5 |
| Magnús I. Einarsson | 5 | Jón Ragnar Jónsson | 6 |
| Óli Stefán Flóventss. | 6 | Þórður St. Hreiðarss. | 6 |
| Kristján Hauksson | 5 | Michael Jackson | 6 |
| Gunnar V. Gunnarss. | 6 | Kristján Ó. Björnsson | 5 |
| Tómas Leifsson | 6 | Andrés Vilhjálmsson | 6 |
| (90. Andri V. Ívarss. | -) | (72. Magnús Lúðvíks. | -) |
| Ágúst Gylfason | 6 | Dennis Danry | 7 |
| (90. Davíð Rúnarss. | -) | (65. Rafn Haraldsson | 6) |
| Ásgeir Aron Ásgeirss. | 7 | Hallur Hallsson | 6 |
| Gunnar Már Guðm. | 6 | ***Sigmundur Kristj.** | **8** |
| Pétur Georg Markan | 6 | Adolf Sveinsson | 5 |
| Ómar Hákonarson | 6 | (74. Hjörtur Hjartars. | -) |
| (72. Ólafur Johnson | -) | Jesper Sneholm | 6 |

*Maður leiksins



**GÓÐIR FÉLAGAR** Bjarni er hér með Valsaranum Helga Sigurðssyni. Þeir námu saman Viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík á síðasta ári. Þeir gætu orðið liðsfélagar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjarni æfði ekki með ÍA í gær:

# Á leið til Vals?

**FÓTBOLTI** Bjarni Guðjónsson mætti ekki á fyrstu æfingu ÍA í gær undir stjórn Arnars og Bjarka Gunnlaugssona. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Valur haft hann undir smásjánni í nokkurn tíma. Ótthar Edvardsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Vals, neitaði að tjá sig um málið í gær. Kaupa þyrfti Bjarna frá ÍA en Valur hugnaðist vel á sölunum á Birki Sævarssyni og Pálma Rafni Pálmasyni sem spilar sömu stöðu og Bjarni.

Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri FH, sagðist ekki hafa spurst fyrir um Bjarna en ef hann færi frá ÍA hefði FH áhuga á að skoða það. Jónas Kristinsson, stjórnarformaður KR-Sports, sagði að KR hefði ekki haft samband við ÍA vegna Bjarna. - hþh

| Fram | 3-0 | Fylkir |
|---|---|---|
| Laugardalsvöllur, áhorf.: 512 | | Einar Örn Daníelsson (7) |

*1-0 Joseph Tillen (42.)*
*2-0 Hjálmar Þórarinsson (64.)*
*3-0 Joseph Tillen (76.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–5 (7–2) |
| Varin skot | Hannes 2 – Fjalar 4 |
| Horn | 6–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–10 |
| Rangstöður | 4–1 |

| FRAM 4–4–2 | | FYLKIR 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þ. Halldórss. | 7 | Fjalar Þorgeirsson | 5 |
| Jón Orri Ólafsson | 6 | Valur Fannar Gíslason | 4 |
| Reynir Leósson | 7 | Kristján Valdimarsson | 4 |
| Auðun Helgason | 7 | Ólafur Stígsson | 4 |
| Sam Tillen | 6 | Víðir Leifsson | 5 |
| ***Paul McShane** | **8** | Ian Jeffs | 3 |
| Halldór H. Jónsson | 7 | (69. Halldór Hilmiss. | 4) |
| Heiðar G. Júlíusson | 7 | Hermann Aðalgeirs. | 3 |
| Joseph Tillen | 8 | (80. Haukur I. Guðna. | -) |
| (90 Örn K. Haukss. | -) | Allan Dyring | 4 |
| Ívar Björnsson | 7 | Andrés M. Jóhannss. | 3 |
| (83. Guðm. Magnús. | -) | Kjartan Á. Breiðdal | 4 |
| Hjálmar Þórarinsson | 7 | Kjartan Baldvinsson | 3 |
| (77. Grímur Grímss. | -) | (69. Jóhann Þórhalls. | 4) |

*Maður leiksins

**STAÐAN Í LANDSBANKAD. KARLA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Keflavík** | **12** | **8** | **2** | **2** | **26-16** | **26** |
| 2. FH | 12 | 8 | 1 | 3 | 26-12 | 25 |
| **3. Fjölnir** | **12** | **7** | **0** | **5** | **22-14** | **21** |
| 4. Breiðablik | 12 | 6 | 3 | 3 | 25-17 | 21 |
| **5. Valur** | **12** | **6** | **2** | **4** | **19-15** | **20** |
| 6. Fram | 12 | 6 | 0 | 6 | 13-11 | 18 |
| **7. KR** | **12** | **6** | **0** | **6** | **20-15** | **18** |
| 8. Grindavík | 12 | 5 | 2 | 5 | 17-20 | 17 |
| **9. Þróttur R.** | **11** | **3** | **4** | **4** | **15-20** | **13** |
| 10. Fylkir | 12 | 4 | 0 | 8 | 12-22 | 12 |
| **11. ÍA** | **12** | **1** | **4** | **7** | **9-13** | **7** |
| 12. HK | 12 | 1 | 2 | 8 | 12-28 | 5 |

Þróttur tryggði sér ótrúlegan sigur manni færri í uppbótartíma í gær:

# Dramatíkin tók öll völd í Grafarvoginum

**FÓTBOLTI** Þróttur vann mikilvægan sigur á Fjölni, 3-4, í hádramatískum leik í Grafarvogi í gærkvöld. Þróttur er nú níu stigum frá fallsæti en Fjölnir missti af gullnu tækifæri til að nálgast toppsætið.

Fátt var um fína drætti í fyrri hálfleik og gerðist fátt markvert þar til Dennis Danry kom Þrótti yfir af vítalínunni á 38. mínútu. Ágúst Þór Gylfason jafnaði með síðasta skoti hálfleiksins beint úr aukaspyrnu.

Það tók liðin 32 mínútur að finna netmöskvana í síðari hálfleik, þar var Ásgeir Aron Ásgeirsson á ferðinni fyrir Fjölni. Þá hófst veislan. Þróttur jafnaði á 82. mínútu og Hjörtur Júlíus Hjartarson, varamaður hjá Þrótti, fékk rautt spjald mínútu síðar. Fjölnir komst í 3-2 tveimur mínútum síðar.

Þremur mínútum fyrir leikslok jafnaði Hallur Hallsson metin með marki af löngu færi. Það var svo Sigmundur Kristjánsson sem tryggði Þrótti sigurinn mikilvæga með öðru skoti af löngu færi.

Þróttarar voru baráttuglaðir í leiknum og greinilegt að óánægja Gunnars Oddssonar eftir jafnteflið í Grindavík í síðasta leik hefur kveikt í mönnum.

„Hún var allt sem góðan fótboltaleik þarf að prýða, þessi frammistaða hjá mínum mönnum," sagði Gunnar í leikslok. „Það var ekki hægt að biðja um meira á útivelli á móti Fjölni sem hefur verið á hvínandi siglingu."

„Við hugsum um markmiðin okkar en auðvitað vorum við búnir að spila fjóra leiki í röð án þess að landa sigri og þetta var kærkomið. Góð frammistaða síðast og ekki síst og það verður byggt á þessu," sagði Gunnar í leikslok.

Fjölnir var manni fleiri og marki yfir þegar fimm mínútur voru til leikslok. Þá má segja að kæruleysi hafi tekið völdin. „Hugsanlega verða menn pínu værukærir og það vantar að komast alveg upp á tærnar. Þessi staða sem við erum í er fljót að breytast ef við höldum okkur ekki á tánum. Við komum ekki nógu grimmir til leiks og kannski að hugarfarið spili þar inn í. Ég er ánægður með hvernig við komum inn í síðari hálfleikinn og komum okkur í góða stöðu. Það er því mun erfiðara að tapa þessu," sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, í leikslok. -gmi



**HETJAN** Fyrirliðinn Sigmundur Kristjánsson tryggði Þrótti ótrúlegan sigur á Fjölni í uppbótartíma í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Það má aldrei líta af Scott Ramsay

**Grindvíkingar unnu fyrsta heimasigur sumarsins eftir að hafa staðist mikla pressu KR í gær. Eins og svo oft í sumar óðu KR-ingar í færum en þeir stóðu uppi stigalausir eftir góða frammistöðu.**

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar komu til baka þriðja leikinn í röð og fögnuðu sínum fyrsta heimasigri í sumar þegar þeir unnu KR-inga 2-1 í Landsbankadeild karla í Grindavík í gær. Sóknarmaðurinn Gilles Mbang Ondo frá Gabon spilaði sinn fyrsta leik í sumar og var mjög ógnandi allan tímann en það var þó Scott Ramsay að venju sem gerði útslagið í leiknum þegar hann skoraði sigurmarkið beint úr aukaspyrnu af um 35 metra færi. KR-ingar voru mun meira með boltann, sköpuðu sér fjölda færa en eins og oft áður í sumar var það ekki nóg því Grindavíkurvörnin hélt út.

„Ég var mjög heppinn í markinu því boltinn fór í varnarmann. Við vorum líka heppnir að fá þrjú stig en við erum mjög ánægðir með að fá loksins þrjú stig á heimavelli. Við þiggjum alltaf þrjú stig þótt við höfum ekki leikið sérstaklega vel," sagði hetja Grindvíkinga, Scott Ramsay. Þjálfari hans Milan Stefán Jankovic viðurkenndi líka að sitt lið hafi verið heppið. „Við spiluðum ekki vel í fyrri hálfleik og vorum heppnir að skora sjálfsmarkið. Það gaf okkur meira sjálfstraust í seinni hálfleiknum sem var betri. Scottie kom ekki á óvart í markinu því hann er bara eins og hann er. KR var með sterkt lið og þeir spiluðu vel en við höfðum lukkuna með okkur," sagði Milan Stefán glaður í leikslok.

KR-ingar náðu upp ágætri pressu í upphafi leiks og Grindavíkurliðið lá aftarlega á vellinum og leyfði KR-liðinu að vera með boltann. KR-ingar komust sanngjarnt yfir þegar Gunnar Örn Jónsson skallaði boltann inn af markteig eftir frábært upphlaup og enn betri fyrirgjöf frá bakverðinum Guðmundi Reyni Gunnarssyni. Grindvíkingar voru þó ekki á því að gefast upp. Þeir voru aðeins grimmari eftir þetta mark og skömmu fyrir leikhlé bar það árangur þegar Gunnar Örn varð fyrir því óláni að mishitta fasta fyrirgjöf Andra Steins Birgissonar þannig að hún söng í netinu, óverjandi fyrir Stefán Loga Magnússon í KR-markinu.

Seinni hálfleikurinn var ekki gamall þegar Scott Ramsay kom Grindavíkurliðinu yfir með frábæru marki beint úr aukaspyrnu af um 35 metra færi. Ramsay fékk aukaspyrnuna sjálfur og átti lúmskt skot sem fór af veggnum og í bláhornið. KR-ingar pressuðu mikið eftir markið hans Ramsay en þéttskipuð vörn með þá Marinko Skaricic og Zoran Stamenic í fararbroddi og Zankarlo Simunic öruggan í markinu sá til þess að sóknarmenn KR-inga fundu ekki leið í markið þrátt fyrir margar hættulegar tilraunir.

"Þetta er búið að gerast of oft í sumar og þá sérstaklega í leikjum tvö, þrjú og fjögur. Þegar Grindavík var komið í þá stöðu að vera búnir að jafna og vera tiltölulega sáttir með leikinn þá spiluðu þeir mjög öfluga vörn. Okkur tókst að skapa færi gegn fjölmennri vörn en við skoruðum bara ekki úr þeim. Við mætum þeim strax aftur í bikarnum og þar er stund hefndarinnar vonandi runnin upp," sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR. ooj@frettabladid.is



**GÓÐUR** Scott Ramsay lék KR-inga oft grátt með leikni sinni og hann tryggði Grindvíkingum sigur með marki beint úr aukaspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

| GRINDAVÍK | 2-1 | KR |
|---|---|---|

*0-1 Gunnar Örn Jónsson (31.)*
*1-1 Sjálfsmark (43.)*
*2-1 Scott Ramsay (50)*

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 772
Valgeir Valgeirsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–22 (5–10) |
| Varin skot | Zankarlo 7 – Stefán Logi 3 |
| Horn | 2–12 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–11 |
| Rangstöður | 0–0 |

**Grindavík (4-4-2):** Zankarlo Simunic 7 - Ray Anthony Jónsson 6, Marinko Skaricic 7, Zoran Stamenic 7, Bogi Rafn Einarsson 6 - ***Scott Ramsay 7**, Orri Freyr Hjaltalín 5 (67. Jóhann Helgason 4), Eysteinn Hauksson 6, Jósef Jósefsson 6 (78. Alexander Veigar Þórarinsson -) - Gilles Mbang Ondo 7 (88. Aljosa Gluhovic -), Andri Steinn Birgisson 5.

**KR (4-4-2):** Stefán Logi Magnússon 4 -Skúli Jón Friðgeirsson 5, Grétar Sigurðarson 6, Pétur Marteinsson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 5 - Gunnar Örn Jónsson 6 (69. Guðmundur Pétursson 5), Jónas Guðni Sævarsson 6, Óskar Örn Hauksson 6, Atli Jóhannsson 4 (73. Jordao Diogo -) - Guðjón Baldvinsson 4, Björgólfur Takefusa 5.

Framarar gengu í barndóm eftir að hafa tapað þremur leikjum í röð:

# Fylkir brotlenti í Laugardalnum

**FÓTBOLTI** Framarar endurtóku í gær leikinn frá því í fyrstu umferð deildarinnar þegar þeir unnu Fylkismenn 3-0. Sömu úrslit urðu í Árbænum í byrjun móts. Framarar náðu þar með að rétta úr kútnum eftir að hafa tapað þremur leikjum í röð.

Fylkismenn sýndu frábæra frammistöðu í Kaplakrika í síðustu umferð en það stóð vart steinn yfir steini í leik þeirra í gær. Varnarleikur alls liðsins var mjög dapur og sendingar virkilega ónákvæmar.

Frömurum hefur gengið illa að skapa sér færi upp á síðkastið en í gær var annað uppi á teningnum og var mönnum bersýnlega ansi létt eftir leikinn.

„Við þurftum algjörlega á þessum stigum að halda," sagði Hannes Þór Halldórsson, markvörður Fram, eftir leikinn. „Við vorum að koma úr þremur erfiðum leikjum en við stóðum saman í dag. Við ræddum það fyrir leikinn að byrja að hafa gaman af þessu aftur og vera ekki að hugsa of mikið um töfluna. Það skilaði sér í dag, við bara gengum í barndóm."

Fyrri hálfleikurinn í gær var virkilega bragðdaufur. Meira líf var í gestunum til að byrja með en svo náðu Framarar meiri völdum og skoraði Joseph Tillen rétt fyrir hálfleik eftir stungusendingu frá Paul McShane.

Fram var sterkari aðilinn í seinni hálfleik og Hjálmar Þórarinsson bætti við langþráðu marki eftir frábæra fyrirgjöf Ívars Björnssonar. Hjálmar hafði ekki skorað síðan í fjórðu umferð þangað til hann kom knettinum í netið í gær.

Tillen skoraði síðan sitt annað mark og þriðja mark Fram þegar hann skoraði í autt markið eftir sendingu Heiðars Geirs Júlíussonar. „Það virðist vera komin einhver Fram-grýla í Árbæinn og við höfum tök á þeim," sagði Hannes. „Eftir að við komumst yfir keyrðum við bara yfir þá. Við gáfum fá færi á okkur, ég þurfti lítið að hafa fyrir hlutunum og þannig á það að vera. Við sköpuðum fín færi og vonandi er stíflan brostin." - egm



**ERFITT** Það gengur hvorki né rekur hjá Fylki sem tapaði sínum áttunda leik í sumar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Uppgjör toppliðanna:

# Garðar skoraði og Veigar í stuði

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson lagði upp tvö mörk fyrir Stabæk í 5-1 sigri liðsins á Fredrikstad í norsku úrvalsdeildinni í gær. Hann brenndi auk þess af vítaspyrnu en Garðar Jóhannsson kom Fredrikstad yfir með áttunda marki sínu í deildinni. Stabæk komst þar með upp fyrir Fredrikstad á toppi deildarinnar. - hþh

Ísland á HM U20 liða:

# Jafnt í fyrsta leik

**HANDBOLTI** Íslensku stelpurnar í U20 ára landsliði Íslands gerðu 23-23 jafntefli við Ungverja í fyrsta leik heimsmeistaramótsins í gær. Stella Sigurðardóttir skoraði sjö mörk fyrir Ísland og Karen Knútsdóttir sex. Guðrún Ósk Maríasdóttir varði tólf skot í markinu og var með 46% markvörslu. - hþh

> **Michael Pitt**

„Að sumu leyti á ég auðveldara með að læra af því sem mér mislíkar. Þetta er svipað og þegar maður hefur ekki hugmynd um hvað maður vill en maður veit vel hvað maður vill ekki." Pitt leikur í myndinni „The Dreamers" sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR VILDI GETA DANSAÐ

# *Bærilegur raunveruleikaþáttur*

Fátt er skammarlegra en að viðurkenna að maður hafi gaman af raunveruleikaþáttum, enda eru raunveruleikaþættir sannarlega mesta sorpefni sem sjónvarpsiðnaðurinn hefur fundið upp á og hefur hann þó oft velt sér upp úr niðurlægingu og lágkúru. Að auki eru flestir raunveruleikaþættir svo óskaplega óspennandi og leiðinlegir að það er ekki nokkur leið til þess að binda athygli sína við þá lengur en þrjár mínútur í senn.

Þó eru alltaf til undantekningar frá reglum sem þessum; lýtaaðgerðaþættir eru gjarnan áhugaverðir þar sem saklaus og hversdagslegur heili Íslendingsins getur varla trúað því að fólk leggi annað eins á sig til þess eins að líta á endanum út eins og aukaleikarar úr þeim ágætu þáttum Ráðgátur. Jafnframt er um þessar mundir í sýningu á Stöð 2 raunveruleikaþáttur sem hefur, ótrúlegt en satt, raunverulegt skemmtanagildi: So You Think You Can Dance. Þátturinn virðist byggjast á svipuðum þankagangi og Idol-þættirnir; alls konar apakettir bíða í langri biðröð þess að fá að stíga á svið og heilla dómarana. Þegar búið er að flokka skástu keppendurna frá hinum taka við margar vikur af keppni, keppni og aftur keppni þar til einhver einn stendur uppi sem hæfileikaríkastur allra og þar af leiðandi sigurvegari. Einhvern veginn var þetta þáttasnið ekki alveg nógu heillandi þegar hæfileikinn sem keppt var í var söngur. En annað er upp á teningnum þegar keppt er í dansi; til þess að komast áfram í þessum dansþætti þarf maður að geta tekið ferfalt heljarstökk afturábak og lent skammarlaust á litlaputta vinstri handar, eða breikað með nasavængjunum. Það er skemmst frá því að segja að fólkið sem spriklar uppi á sviði í So You Think You Can Dance býr margt yfir einhverri ótrúlegri snilligáfu, í það minnsta í sumum líkamshlutum sínum. Nú er bara að finna sinn mann í hópi keppenda og standa með honum í gegnum súrt og sætt.



## EKKI MISSA AF



▶ **18.25** Fiskur á disk í Argentínu SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** Design Star - Nýtt SKJÁREINN



▶ **21.35** Traveler STÖÐ 2



▶ **21.45** The Science of Golf STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka** (15:26)
**18.00 Arthúr**
▶**18.25 Fiskur á disk í Argentínu** (Fisk & Sushi i Argentina) (4:6) Fluguveiðimaðurinn Dan Karby og sushi-kokkurinn Sebastian Jørgensen ferðast um Argentínu, veiða fisk og matreiða hann.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Everwood** (5:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
**20.45 Heilabrot** (Hjärnstorm) (1:8) Henrik Fexeus, sérfræðingur í ómeðvitaðri tjáningu, tekur fyrir ýmsa þætti í hugsun og hegðun manna svo sem minni, eftirtekt, ákvarðanataka og líkamstjáning.
**21.15 19. öldin á röngunni** (1800-tallet på vrangen) (1:8) Í þáttunum er fjallað um ýmsa snillinga, afreksmenn og brautryðjendur meðal Dana á 19. öldinni. Einnig, listir, ástir og armæðu á miklu mótunarskeiði í sögu landsins.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Raðmorðinginn 3 - Loforðið** (Messiah) (2:2) Spennumynd í tveimur hlutum um rannsóknarlögreglumanninn Red Metcalfe og starfslið hans.
**23.55 Kastljós** (e)
**00.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Matilda**
**10.00 Not Without My Daughter**
**12.00 Around the Bend**
**14.00 I'm With Lucy**
**16.00 Matilda**
**18.00 Not Without My Daughter**
**20.00 Around the Bend**
**22.00 The Dreamers** Mynd sem gerist mitt í stúdentaóeirðunum í París og segir frá bandarískum pilti og nánum vinskap hans við frönsk systkin. Aðalhlutverk: Evu Green og Michael Pitt.
**00.00 Coach Carter**
**02.15 Straight Into Darkness**
**04.00 The Dreamers**
**06.00 Lost in Translation**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Hvolpurinn Scooby-Doo, Ofurhundurinn Krypto og Kalli kanína og félagar.
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Notes From the Underbelly**
**10.40 Bandið hans Bubba** (5:12)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Neighbours**
**12.55 My Baby's Daddy**
**14.20 Friends**
**14.40 Friends**
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Ginger segir frá**
**16.18 Kringlukast**
**16.38 Shin Chan**
**17.03 Justice League Unlimited**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Ísland í dag**
**19.04 Veður**
**19.15 The Simpsons** (22:22)
**19.40 Friends**
**20.05 The Moment of Truth** (7:25) Spurningaþáttur þar sem þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara persónulegum spurningum um sjálfa sig.
**20.50 Las Vegas** (3:19)
▶**21.35 Traveler** (8:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera hundeltir af alríkislögreglunni og eru hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.
**22.20 Silent Witness** (4:10) Dr. Sam Ryan réttarmeinafræðingur og félagar hennar aðstoða lögregluna við rannsókn á flóknum morðmálum.
**23.10 60 minutes**
**23.55 Medium** (15:16)
**00.40 Big Love** (12:12)
**01.30 ReGenesis** (6:13)
**02.15 La vie aprés l'amour**
**03.55 My Baby's Daddy**
**05.20 The Simpsons** (22:22)
**05.45 Fréttir**

## SPORT besta sætið

**07.00 Landsbankadeildin 2008** Grindavík - KR. Útsending frá leik í Landsbankadeild karla.
**17.40 Landsbankadeildin 2008** Grindavík - KR.
**19.30 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
**20.30 Formula 3** Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum í Thruxton þar sem Íslendingar eiga tvo fulltrúa.
**21.00 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Logi Bergmann Eiðsson fer Umhverfis Ísland á 80 höggum.
▶**21.45 The Science of Golf** Í þessum þætti er fjallað um búnað golfara og hvað er best að hafa til taks í golfpokanum og hvaða kylfur eru lífsnauðsynlegar hverjum kylfingi.
**22.10 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**23.05 Champions of the World - Brazil** Þættir sem varpa einstöku ljósi á knattspyrnuhefðina í Suður Ameríku. Í þessum þætti verða drengirnir frá Brasilíu teknir fyrir en engin þjóð hefur oftar sigrað á HM í knattspyrnu karla.

## SPORT 2

**18.05 Vodacom Challange í Suður Afríku** Orlando Pirates - Man. Utd.
**20.05 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** Leeds - Liverpool, 00/01. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 10 Bestu - Atli Eðvaldsson** Níundi þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
**21.50 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea. Fjórtán voru valdir til þess að taka þátt í þessum vikulegu þáttum þar sem einn dettur út í hverjum þætti. Þegar þrír eru eftir, velja Jose Mourinho og starfsmenn hans sigurvegarann sem fær leikmannasamning hjá Chelsea að launum.
**22.35 Premier League World 2008/09**
**23.05 Vodacom Challange í Suður Afríku** Orlando Pirates - Man. Utd.
**00.45 Bestu leikirnir** Everton - Sunderland

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.35 Vörutorg**
**16.35 Everybody Hates Chris** (e)
**17.00 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.
**19.20 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)
**20.10 Frasier - NÝTT** Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk. Þættirnir voru framleiddir í 11 ár og hlutu alls 37 Emmy-verðlaun, fleiri en nokkur önnur sjónvarpsþáttaröð.
**20.35 Style Her Famous** (5:10) Stjörnustílistinn Jay Manuel kennir konum að klæða sig, mála og greiða eins og stjörnurnar í Hollywood. Núna hjálpar hann 23 ára móður sem langar að líta út eins og Reese Witherspoon.
▶**21.00 Design Star - NÝTT** Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Í fyrsta þættinum sjáum við áheyrnarprufurnar. Að lokum eru ellefu efnilegir hönnuðir valdir úr hópi þúsunda umsækjanda. Gestadómari í þessum þætti er David Bromstad, sigurvegarinn úr fyrstu seríu.
**21.50 The Real Housewives of Orange County** (8:10) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 The Evidence** (e)
**00.20 Dynasty** (e)
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



### Í KVÖLD

**Las Vegas kl. 20.50**

Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 snýr aftur í fimmtu og síðustu þáttaröðinni. Enn fylgjumst við með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæframenn og aðrar veikgeðja sálir. En það er þrautin þyngri að komast framhjá vökulum augum öryggisvarðanna sem þekkja öll brögðin í bókinni. Stóra verkefnið nú er að fylla skarð Stóra-Eds, sem er horfinn á braut. Til skjalanna er kominn A.J. Cooper, sem Tom Selleck leikur, en hann gerði garðinn frægan í þáttum á borð við Magnum P.I. og Friends hér á árum áður.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**10 bestu - Atli Eðvaldsson**

**Stöð 2 sport 2 kl. 21.00**

Ferill Atla Eðvaldssonar verður skoðaður ofan í kjölinn í kvöld og verður tími hans í Þýskalandi krufinn. Atli gerði sér gott orð hjá Bayer Uerdingen og Fortuna Düsseldorf í þýsku Bundesligunni og sýndi þar og sannaði hversu góður knattspyrnumaður hann var. Afburðatækni hans í loftinu var eitt af því sem gerði Atla svo einstakan leikmann. Þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dalakofinn
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Tónlistargrúsk
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Tónlist úr þularstofu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarást
**21.10** Listin og landafræðin
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Pan
**22.45** Dragspilið dunar
**23.30** Saga til næsta bæjar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld**
**17.30 Ally McBeal** (5:23)
**18.15 The Class** (16:19)
**18.35 The War at Home**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (3:13)
▶ **20.30 Ally McBeal** (5:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**21.15 The Class** (16:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.
**21.35 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**22.00 So you Think you Can Dance** (5:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**23.25 Missing** (11:19)
**00.10 It's Always Sunny In Philadelphia** (4:10)
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Gestir: Marta Eiríksdóttir, Vilborg Loftsdóttir formaður Leiðtoga-Auðar, Margrét Kristmannsdóttir formaður Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA).
**21.00 Nútímafólk** Umsjón: Randver Þorláksson. Gestur: Jakob Frímann Magnússon.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** Saras køkken **11.30** Kender du typen **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Krampe-tvillingerne **14.00** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Lille Nørd **16.00** Hjerterum **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.35** Aftentour 2008 **20.00** Kvinden med djævelens mærke **21.35** Mistænkt 4: Inderkredsen **23.15** Seinfeld

## NRK 1

**8.55** Norge rundt jukeboks **9.55** Country jukeboks **10.55** Du skal høre mye jukeboks **11.55** Vitenskap jukeboks **12.55** Norsk på norsk jukeboks **13.50** Pakten **15.20** Sydvendt **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Eddy og bjørnen **16.25** Wassi, gutten fra Etiopia **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Friidrett: DN-galan, Stockholm **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.05** Friidrett: DN-galan, Stockholm **20.05** Norge i dag **20.20** Extra-trekning **20.35** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Rotlaus ungdom **23.00** Clement intervjuer Tom Tancredo **23.30** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Strömsö **10.35** Landgång **11.05** Så länge skutan kan gå **12.40** Oppåt med gröna hissen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Anslagstavlan **15.05** På luffen i Norden **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Lilla blåa draken **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Philofix **16.40** Det femte väderstrecket **16.50** En solig dag **17.00** Friidrott: DN-galan **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Friidrott: DN-galan **20.00** Morden i Midsomer **21.35** Hollywoodredaktionen **22.00** Rapport **22.10** Berlinerpopplarna **23.00** Soul med Kringkastingsorkestret




**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Besti bitinn í bænum er Serrano. Hollur og góður matur og þeir eru með margt á matseðlinum sem ég get borðað og finnst mjög gott. Ferskt hráefni.“*

Bjarni Snæbjörnsson, leikari og leikstjóri.

# Vesturheimsk draumaferð Baggalúts



Skemmtisamsteypan Baggalútur er nú lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna. Svo ber við að upprunaleg ritstjórn vefsíðunnar fer saman í kynningarferð til Vesturheims í byrjun ágúst og munu þá hittast aftur þeir sex sem saman sköpu vefsíðuna árið 2001.

„Við ætlum að heimsækja hið æsispennandi ríki Iowa og skella okkur síðan til Kanada á Íslendingadaginn,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, öðru nafni Enter. Hann segir að Haraldur Hallgrímsson – Kaktus – búi í Iowa ásamt fjölskyldu og þannig standi á þessu frumlega staðarvali. Það að Baggalútur heimsæki Íslendingabyggðir í Gimli passar eins og flís við rass ímyndar vefsíðunnar sem hefur alltaf verið rammíslensk og forn. „Við hlökkum sérstaklega til að sjá Fjallkonuna sem er sérlega glæsileg í ár,“ segir Bragi. „Hún heitir Alma Sigurdson og er á milli 60 og 70 ára. Svo ætlum við að reyna að gista á eyjunni Heclu. Þeir skrifa það með c-i. Málfræðin hefur eitthvað glutrast þarna niður hjá þeim.“

Ýmislegt áhugavert fangar athygli Baggalútsmanna í Iowa. „Þar er hver bær með sitt. Einn er með stærsta jarðarber Bandaríkjanna og annar með stærstu kúna sem er búin til úr smjöri. Við ætlum að reyna að skoða sem mest.“

Fljótlega eftir hina tíu daga kynningarferð má búast við að vefsíðan verði opnuð á ný. „Mann hefur óneitanlega klæjað í puttana í sumar, til dæmis hefði verið gaman að fjalla um ísbjarnarfárið. Við náðum reyndar fyrsta ísbirninum áður en við fórum í frí.“

Útvarpsþáttur samsteypunnar er nú sendur út hvern laugardag kl. 18.26 á Rás 1 og hljómsveitararmurinn er með nýja partíplötu í vinnslu. „Við erum að spila inn Roxy Music-gítara og að leita að tækinu sem gerir dúúú diskóhljóðin,“ segir Bragi.

- glh



**SKOÐA JARÐARBER OG GISTA Á HECLU** Upprunaleg ritstjórn Baggalúts – Spesi, Kaktuz, Enter, Myglar, Dr. Herbert og Númi Fannsker – hlakkar óskaplega til að sjá fjallkonuna Ölmu.



**LÁRÉTT**
**2.** skipalægi, 6. íþróttafélag, 8. tala, 9. eyða, 11. hæð, 12. góð lykt, 14. ná ekki andanum, 16. klaka, 17. dreift, 18. gestrisni, 20. skóli, 21. sóða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fiskur, 3. mannþvaga, 4. lögtak, 5. á nefi, 7. verkfæri, 10. angra, 13. þakbrún, 15. megin, 16. vætla, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. höfn, 6. fh, 8. sjö, 9. sóa, 11. ás, 12. ilmur, 14. kafna, 16. ís, 17. sáð, 18. löð, 20. ma, 21. agða.

**LÓÐRÉTT:** 1. ufsi, 3. ös, 4. fjárnám, 5. nös, 7. hólksög, 10. ama, 13. ufs, 15. aðal, 16. íla, 19. öð.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Arnar Grant
2. Þjóðhagsstofnun
3. 6-1 fyrir Blika






GUÐMUNDUR TÝR ÞÓRARINSSON: VAR VIÐ DAUÐANS DYR

# Mummi fékk hjartaáfall í afmælisveislu sinni

„Þetta var mjög sérstök upplifun. Einhvers konar sambland af því að vera staddur í Babettes Gestebud eða í Fellini-mynd. Þegar upp var staðið reyndist þetta einhver besta veisla sem ég hef upplifað á ævi minni,“ segir Atli Bergmann – vinur Mumma í Götusmiðjunni.

Guðmundur Týr Þórarinsson, sem betur er þekktur sem Mummi í Götusmiðjunni, varð fyrir því að fá hjartáfall í fimmtugsafmælisveislu sinni sem haldin var síðasta laugardagskvöldið. Hann er nú á spítala og er á góðum batavegi en að sögn Atla mátti engu muna. „Við héldum að hann væri að deyja. Læknarnir segja að á mælikvarðanum einn til tíu þá hafi þetta verið hjartáfall upp á níu,“ segir Atli. Veislan var haldin á Silfrinu, Hótel Borg, en Mummi hafði ákveðið að bjóða aðeins nánustu vinum og ættingjum sem taldi um 25 manna hóp. Sem betur fer var þarna fólk sem kunni að bregðast rétt við. Hringt var á sjúkrabíl sem kom sjö mínútum síðar og var farið með Mumma beint á spítalann. Honum var bjargað á elleftu stundu. „Þetta var í upphafi veislu. Mummi var slappur, með brjóstsviða og hafði ekkert borðað en drukkið þeim mun meira af kaffi. Og var eitthvað stressaður. Svo versnaði þetta hratt. Var alveg rosalegt. Svo hneig hann niður. Og var farinn að kenna doða í útlimum,“ segir Atli.

Kærasta Mumma, Sunna Ólafsdóttir flugfreyja, fór með honum á spítalann en veislugestirnir ákváðu að sitja áfram. Ákvörðun sem Atli segir hafa verið þá einu réttu í stöðunni – eins og átti eftir að koma í ljós. Vinir Mumma, innsti hringur, var óvænt samankominn á þessari ögurstundu. Og reyndist þetta veisla sem Atli segir afar sérstaka og muni seint líða sér úr minni. „Mjög skrítin framan af yfir þeim góða mat sem fram var borinn: Forréttinum og aðalréttinum. Við fengum fréttir með reglulegu millibili og svo áður en eftirrétturinn kom bárust þau tíðindi að aðgerðin hefði tekist vel. Og þá urðu allir ofsaglaðir. Mikill feginleiki braust út og því er þetta einhver besta veisla sem ég hef upplifað,“ segir Atli sem hefur heimsótt Mumma vin sinn á spítalann þar sem hann er farinn að braggast og segja brandara og taka upp gjafir.

jakob@frettabladid.is



**MUMMI Í GÖTUSMIÐJUNNI** Fékk hjartaáfall í byrjun fimmtugs-afmælisveislu sinnar og var hætt kominn.



**ATLI BERGMANN** Vinir Mumma sátu milli vonar og ótta í veislunni meðan afmælisbarnið var í aðgerð.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Rottweiler-hundar eru nú á leið til Ósló þar sem þeir ætla að spila fyrir rappglaða Nojara 20. september en áður ætla þeir að ferðast um Skandinavíu og spila vítt og breitt. Í nægu er því að snúast hjá forsöngvara Rottweiler en **Erpur Eyvindarson** bíður nú frumsýningar myndar **Sólveigar Anspach** „Skrapp út“ í ofvæni en þar leikur hann stórt hlutverk.



Fréttablaðið greindi frá því, hér á þessum stað, um helgina að Steini í Kók (sem sumir kalla nú Steina í Tab), eða **Þorsteinn M. Jónsson** hafi fest kaup á ómáluðu verki **Hallgríms Helgasonar** á fjáröflunaruppboði UNICEF fyrir margt löngu. Svo skemmtilega vill til að þeir munu frændur, Steini og Hallgrímur. Hallgrímur er sonarsonur systur Jóns Þórarinssonar sem er pabbi Steina. Systir Jóns var Málfríður Þórarinsdóttir og sonur hennar er Helgi Hallgrímsson, fyrrum vegamálastjóri, svo ættfræðinni sé nú til haga haldið.



Meðan aðdáendur **Ólafs Gunnarssonar** rithöfundar bíða næstu skáldsögu þessa sagnameistara geta þeir stytt sér stundir við að glugga í fyrstu skáldsögu Ólafs, Milljón prósent menn (1978), sem kom nýverið út á ensku. Ólafur á sér aðdáendur víða og til dæmis vitna JPV-menn, útgefendur Ólafs, í Julian Evans hjá BBC sem segir Ólaf einn beittasta og viðkunnanlegasta íslenska rithöfundinn. Og: „Í miðri skáldsögu Laxness er logn, en í hjarta skáldsagna Ólafs er hyldjúpt mannlegt öngþveiti.”

- jbg


FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

STÓR HUMAR, LÚÐA, LAX, TÚNFISKUR

Úrval fiskrétta á grillið

Óbreytt fiskverð frá áramótum!



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00


# Dragkóngur eignast barn

Fyrrverandi Idolstjarnan og Dragkóngur Íslands árið 2007, Ylfa Lind Gylfadóttir, fæddi á dögunum fyrsta barn sitt, soninn Gylfa Val. Drengurinn er skírður í höfuðið á föður Ylfu Lindar og bróður hennar og að eigin sögn gekk fæðingin vel. „Meðgangan gekk áfallalaust fyrir sig og fæðingin sjálf gekk líka mjög vel. Ég gekk tíu daga fram yfir með barnið en fór svo sjálf af stað.“ Ylfa Lind er einhleyp en segist ekki kvíða því að ala barnið upp einstæð móðir þar sem hún eigi góða fjölskyldu til að styðja við bakið á sér. „Ég ákvað að gera þetta ein, það er langbest að sjá bara um þetta sjálfur,“ segir Ylfa Lind, en aðspurð út í faðerni barnsins sagðist hún ekki vilja ræða málið að svo stöddu.



**STOLT MÓÐIR** Ylfa Lind eignaðist sitt fyrsta barn fyrir stuttu og gekk fæðingin vel.

Ylfa Lind segir það vera ótrúleg tilfinningu að vera orðin mamma og að sonurinn sé mjög vær. „Þetta er eitt af því merkilegasta sem maður getur gengið í gegnum. Barnið sefur allan sólarhringinn og vaknar aðeins til þess að fá að drekka, þannig að hann er algjör engill.“ Þegar hún er spurð hvort hún haldi að drengurinn muni feta í fótspor móður sinnar og leggja sönginn fyrir sig segir hún að það gæti vel verið, hann sé duglegur að þenja raddböndin nú þegar.

Ylfa Lind mun krýna arftaka sinn sem Dragkóng Íslands 6. ágúst næstkomandi og segist hún hlakka mikið til þess að vera viðstödd keppnina. „Ég held að ég muni líklega bara skreppa að heiman til þess að krýna næsta Dragkóng og fara svo aftur heim til barnsins. En ég hlakka mjög mikið til þess að sjá keppnina í ár, þetta er alltaf jafn gaman,“ segir hin nýbakaða móðir.

- sm




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



visir.is
"...ég sá það á vísi"




## BAKÞANKAR


Karenar D. Kjartansdóttur


# Síli og laxar

Við árbakka úti á landi er hægt að veiða síli. Fyrir þá sem ekki vita þá eru það afskaplega litlir og ómerkilegir fiskar sem skipta þó sköpum í lífríkinu. Fækki þeim fækkar stærri fiskum og fuglum sem á þeim nærast. Systur mínar stunduðu eitt sinn hornsílaveiðar af kappi við ána. Það var þó úr vöndu að ráða þegar kom að því að nýta aflann og eitthvað fór það í taugarnar á móður minni að finna krukkur og fötur um húsið fullar af úldnu vatni og rotnuðum smáfiskum.

**MÓÐIR** mín var því manna fegnust þegar lítilli tjörn var komið fyrir nálægt kirkju við bæjarmörk næsta þorps. Hún bað systurnar vinsamlegast að hefja sílasleppingar þar. Það myndi eflaust veita börnunum í þorpinu gleði að fylgjast með leik hornsíla í tjörninni auk þess sem búseta þeirra þar gæti ef til vill laðað að sér endur sem síðar myndu eignast unga. Systurnar sáu þetta dásamlega samlífi fiska og fugla í tjörninni í hillingum, sannfærðar um að hornsílin myndu færa þorpsbúum ánægju um ókomna framtíð.

**HORNSÍLIN** stórvöxnu döfnuðu með eindæmum vel í tjörninni í þorpinu. Svo vel að næsta sumar tóku glöggir menn að furða sig á því að þar var farinn að svamla um ungur lax. Fróðir menn voru fengnir til að skoða aflann sem þorpsbörnin höfðu dregið þar á land. Undur náttúrunnar vöktu mönnum enn og aftur lotningu í brjósti. Fljótlega var komist að þeirri niðurstöðu að tilvist litlu stórlaxanna væri að öllum líkindum blanda af himneskum og jarðneskum atburðum. Einhver fuglinn hefði ugglaust misst fisk ítrekað ofan í vatnið á leið sinni um svæðið. Eitthvað sagði systrunum að þær kynnu að eiga einhvern þátt í náttúruundrinu ásamt laxasleppingum sem þar eru stundaðar svo ríkir menn geti síðar veitt þar stórlaxa en um það ákváðu þær að þegja.

**KOMA** fróðu mannanna að tjörninni til að kanna afla barnanna varð svo til þess að einhver þeirra hugsaði með sér að þarna gæti nú hugsanlega skapast hætta á drukknun. Var því komið upp stóreflis girðingu umhverfis tjörnina sem gerði börnunum ókleift að komast að henni og öndunum sem á hana var plantað ómögulegt að komast burtu. Næsta sumar voru þar engin börn, engar endur og enginn lax og hefur verið þannig síðan. Samt er ekki annað hægt en að glotta við tilhugsunina um að eitt sumar hafi bæjarbúum verið gefinn kostur á að veiða lax sem annars hefur nánast aðeins verið á færi ríkra útlendinga að handsama á svæðinu. Þó ætti fólk að varast að rugla saman laxi og sílum þótt tjörnin sem þau svamla í sé smá.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 22. júlí, 205. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.04 | 13.34 | 23.02 |
| Akureyri | 3.25 | 13.19 | 23.10 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


